

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/83/EB

2006/EES/58/39

frá 5. nóvember 2002

um líftryggingar (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr. og 55. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar nokkrum sinnum á fyrstu tilskipun ráðsins 79/267/EBE frá 5. mars 1979 um samræmingu á lögum og stjórn-sýslufyrirmælum um stofnun og rekstur líftrygginga-starfsemi í frumtryggingu <sup>(4)</sup>, annarri tilskipun ráðsins 90/619/EBE frá 8. nóvember 1990 um samræmingu á lögum og stjórn-sýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar á sviði líftrygginga, með ákvæðum um að greitt sé fyrir því að réttur til að veita þjónustu sé nýttur og um breytingu á tilskipun 79/267/EBE <sup>(5)</sup> og tilskipun ráðsins 92/96/EBE frá 10. nóvember 1992 um samræmingu á lögum og stjórn-sýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar á sviði líftrygginga og um breytingu á tilskipunum 79/267/EBE og 90/619/EBE (þriðja tilskipun um líftryggingar) <sup>(6)</sup>. Þar eð gera á frekari breytingar er rétt að tilskipanirnar verði endursamdar til glöggvunar.
- 2) Til að auðvelda stofnun og rekstur líftrygginga-starfsemi er nauðsynlegt að eyða ákveðnu misræmi sem nú er milli löggjafar um eftirlit í einstökum

rikjum. Til að ná þessu markmiði, og sjá samtímis fyrir fullnægjandi vernd til handa váttryggingartökum og rétthöfum í öllum aðildarríkjunum, er rétt að samræma ákvæði um fjárhagslegar tryggingar sem krafist er af líftryggingafélögum.

- 3) Nauðsynlegt er að koma að fullu á hinum innri markaði í frumtryggingum á sviði líftrygginga, bæði á grundvelli staðfesturéttar og frelsis til að veita þjónustu í aðildarríkjunum, til að auðvelda líftryggingafélögum með aðalskrifstofu sína innan Bandalagsins að stofna til skuldbindinga innan þess og til að veita váttryggingatökum færi á viðskiptum, ekki aðeins við líftryggingafélög með staðfestu í þeirra landi heldur einnig við líftryggingafélög sem hafa aðalskrifstofu sína í Bandalaginu og hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum.
- 4) Samkvæmt sáttmálanum er öll mismunun að því er varðar rétt til að veita þjónustu, er byggist á því að félag hafi ekki staðfestu í aðildarríkinu þar sem þjónustan er veitt, bönnuð. Bann þetta á við um alla þjónustu sem starfsstöðvar innan Bandalagsins veita, hvort sem um er að ræða aðalskrifstofu félags, umboð eða útibú.
- 5) Þessi tilskipun er því mikilvægt skref í þá átt að sameina innlenda markaði í einn, samþættan markað, sem rétt er að bæta við með öðrum Bandalagsgeringum, með það í huga að gera öllum váttryggingatökum kleift að leita til allra líftryggingafélaga með aðalskrifstofu í Bandalaginu, sem stunda þar starfsemi samkvæmt staðfesturétti eða rétti til að veita þjónustu, jafnframt því sem þeim er tryggð viðeigandi vernd.
- 6) Þessi tilskipun er hluti af heildarlöggjöf Bandalagsins á sviði líftrygginga sem einnig tekur til tilskipunar ráðsins 91/674/EBE frá 19. desember 1991 um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga <sup>(7)</sup>.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2004 frá 26. apríl 2004 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 43, 26.8.2004, bls. 156.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 365 E, 19.12.2000, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 123, 25.4.2001, bls. 24.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 15. mars 2001 (Stjtið. EB C 343, 5.12.2001, bls. 202), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. maí 2002 (Stjtið. EB C 170 E, 16.7.2002, bls. 45) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 25. september 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 63, 13.3.1979, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/12/EB (Stjtið. EB L 77, 20.3.2002, bls. 11).

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 330, 29.11.1990, bls. 50. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 92/96/EBE (Stjtið. EB L 360, 9.12.1992, bls. 1).

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 360, 9.12.1992, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB (Stjtið. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7.

- 7) Aðferðin sem valin var felst í því að koma á nauðsynlegri grundvallarsamræmingu sem nægir til að koma á gagnkvæmri viðurkenningu á starfsleyfum og varfærnisefirlitskerfum og gerir þannig kleift að gefa út eitt starfsleyfi sem gildir alls staðar í Bandalaginu og beita meginreglunni um eftirlit heimaaðildarríkis.
- 8) Því þarf framvegis eitt opinbert starfsleyfi, sem gefið er út af lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu þar sem líftryggingafélag hefur aðalskrifstofu, til að hefja og stunda líftryggingastarfsemi. Slikt starfsleyfi gerir félaginu kleift að stunda starfsemi alls staðar í Bandalaginu samkvæmt staðfesturétti eða frelsi til að veita þjónustu. Aðildarríki útibúsins eða aðildarríkið þar sem þjónustan er veitt getur ekki krafist þess að líftryggingafélög, sem óska eftir því að stunda þar líftryggingastarfsemi og sem hafa þegar fengið starfsleyfi í heimaaðildarríkinu, sækji um nýtt starfsleyfi.
- 9) Lögbær yfirvöld skulu ekki veita líftryggingafélagi starfsleyfi, eða viðhalda starfsleyfi þess, ef nán tengsl milli félagsins og annarra einstaklinga eða lögpersóna geta hindrað yfirvöldin í að sinna eftirlitshlutverki sínu sem skyldi. Líftryggingafélögum sem hafa þegar hlotið starfsleyfi ber einnig að fullnægja skilyrðum lögbærra yfirvalda að þessu leyti.
- 10) Í skilgreiningunni á hugtakinu „nán tengsl“ í þessari tilskipun er kveðið á um lágmarksviðmiðanir og ekkert er því til fyrirstöðu að aðildarríkin geti notað hana við aðrar aðstæður en þær sem gert er ráð fyrir í skilgreiningunni.
- 11) Það eitt að hafa eignast verulegan hluta af fjármagni fyrirtækis leiðir ekki til hlutdeildar í merkingunni „nán tengsl“ ef einungis hefur verið stofnað til eignarhlutdeildarinnar sem tímabundinnar fjárfestingar sem nægir ekki til að hafa áhrif á uppbyggingu eða fjármálastefnu félagsins.
- 12) Í meginreglunum um gagnkvæma viðurkenningu og eftirlit heimaaðildarríkis er gengið út frá því að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna veiti ekki eða afturkalli starfsleyfi þegar til að mynda efni rekstrar-áætlana eða landfræðileg staðsetning starfsemi, sem fer fram þá stundina, bendir ótvírætt til þess að líftryggingafélag hafi valið réttarkerfi tiltekins aðildarríkis til að komast hjá strangari ákvæðum sem gilda í aðildarríkinu þar sem það rekur nú þegar eða hefur í hyggju að reka stærstan hluta starfsemi sinnar. Líftryggingafélagi ber að hafa starfsleyfi í aðildarríkinu þar sem það er með skráða skrifstofu. Að auki ber aðildarríkjunum að krefjast þess að aðalskrifstofa líftryggingafélags sé alltaf í heimaaðildarríkinu og starfi þar í raun og veru.
- 13) Af hagkvæmnisástæðum er æskilegt að skilgreint sé hvað felst í því að veita þjónustu og að bæði sé þar tekið mið af því hvar líftryggingarfélag hefur starfsstöð sína og hvar gengist er undir skuldbindinguna. Því ber einnig að skilgreina skuldbindinguna. Einnig er æskilegt að gera greinarmun á starfsemi sem stunduð er í krafti staðfesturéttar og starfsemi sem stunduð er í krafti frelsis til að veita þjónustu.
- 14) Nauðsynlegt er að flokka áhættu í mismunandi greinaflokka líftrygginga til að ákvarða sér í lagi þá starfsemi sem fella ber undir lögboðið starfsleyfi.
- 15) Undanskilja ber gildissviði tilskipunar þessarar tiltekin gagnkvæm félög sem samkvæmt réttarstöðu sinni fullnægja kröfum um öryggi og aðrar sérstakar fjárhagslegar tryggingar. Sömu leiðis ber að undanskilja tilteknar stofnanir eða samtök sem starfa eingöngu á mjög takmörkuðu sviði sem afmarkað er í samþykktum þeirra.
- 16) Líftryggingar eru háðar opinberu starfsleyfi og eftirliti í hverju aðildarríki. Skilgreina ber skilyrði varðandi veitingu eða afturköllun starfsleyfis. Kveða ber á um rétt til að áfryja til dómstóla hafi umsókn um starfsleyfi verið synjað eða það afturkallað.
- 17) Æskilegt er að skýra valdsvið og eftirlitshéimildir lögbærra yfirvalda. Einnig er æskilegt að sett séu sértæk ákvæði um stofnun, rekstur og eftirlit með starfsemi í krafti frelsis til að veita þjónustu.
- 18) Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu bera ábyrgð á eftirliti með fjárhagslegum styrkleika líftryggingafélaga, m.a. gjaldþolsstöðu þeirra, að þau reikni fullnægjandi líftryggingaskuld og að þessi skuld sé tryggð með jöfnun eigna.
- 19) Rétt er að gera ráð fyrir þeim möguleika að skipst sé á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda og yfirvalda eða stofnana sem í krafti stöðu sinnar stuðla að því að auka stöðugleika fjármálakerfisins. Til að tryggja þá leynd sem hvílir yfir þeim upplýsingum sem sendar eru áfram verður að gæta þess að fjöldi viðtakenda sé mjög takmarkaður.
- 20) Tiltekið athæfi, s.s. svik eða innherjaviðskipti, getur haft áhrif á stöðugleika fjármálakerfisins og það hversu heilsteypt það er, jafnvel þegar það snertir önnur félög en líftryggingafélög.
- 21) Nauðsynlegt er að tilgreina við hvaða skilyrði fyrrnefnd upplýsingaskipti eru heimiluð.

- 22) Þegar kveðið er á um að einungis megi afhenda upplýsingar með skýlausu samþykki lögbærra yfirvalda geta þau, þegar svo ber undir, sett það skilyrði fyrir samþykki sínu að farið sé að ströngum skilyrðum.
- 23) Aðildarríkjunum er heimilt að gera samninga um upplýsingaskipti við þriðju lönd að því tilskildu að tryggt sé að um upplýsingarnar gildi þagnarskylda.
- 24) Með það í huga að auka varfærnisefirlit með líftryggingafélögum og vernda viðskiptavinum slíkra félaga skal mælt fyrir um að löggiltum endurskoðanda beri skylda til að upplýsa lögbær yfirvöld jafnharðan, eins og kveðið er á um í þessari tilskipun, komist hann við störf sín á snöðir um tiltekin málsatvik sem geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir fjárhagsstöðu eða fyrirkomulag stjórnsýslu og reikningshalds líftryggingafélags.
- 25) Með hliðsjón af settu markmiði er æskilegt að aðildarríkin kveði á um að sama skylda gildi í öllum tilvikum þegar endurskoðandi kemst á snöðir um slík málsatvik við störf sín í félagi sem hefur nán tengsl við líftryggingafélag.
- 26) Skylda endurskoðanda til að upplýsa lögbær yfirvöld við vissar aðstæður um tiltekin málsatvik og ákvarðanir, sem varða líftryggingafélag og þeir hafa komist á snöðir um við störf sín í félögum sem eru ekki líftryggingafélög, breytir í sjálfu sér ekki eðli starfa þeirra í viðkomandi félagi né heldur með hvaða hætti þeir inna störf sín af hendi í félaginu.
- 27) Það hvernig rekstur lífeyrissjóða er inntur af hendi má ekki undir neinum kringumstæðum hafa áhrif á valdsvið viðkomandi yfirvalda gagnvart aðilunum sem eiga þær eignir sem reksturinn snýst um.
- 28) Í tilteknum ákvæðum í þessari tilskipun eru settar lágmarksviðmiðanir. Heimaaðildarríki er heimilt að setja strangari reglur um líftryggingafélög sem hafa fengið starfsleyfi frá lögbærum yfirvöldum þess.
- 29) Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu hafa nauðsynlegar heimildir til að annast nauðsynlegt eftirlit til að tryggja að líftryggingafélög stundi starfsemi sína samkvæmt reglum alls staðar í Bandalaginu, hvort sem hún er rekin samkvæmt staðfesturétti eða frelsi til að veita þjónustu. Einkum
- verða þau að geta gert viðeigandi verndarráðstafanir eða sett refsiakvæði sem miða að því að koma í veg fyrir að ákvæði varðandi líftryggingaefirlit séu brotin eða að ekki sé farið eftir þeim.
- 30) Í ákvæðum um yfirfærslu váttryggingastofns skulu vera ákvæði sem varða sérstaklega yfirfærslu á safni váttryggingasamninga, sem gerðir eru á grundvelli frelsis til að veita þjónustu, til annars félags.
- 31) Ákvæði um yfirfærslu váttryggingarstofns verða að vera í samræmi við það fyrirkomulag sem gerir ráð fyrir einu starfsleyfi og kveðið er á um í þessari tilskipun
- 32) Óheimilt er að veita félögum, sem eru stofnuð eftir þær dagsetningar sem um getur í 3. mgr. 18. gr., leyfi til að stunda samtímis starfsemi á sviði líftrygginga og skaðatrygginga. Aðildarríkjunum skal þó heimilt að leyfa félögum, sem stunduðu á þeim dögum sem um getur í 3. mgr. 18. gr. slíkan rekstur samtímis, að halda því áfram, enda sé reksturinn aðgreindur, til þess að standa megi vörð um hagsmuni líftryggingataka og skaðatryggingataka og til að önnur hvor tegund starfseminnar beri ekki þær fjárhagslegu skuldbindingar sem hin tegundin verður að lágmarki að bera. Aðildarríki skulu eiga kost á því að krefjast þess af félögum, sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði þeirra og reka samtímis starfsemi á sviði líftrygginga og skaðatrygginga, að þau hætta slíku. Enn fremur ber að hafa sérstakt eftirlit með sérhæfðum félögum ef skaðatryggingafélag er hluti sömu fjármálasamstæðu og líftryggingafélag.
- 33) Ekkert í tilskipun þessari kemur í veg fyrir að félag, sem stundar starfsemi bæði á sviði líftrygginga og skaðatrygginga, skipti starfsemi sinni í tvö félög þar sem annað stundar líftryggingastarfsemi en hitt skaðatryggingastarfsemi. Til að greiða fyrir því að slík skipting geti farið fram við eins góðar aðstæður og framast er unnt er æskilegt að heimila einstökum aðildarríkjunum að kveða á um viðeigandi skattatilhögun í samræmi við samkeppnisreglur Bandalagsins, m.a. með tilliti til söluhagnaðar af eignum sem kann að skapast við slíka skiptingu.
- 34) Þau aðildarríki sem þess óska skulu geta veitt sama félagi starfsleyfi vegna þeirra greinaflokka líftrygginga sem um getur í I. viðauka og váttryggingastarfsemi sem fellur undir greinaflokka 1 og 2 í viðaukanum við tilskipun 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og stunda starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga <sup>(1)</sup>. Þessi möguleiki getur þó verið háður sérstökum skilyrðum að því er varðar bókhaldsreglur og reglur um slit félaga.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/13/EB (Stjtið. EB L 77, 20.3.2002, bls. 17).

- 35) Með hliðsjón af vernd líftryggðra skulu líftryggingafélögin reikna fullnægjandi líftryggingaskuld. Útreikningur slíkrar skuldar byggist að stærstum hluta á tryggingafræðilegum grundvallarreglum. Þessar grundvallarreglur ber að samræma til að auðvelda gagnkvæma viðurkenningu á gildandi varfærnisreglum í mismunandi aðildarríkjum.
- 36) Út frá varfærmissjónarmiði er æskilegt að fastsetja lágmarkssamræmi milli reglna sem takmarka vaxtaþröskuntuna sem er notuð við útreikninga á líftryggingaskuld þar sem gildandi aðferðir eru allar jafnréttar, jafnvarfærnar og jafngildar virðist að því er slíka takmörkun varðar rétt að leyfa aðildarríkjum að velja aðferðina.
- 37) Samræma ber gildandi reglur um útreikning líftryggingaskuldar og reglur um dreifingu, staðsetningu og jöfnun eigna til að mæta líftryggingaskuld til að auðvelda gagnkvæma viðurkenningu á reglum aðildarríkjanna. Þessi samræming verður að taka mið af auknu frelsi í fjármagnsflutningum sem kveðið er á um í 56. gr. sáttmálans og þeim framförum sem hafa orðið innan Bandalagsins í átt til einingar í efnahags- og peningamálum.
- 38) Þó geta heimaaðildarríkin ekki krafist þess að líftryggingafélög fjárfesti eignir til jöfnunar líftryggingaskuld þeirra í tilteknum eignaflokkum þar sem slíkar kröfur væru ósamrýmanlegar auknu frelsi í fjármagnsflutningum sem kveðið er á um í 56. gr. sáttmálans.
- 39) Nauðsynlegt er að auk líftryggingaskuldar, þ.m.t. líftryggingasjóðir, til að standa við vátryggingarskuldbindingar sínar hafi líftryggingafélög yfir að ráða viðbótarvarasjóðum er í heild nefnast gjaldþol og myndað er úr kvaðalausum eignum og, með samþykki lögbærs yfirvalds, öðrum óbeinum eignum, þannig að þau séu varin gegn neikvæðum sveiflum í starfseminni. Þessi krafa er mikilvægur þáttur í varfærnisfirliti til verndar tryggðum og vátryggingatökum. Í þeim tilgangi að tryggja að skilyrði þar að lútandi séu reist á hlutlægum viðmiðunum, sem veiti jafnstórum félögum sömu samkeppnismöguleika, er æskilegt að sjá til þess að gjaldþolið standi í tilteknu hlutfalli við skuldbindingar félags og miði við eðli og stærð áhættunnar sem felst í margvíslegum tegundum starfsemi er falla undir gildissvið tilskipunar þessarar. Rétt er því að gjaldþol sé breytilegt eftir því hvort um er að ræða áhættu vegna fjárfestingar, andláts eða einungis rekstraráhættu. Því skal gjaldþolið ákvarðað m.t.t. líftryggingasjóða og fjárhæðar áhættu sem félag tekur að sér, móttekinna iðgjalda eða framlaga, líftryggingasjóða eingöngu eða eigna í erfðalíf- rentusjóði.
- 40) Í tilskipun 92/96/EBE var sett fram til bráðabirgða skilgreining á hugtakinu skipulegur markaður meðan beðið var eftir samþykki á tilskipun um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfavíðskipta sem myndi samræma hugtakið á vettvangi Bandalagsins. Í tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfavíðskipta<sup>(1)</sup> er sett fram skilgreining á hugtakinu skipulegur markaður sem tekur þó ekki til líftryggingastarfsemi. Rétt er að hugtakið skipulegur markaður gildi einnig um líftryggingastarfsemi.
- 41) Skráin yfir þá liði, sem heimilt er að standi að baki gjaldþoli því sem krafist er í þessari tilskipun, tekur mið af nýjum fjármálagerningum og fyrirgreiðslum sem aðrar fjármálastofnanir geta reiknað sem eigið fé. Í ljósi markaðsþróunar með hliðsjón af eðli endurtrygginga, sem frumtryggjendur kaupa, er þörf á því að lögbær yfirvöld hafi heimild til að draga úr lækkan gjaldþolskröfu við ákveðnar aðstæður. Til að bæta gjaldþolið skal möguleikinn á að reikna framtíðarhagnað inn í handbært gjaldþol takmarkaður og háður skilyrðum og skal með öllu aflagður eftir 2009.
- 42) Nauðsynlegt er að gera kröfur um að ábyrgðarsjóður sé nægilega stór og þannig samsettur að hann tryggji að félög hafi yfir að ráða nægilegu fé þegar þau eru stofnuð og jafnframt að gjaldþol fari í engum tilvikum niður fyrir tiltekið öryggislagmark meðan á starfsemi stendur. Ábyrgðarsjóður þessi eða tiltekinn hluti hans skal samanstanda af sérstaklega tilgreindum eignaliðum.
- 43) Í því skyni að koma í veg fyrir skyndilegar og meiri háttar hækkanir á lágmarki ábyrgðarsjóðsins í framtíðinni skal koma á fót kerfi sem sér til þess að hækkanir séu í samræmi við evrópska vísitölu neysluverðs. Í þessari tilskipun skal mælt fyrir um lágmarksviðmiðanir að því er varðar gjaldþolskröfu og heimaaðildarríkjum skal heimilt að mæla fyrir um strangari reglur fyrir vátryggingafélög sem lögbær yfirvöld þeirra hafa veitt starfsleyfi.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB.

- 44) Munur er á gildandi ákvæðum aðildarríkjanna að því er varðar lög um samninga sem taka til starfsemi samkvæmt þessari tilskipun. Samræming á lögum um líftryggingasamninga er ekki nauðsynleg forsenda fyrir því að koma á innri markaði fyrir líftryggingar. Líklegt má telja að sá möguleiki, sem aðildarríkin hafa til að beita lögum sínum gagnvart líftryggingasamningum sem taka til skuldbindinga innan yfirráðasvæða þeirra, veiti váttryggingatökum fullnægjandi vernd. Í vissum tilvikum má heimila að löggjöf annars ríkis en aðildarríkis skuldbindingarinnar sé valin og látin gilda um samninginn í samræmi við reglur sem taka tillit til sérstakra aðstæðna.
- 45) Veita ber váttryggingartaka tækifæri til að segja líftryggingasamningi upp með 14 til 30 daga fyrirvara.
- 46) Innan ramma hins innri markaðar er það í hag váttryggingartaka að hann hafi aðgang að sem mestu úrvali líftrygginga innan Bandalagsins þannig að hann geti valið þá tryggingu sem honum hentar best. Aðildarríkið, þar sem gengist er undir skuldbindinguna, skal tryggja að ekkert komi í veg fyrir að allar líftryggingar, sem eru í boði innan Bandalagsins, séu markaðssettar innan yfirráðasvæðis þess, enda brjóti þær ekki í bága við lagaákvæði sem þar eru sett í þágu almennra hagsmuna og svo fremi þeirra sé ekki gætt með réttarákvæðum heimaaðildarríkisins, að því tilskildu að slíkum ákvæðum sé beitt án mismununar gagnvart öllum félögum sem starfrækt eru í aðildarríkinu og þau séu raunverulega nauðsynleg og í samræmi við sett markmið.
- 47) Aðildarríkin verða að geta tryggt að líftryggingar og samningsskjöl, sem eru notuð, samkvæmt staðfesturétti eða frelsi til að veita þjónustu, til að mæta skuldbindingum innan yfirráðasvæða þeirra, séu í samræmi við þau gildandi sértæk lagaákvæði sem sett eru í þágu almennra hagsmuna. Eftirlitskerfin sem verða notuð skulu fullnægja kröfum hins innri markaðar en notkun þeirra er ekki skilyrði fyrir rekstri líftryggingastarfsemi. Með þetta í huga virðist ekki réttlætanlegt að koma á kerfum svo unnt sé að viðurkenna líftryggingaskilmála fyrir fram. Því er nauðsynlegt að kveða á um annars konar kerfi sem henta betur kröfum hins innri markaðar og gera hverju aðildarríki kleift að tryggja váttryggingatökum fullnægjandi vernd.
- 48) Nauðsynlegt er að kveða á um samstarf milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna og þessara aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar.
- 49) Kveða ber á um viðurlög sem beitt yrði ef líftryggingafélagið hlítir ekki þeim ákvæðum sem sett eru í þágu almennra hagsmuna í aðildarríkinu þar sem gengist er undir skuldbindinguna.
- 50) Nauðsynlegt er að kveða á um ráðstafanir í þeim tilvikum að fjárhagsstaða félags verði slík að því reynist erfitt að standa við váttryggingarskuldbindingar sínar. Við sérstakar aðstæður, þar sem réttindum váttryggingartaka er ógnað, er nauðsynlegt að lögbær yfirvöld hafi vald til íhlutunar nægilega snemma en ef til slíkrar íhlutunar kemur skulu lögbær yfirvöld, í samræmi við meginreglur um góða stjórnsýsluhætti og tilhlýðilega málsmeðferð, gera viðkomandi váttryggingafélögum grein fyrir þeim ástæðum sem liggja að baki slíkum eftirlitsaðgerðum. Svo framarlega sem slíkar aðstæður eru til staðar skal komið í veg fyrir að lögbær yfirvöld votti fullnægjandi gjaldþol váttryggingafélags.
- 51) Í því skyni að hrinda í framkvæmd tryggingafræðilegum grundvallarreglum í samræmi við þessa tilskipun getur heimaaðildarríkið þó krafist þess að því sé tilkynnt reglulega um hvaða tæknilegi grundvöllur sé notaður við útreikning á iðgjaldatöxtum og líftryggingaskuld, en í slíkri tilkynningu um tæknilegan grundvöll er ekki tilkynnt um almenna og sérstaka tryggingaskilmála og gjaldskrá vegna viðskipta.
- 52) Neytandinn mun hafa meira og fjölbreyttara val um samninga en áður. Ef hann á að geta hagnýtt sér að fullu þennan fjölbreytileika og aukna samkeppni verður hann að hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum til þess að hann geti valið sér samning sem honum hentar best. Þessi upplýsingakrafa er þeim mun mikilvægari vegna þess að gildistími skuldbindinganna kann að vera mjög langur. Því verður að samræma ákvæði um lágmarkskröfur til þess að neytandinn fái skýrar og nákvæmar upplýsingar um megineinkenni trygginganna sem honum standa til boða og upplýsingar um stofnanir þær sem váttryggingartakar, hinir tryggðu eða rétthafar samkvæmt samningum geta lagt fram kvartanir hjá.
- 53) Til þess að geta stundað líftryggingastarfsemi með góðu móti í Bandalaginu er nauðsynlegt að gera líftryggingafélögum kleift að auglýsa tryggingarnar sem þau bjóða upp á. Nauðsynlegt er að líftryggingafélög geti nýtt sér allar venjulegar auglýsingaleiðir í aðildarríki útíbúsins eða þar sem þjónustan er veitt. Þó geta aðildarríkin krafist þess að farið sé að innlendum reglum að því er varðar form og efni auglýsinganna, hvort sem mælt er fyrir um slíkt í auglýsingalöggjöf Bandalagsins eða það samþykkt í aðildarríkjunum í þágu almennra hagsmuna.

- 54) Innan ramma innri markaðarins er engu aðildarríki heimilt að halda áfram að leggja bann við því að líftryggingastarfsemi sé stunduð samhliða innan yfirráðsvæðis þess í krafti staðfesturéttar og frelsis til að veita þjónustu.
- 55) Sum aðildarríki leggja enga óbeina skatta á líftryggingaviðskipti en flest þeirra leggja á sérstaka skatta og önnur gjöld. Skattar þessir og gjöld eru verulega mismunandi bæði að samsetningu og hlutfalli í þeim aðildarríkjum þar sem þau eru lögð á. Æskilegt er að koma í veg fyrir að þessi munur leiði til röskunar á samkeppni í líftryggingastarfsemi milli aðildarríkjanna. Þar til frekari samhæfing hefur farið fram má búast við að með beitingu skatta og annarra gjalda þess aðildarríkis þar sem gengist er undir skuldbindinguna megi leysa þann vanda og kemur það í hlut aðildarríkjanna að koma á tilhögun sem tryggir að skattar þessi og gjöld séu innheimt.
- 56) Mikilvægt er að koma á samræmingu innan Bandalagsins að því er varðar slit á líftryggingafélögum. Því er mikilvægt að kveða á um að verndarkerfi hvers aðildarríkis tryggi að allir líftryggingakröfuhafar séu meðhöndlaðir á sama hátt, komi til slita, óháð þjóðerni þeirra og því á hvaða hátt gengist var undir skuldbindinguna.
- 57) Rétt er að samræmdar reglur um að reka frumtryggingastarfsemi innan Bandalagsins gildi í grundvallaratriðum um öll félög sem starfandi eru á þeim markaði og þar af leiðandi einnig um öll umboð og útibú félaga sem hafa aðalskrifstofu sína utan Bandalagsins. Hvað varðar tilhögun eftirlits er mælt fyrir um sérstök ákvæði í þessari tilskipun um slík umboð eða útibú í ljósi þess að eignir félaganna, sem þau tilheyra, eru utan Bandalagsins.
- 58) Æskilegt er að kveða á um gagnkvæma samninga við eitt eða fleiri þriðju lönd til þess að heimila tilslakanir varðandi slíkar sérreglur en fylgt skal þeirri grundvallarreglu að slík umboð og útibú njóti ekki forrættinda umfram félög innan Bandalagsins.
- 59) Því er þörf á sveigjanlegri málsmeðferð svo að unnt sé að meta hvort gagnkvæmni sé fyrir hendi á vettvangi Bandalagsins gagnvart þriðju löndum. Markmið þessarar málsmeðferðar er ekki að loka fjármálamörkuðum Bandalagsins heldur fremur að auka frelsi á alþjóðlegum fjármálamörkuðum í þriðju löndum vegna þess að Bandalagið hefur í hyggju að halda fjármálamörkuðum sínum opnum fyrir umheiminum. Í því skyni er í þessari tilskipun kveðið á um málsmeðferð vegna samninga við þriðju lönd.
- Ef ekki er annarra kosta völ skal, með því að beita stjórnslumálsmeðferð skv. 5. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB <sup>(1)</sup>, kveðið á um möguleikann á að grípa til aðgerða sem hafa í för með sér að hætt verði að taka við nýjum starfsleyfisumöknum eða að veiting nýrra starfsleyfa verði takmörkuð.
- 60) Í þessari tilskipun skulu sett ákvæði um sönnun fyrir óflekkuðu mannorði og að ekki hafi áður komið til gjaldþrotaskipta.
- 61) Til að skýra þann lagaramma sem gildir um líftryggingastarfsemi sem heyrir undir þessa tilskipun ber að aðlaga sum ákvæði tilskipana 79/267/EBE, 90/619/EBE og 92/96/EBE. Í því skyni skal breyta sumum ákvæðum um ákvörðun á gjaldþoli og réttindi sem útibú líftryggingafélaga, sem stofnuð eru fyrir 1. júlí 1994, hafa áunnið sér. Einnig skal skilgreina innihald rekstraráætlana fyrir útibú félaga í þriðju löndum sem til stendur að stofna í Bandalaginu.
- 62) Af og til kann að vera nauðsynlegt að gera tæknilegar breytingar á reglum þeim, sem mælt er fyrir um í tilskipun þessari til að taka mið af framtíðarþróun í líftryggingageiranum. Framkvæmdastjórnin mun gera slíkar breytingar eftir þörfum og að höfðu samráði við váttrygginganefndina, sem komið var á fót með tilskipun ráðsins 91/675/EBE <sup>(2)</sup>, við meðferð framkvæmdavalds sem henni er falið samkvæmt sáttmálanum. Þessar ráðstafanir eru almennar ráðstafanir í skilningi 2. gr. ákvörðunar 1999/468/EB og skulu þær samþykktar í samræmi við stjórnslumálsmeðferðina sem um getur í 5. gr. þeirrar ákvörðunar.
- 63) Samkvæmt 15. gr. í sáttmálanum ber að taka mið af því hve mikla viðleitni tiltekin efnahagskerfi verða að sýna á ólíkum stigum efnahagsþróunar. Því skal tilteknum aðildarríkjum gefinn kostur á bráðabirgðafyrirkomulagi á meðan ákvæðum þessarar tilskipunar er smám saman komið á.
- 64) Með tilskipunum 79/267/EBE og 90/619/EBE var nokkrum félögum, sem voru til þegar þessar tilskipanir voru samþykktar, veitt sérstök undanþága. Síðan þá hafa þessi félög gert breytingar á uppbyggingu sinni. Þau þurfa því ekki lengur á sérstakri undanþágu að halda.
- 65) Tilskipun þessi skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til lögleiðingar og beitingar tilskipananna sem um getur í B-hluta V. viðauka.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 374, 31.12.1991, bls. 32.

## EFNISYFIRLIT

I. BÁLKUR	SKILGREININGAR OG GILDISSVIÐ .....	1621
1. gr.	Skilgreiningar .....	1621
2. gr.	Gildissvið .....	1622
3. gr.	Undanskilin starfsemi og aðilar .....	1622
II. BÁLKUR	AÐ HEFJA LÍFTRYGGINGASTARFSEMI .....	1623
4. gr.	Meginreglan um starfsleyfi .....	1623
5. gr.	Gildissvið starfsleyfis .....	1623
6. gr.	Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis .....	1623
7. gr.	Rekstraráætlun .....	1624
8. gr.	Hluthafar og aðilar með virka eignarhlutdeild .....	1625
9. gr.	Synjun starfsleyfis .....	1625
III. BÁLKUR	SKILYRÐI FYRIR LÍFTRYGGINGASTARFSEMI .....	1625
1. kafli	<b>Meginreglur og aðferðir við fjármálaeftirlit</b> .....	1625
10. gr.	Lögbær yfirvöld og viðfang eftirlits .....	1625
11. gr.	Eftirlit með útibúum með staðfestu í öðru aðildarríki .....	1625
12. gr.	Bann við kröfu um að félög endurtryggi hluta af starfsemi sinni .....	1625
13. gr.	Reikningsskil, varfærnisupplýsingar og tölfraðilegar upplýsingar: eftirlitsheimildir .....	1625
14. gr.	Yfirfærsla vátryggingastofns .....	1626
15. gr.	Virki eignarhlutdeild .....	1626
16. gr.	Þagnarskylda .....	1627
17. gr.	Skyldur endurskoðenda .....	1629
18. gr.	Rekstur líftrygginga- og skaðatryggingastarfsemi .....	1629
19. gr.	Aðskilinn rekstur líftrygginga- og skaðatryggingastarfsemi .....	1630
2. kafli	<b>Reglur um líftryggingaskuld og hvernig henni skal mætt</b> .....	1630
20. gr.	Útreikningur á líftryggingaskuld .....	1630
21. gr.	Iðgjöld fyrir nýja starfsemi .....	1632
22. gr.	Eignir til jöfnunar líftryggingaskuld .....	1632
23. gr.	Heimilaðir eignaflokkar .....	1632
24. gr.	Reglur um fjölbreytni fjárfestinga .....	1633
25. gr.	Samningar tengdir verðbréfasjóðum (UCITS) eða hlutabréfavísitölu .....	1634
26. gr.	Reglur um jöfnun .....	1635

3. kafli	<b>Reglur um gjaldþol og ábyrgðarsjóð</b> .....	1635
27. gr.	Handbært gjaldþol .....	1635
28. gr.	Tilskilið gjaldþol .....	1636
29. gr.	Ábyrgðarsjóður .....	1637
30. gr.	Endurskoðun á fjárhæð ábyrgðarsjóðs .....	1637
31. gr.	Eignir sem ekki eru notaðar til að standa að baki líftryggingaskuld .....	1637
4. kafli	<b>Lög um líftryggingasamninga og skilmálar slíkra samninga</b> .....	1638
32. gr.	Gildandi lög .....	1638
33. gr.	Almennir hagsmunir .....	1638
34. gr.	Reglur um líftryggingaskilmála og iðgjaldaxta .....	1638
35. gr.	Uppsagnarfrestur .....	1638
36. gr.	Upplýsingar sem veittar skulu váttryggingataka .....	1638
5. kafli	<b>Líftryggingafélög sem eiga í erfiðleikum eða búa við óvenjulegar aðstæður</b> .....	1639
37. gr.	Líftryggingafélög sem eiga í erfiðleikum .....	1639
38. gr.	Áætlun um fjárhagslega endurreisn .....	1639
39. gr.	Afturköllun starfsleyfis .....	1640
IV. BÁLKUR	<b>ÁKVÆÐI UM STAÐFESTURÉTT OG FRELSI TIL AÐ VEITA ÞJÓNUSTU</b> .....	1640
40. gr.	Skilyrði fyrir stofnun útibús .....	1640
41. gr.	Frelsi til að veita þjónustu: fyrirframtilkynning til heimaaðildarríkis .....	1641
42. gr.	Frelsi til að veita þjónustu: tilkynning heimaaðildarríkis .....	1641
43. gr.	Frelsi til að veita þjónustu: breytingar á eðli skuldbindinga .....	1641
44. gr.	Tungumál .....	1641
45. gr.	Reglur um líftryggingaskilmála og iðgjaldaxta .....	1641
46. gr.	Líftryggingafélög sem ekki fara að lagaákvæðum .....	1641
47. gr.	Auglýsingar .....	1642
48. gr.	Félagsslit .....	1642
49. gr.	Tölfræðilegar upplýsingar um starfsemi yfir landamæri .....	1642
50. gr.	Skattlagning iðgjalda .....	1642
V. BÁLKUR	<b>REGLUR UM UMBOÐ EÐA ÚTIBÚ SEM STOFNUÐ ERU INNAN BANDALAGSINS EN TILHEYRA FÉLÖGUM SEM Hafa AÐALSKRIFSTOFUR UTAN BANDALAGSINS</b> .....	1643
51. gr.	Meginreglur um og skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis .....	1643
52. gr.	Reglur sem gilda um útibú félaga þriðju landa .....	1643
53. gr.	Yfirfærsla váttryggingastofns .....	1644
54. gr.	Líftryggingaskuld .....	1644
55. gr.	Gjaldþol og ábyrgðarsjóður .....	1644
56. gr.	Ávinningur fyrir félög sem hafa starfsleyfi í fleiri en einu aðildarríki fram yfir önnur félög .....	1645
57. gr.	Samningar við þriðju lönd .....	1645

VI. BÁLKUR	REGLUR UM DÓTTURFÉLÖG MÓÐURFÉLAGA SEM HEYRA UNDIR LÖGGJÖF ÞRIÐJA LANDS OG UM ÖFLUN SLÍKRA MÓÐURFÉLAGA Á EIGNARHLUTUM .....	1645
58. gr.	Upplýsingar frá aðildarríkjum til framkvæmdastjórnarinnar .....	1645
59. gr.	Meðferð sem þriðju lönd veita líftryggingafélögum Bandalagsins .....	1645
VII. BÁLKUR	BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI OG ÖNNUR ÁKVÆÐI .....	1646
60. gr.	Undanþágur og afnám takmarkandi ráðstafana .....	1646
61. gr.	Sönnun um óflekkað mannorð .....	1646
VIII. BÁLKUR	LOKAÁKVÆÐI .....	1647
62. gr.	Samvinna milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar .....	1647
63. gr.	Skýrslur um þróun markaðar þar sem frelsi til að veita þjónustu ríkir .....	1647
64. gr.	Tæknilegar breytingar .....	1647
65. gr.	Nefndarmeðferð .....	1647
66. gr.	Áunnin réttindi útibúa og líftryggingafélaga sem fyrir eru .....	1647
67. gr.	Réttur til að áfrýja til dómstóla .....	1648
68. gr.	Endurskoðun fjárhæða sem tilgreindar eru í evrum .....	1648
69. gr.	Framkvæmd nýrra ákvæða .....	1648
70. gr.	Upplýsingar til framkvæmdastjórnarinnar .....	1648
71. gr.	Aðlögunartímabil vegna 3. gr. (6. mgr.), 27., 28., 29., 30. og 38. gr. ....	1648
72. gr.	Niðurfelldar tilskipanir og samsvörun þeirra við þessa tilskipun .....	1648
73. gr.	Gildistaka .....	1649
74. gr.	Viðtakendur .....	1649
I. viðauki	Greinaflokkar líftrygginga .....	1650
II. viðauki	Reglur um jöfnun .....	1650
III. viðauki	Upplýsingar sem veittar skulu váttryggingatökum .....	1651
IV. viðauki	.....	1652
V. viðauki	.....	1656
A-hluti	Niðurfelldar tilskipanir ásamt breytingum á þeim (sem um getur í 72. gr.) .....	1656
B-hluti	Framkvæmdarfrestur (sem um getur í 72. gr.) .....	1656
VI. viðauki	Samsvörunartafla .....	1657

## I. BÁLKUR

## SKILGREININGAR OG GILDISSVIÐ

## 1. gr.

## Skilgreiningar

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „líftryggingafélag“: félag sem fengið hefur opinbert starfsleyfi í samræmi við 4. gr.,

b) „útibú“: umboð eða útibú líftryggingafélags,

Fara skal með allt fast aðsetur félags í aðildarríki eins og um umboð eða útibú væri að ræða enda þótt það sé ekki í formi umboðs eða útíbús heldur felist einungis í skrifstofu sem rekin er af starfsfólki félagsins sjálfs eða óháðum aðila sem hefur ótímabundna heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins með sama hætti og umboð,

c) „starfsstöð“: aðalskrifstofa, umboð eða útibú félags,

d) „skuldbinding“: skuldbinding í formi einhverrar af þeim tryggingum eða starfsemi sem um getur í 2. gr.,

e) „heimaaðildarríki“: aðildarríkið þar sem aðalskrifstofa líftryggingafélagsins, sem gengst undir skuldbindinguna, er staðsett,

f) „aðildarríki útíbúsins“: aðildarríkið þar sem útibúið, sem gengst undir skuldbindinguna, er staðsett,

g) „aðildarríkið þar sem gengist er undir skuldbindinguna“: aðildarríkið þar sem váttryggingartaki hefur aðsetur að jafnaði en, ef hann er lögpersóna, það aðildarríki þar sem sú starfsstöð hans, sem samningurinn lýtur að, er staðsett,

h) „aðildarríki þar sem þjónusta er veitt“: aðildarríkið þar sem gengist er undir skuldbindinguna ef líftryggingafélag eða útibú sem er í öðru aðildarríki gengst undir hana,

i) „yfirráð“: tengsl milli móðurfélags og dótturfélags, samkvæmt skilgreiningu 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE <sup>(1)</sup>, eða sams konar tengsl milli einstaklings eða lögpersónu og félags,

j) „virk eignarhlutdeild“: bein eða óbein eignarhlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða annað sem gerir kleift

að hafa veruleg áhrif á stjórnun félagsins þar sem eignarhlutdeildin er.

Að því er varðar þessa skilgreiningu, í tengslum við 8. og 15. gr. og annars konar eignarhlutdeild sem um getur í 15. gr., ber að taka tillit til atkvæðisréttar sem um getur í 92. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB frá 28. maí 2001 um opinbera skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi og upplýsingar sem birtar skulu um slík verðbréf <sup>(2)</sup>,

k) „móðurfélag“: móðurfélag samkvæmt skilgreiningu í 1. og 2. gr. tilskipunar 83/349/EBE,

l) „dótturfélag“: dótturfélag samkvæmt skilgreiningu í 1. og 2. gr. tilskipunar 83/349/EBE; einnig ber að líta á sérhvert dótturfélag dótturfélags sem dótturfélag móðurfélagsins sem er höfuð þessara félaga,

m) „skipulegur markaður“:

— ef um er að ræða markað í aðildarríki, skipulegur markaður eins og hann er skilgreindur í 13. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE og

— ef um er að ræða markað í þriðja landi, fjármálamarkaður, viðurkenndur af heimaaðildarríki líftryggingafélagsins, sem uppfyllir sambærilegar kröfur. Allir fjármálagerningar sem verslað er með á þessum markaði skulu vera sambærilegir að gæðum og þeir gerningar sem verslað er með á skipulegum markaði eða mörkuðum aðildarríkisins sem um ræðir,

n) „lögbær yfirvöld“: innlend yfirvöld sem hafa heimild samkvæmt lögum eða reglugerð til að hafa eftirlit með líftryggingafélögum,

o) „jöfnun eigna“: að á móti váttryggingarskuldbindingum í tilteknum gjaldmiðli komi eignir í sama gjaldmiðli sem eru tilgreindar í eða unnt er að innleysa í sama gjaldmiðli,

p) „staðsetning eigna“: að eignir, hvort sem það eru veltu- eða fastafjármunir, eru í aðildarríki án þess að gerðar séu kröfur um að veltufjármunir séu geymslufé eða fastafjármunir séu háðir takmarkandi reglum svo sem þinglýsingu veðréttinda; eignir í formi krafna á hendur skuldunautum eru taldar vera í því aðildarríki þar sem unnt er að innleysa þær,

q) „áhættufjárhæð“: sú fjárhæð sem greiðist við andlát að frádregnum líftryggingasjóði vegna sömu áhættu,

r) „náin tengsl“: þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast í gegnum:

i) hlutdeild, hér er átt við eignarhald á minnst 20% atkvæðisréttar eða hlutafjár félags, beint eða með yfirráðum eða

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB (Stjtið. EB L 283, 27.10.2001, bls. 28).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 184, 6.7.2001, bls. 1.

ii) yfirráð, hér er átt við tengsl á milli móðurfélags og dótturfélags, í öllum tilvikunum sem vísað er til í 1. og 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE, eða sambærileg tengsl milli einstaklings eða lögpersónu og félags; einnig skal litið á dótturfélag dótturfélags sem dótturfélag móðurfélagsins sem er í forsvari fyrir þessi félög.

Þegar svo ber undir að tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar eru varanlega tengdir sama aðila með yfirráðatengslum skal einnig litið á það sem nán tengsl milli aðila.

2. Hvar sem vísað er til evrunnar í þessari tilskipun skal það gengi gjaldmiðils viðkomandi lands, sem notað er frá og með 31. desember ár hvert, miðað við síðasta dag næstliðins októbermánaðar þegar fyrir lá gengi allra viðeigandi gjaldmiðla aðildarríkja Bandalagsins gagnvart evrunni.

### 2. gr.

#### Gildissvið

Tilskipun þessi á við um stofnun og rekstur sjálfstæðrar starfsemi á sviði frumtrygginga af hálfu félaga sem þegar hafa staðfestu í aðildarríki eða óska eftir því að öðlast staðfestu þar, eins og nánar er skilgreint hér á eftir:

1. Eftirfarandi tegundir trygginga þegar þær eru á samningsgrundvelli:

- líffryggingar, þ.e. þann greinaflokk líffrygginga sem m.a. felur í sér útborgun við tiltekinn aldur, við andlát, við tiltekinn aldur eða fyrir ef andlát ber að höndum, líffryggingu með endurgreiðslu iðgjalda, hjónalífryggingu og líffryggingu við fæðingu,
- lífeyristryggingar,
- viðbótartryggingar, sem líffryggingafélög bjóða, þ.e. slysatrygging með váttryggingu gegn starfsorkumissi, váttrygging vegna andláts af völdum slyss og váttrygging gegn örorku af völdum slyss eða sjúkdóms, þegar þessar mismunandi tegundir váttrygginga eru teknar sem viðbót við líffryggingu,
- þær tegundir trygginga sem á Írlandi og í Stóra-Bretlandi kallast „permanent health insurance not subject to cancellation“ (varanlegar heilsutryggingar án uppsagnarréttar).

2. Eftirfarandi starfsemi þegar hún er á samningsgrundvelli að svo miklu leyti sem starfsemin er háð eftirliti yfirvalds á sviði stjórnsýslu sem ábyrgð ber á eftirliti með einkaváttryggingum:

- erfðalífrentusjóður þannig að stofnsett eru samtök félagsmanna sem hafa það að markmiði að ávaxta sameiginleg framlög þeirra og úthluta eignum sem þannig safnast milli eftirlifenda eða til réttihafa eftir látna félaga,

b) fjármögnunarstarfsemi er byggist á tryggingafræðilegum útreikningum og tekur á sig skuldbindingar í tilgreindan tíma um að greiða tilgreindar fjárhæðir gegn eingreiðslu eða fyrir fram ákveðnum reglubundnum greiðslum,

c) stjórnun líffeyrissjóða, þ.e. starfsemi sem annast fjárfestingar fyrir hlutaðeigandi félag, einkum stýringu á eignum er standa undir varasjóðum þeirra aðila sem sjá um greiðslur við andlát eða þegar tilteknum aldri er náð eða þegar starfsemi er lögð af eða hún dregst saman,

d) starfsemi sem um getur í c-lið þegar váttrygging fylgir sem annaðhvort nær til varðveislu fjár eða greiðslu lágmarksávöxtunar,

e) starfsemi líffryggingafélaga sem vísað er til í 1. kafla 4. bóka nr. IV í hinum franska „Code des assurances“.

3. Starfsemi sem háð er ævilengd manna og nánar er mælt fyrir um eða kveðið á um í almannatryggingalöggjöf þegar rekstur eða framkvæmd eru í höndum líffryggingafélaga og þau taka á sig áhættuna samkvæmt löggjöf aðildarríkis.

### 3. gr.

#### Undanskilin starfsemi og aðilar

Þessi tilskipun á ekki við um:

- þá greinaflokka líffrygginga sem tilgreindir eru í viðauka við tilskipun 73/239/EBE með fyrirvara um beitingu c-liðar 1. mgr. 2. gr.,
- starfsemi ýmissa gagnkvæmra sjóða og stofnana þar sem bætur eru breytilegar eftir fjármagni sem fyrir hendi er og þar sem krafist er að hver félagsmaður leggi fram fast framlag,
- starfsemi samtaka, annarra en félaga sem um getur í 2. gr., sem hafa að markmiði að greiða launþegum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum, sem tilheyra félagi eða félögum eða atvinnugrein eða atvinnugreinum, bætur við andlát eða þegar tilteknum aldri er náð, þegar starfsemi er lögð af eða dregið úr henni hvort sem líffryggingasjóður er ávallt fyrir hendi eða ekki til að standa undir þeim skuldbindingum sem þessi starfsemi hefur í för með sér,
- váttryggingar sem eru hluti lögboðins kerfis, með fyrirvara um beitingu 3. mgr. 2. gr.,
- samtök sem einungis skuldbinda sig til að greiða bætur við andlát og fjárhæð bótanna er ekki hærri en meðalútfararkostnaður fyrir einn mann eða þegar bætur er veittar í fríðu,
- gagnkvæm félög:
  - þar sem samþykktir mæla fyrir um að fara megi fram á viðbótarframlög, lækka bætur eða óska aðstoðar frá öðrum sem samþykkt hafa að láta hana í té og

— ef árlegar tekjur af framlögum vegna starfsemi, sem tilskipun þessi nær til, fara ekki yfir 5 milljónir evra þrjú ár í röð. Hafi verið farið fram úr fjárhæðinni þrjú ár í röð skal tilskipun þessi eiga við frá fjórða ári.

Engu að síður skulu ákvæði þessarar málsgreinar ekki koma í veg fyrir að gagnkvæm líftryggingafélög sæki um starfsleyfi eða viðhaldi starfsleyfi sínu samkvæmt þessari tilskipun,

7. „Versorgungsverband deutscher Wirtschaftsorganisationen“ í Þýskalandi, nema samþykktum þess verði breytt að því er varðar umfang starfseminnar,
8. starfsemi lífeyristryggingafélaga, sem kveðið er á um í Employees Pension Act (TEL) og annarri tengdri finnskri löggjöf, að því tilskildu:
  - a) að lífeyristryggingafélög, sem samkvæmt finnskum lögum ber þegar skylda til að hafa aðskilið bókhalds- og stjórnunarkerfi fyrir starfsemi sína, muni enn fremur, frá aðildardegi, setja á stofn sérstaka lögaðila til að annast þessa starfsemi,
  - b) að finnsk yfirvöld heimili, án mismununar, öllum ríkisborgurum og félögum aðildarríkja að stunda, í samræmi við finnsk lög, þá starfsemi sem tilgreind er í 2. gr. sem tengist þessari undanþágu á annan hvorn eftirfarandi hátt:
    - með eignarhlut eða hlutdeild í váttryggingafélagi eða –félagahóp sem fyrir er,
    - með stofnun eða hlutdeild í nýju váttryggingafélagi eða –félagasamstæðu, þ.m.t. lífeyristryggingafélög,
  - c) að finnsk yfirvöld leggi fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu til samþykkis innan þriggja mánaða frá aðildardegi þar sem fram kemur hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að aðskilja starfsemi TEL frá annarri váttryggingastarfsemi sem finnsk váttryggingafélög stunda í því skyni að uppfylla allar kröfur þessarar tilskipunar.

## II. BÁLKUR

### AÐ HEFJA LÍFTRYGGINGASTARFSEMI

#### 4. gr.

#### Meginreglan um starfsleyfi

Opinbert starfsleyfi þarf til að hefja þá starfsemi sem heyrir undir þessa tilskipun.

Sótt skal um slíkt starfsleyfi til yfirvalda í heimaaðildarríki og á það við um:

- a) félag sem stofnsetur aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þess ríkis,
- b) félag sem fengið hefur tilskilið starfsleyfi samkvæmt fyrstu undirgrein og færir út starfsemi sína þannig að hún nái til heils greinaflokks líftrygginga eða annarra greinaflokka líftrygginga.

#### 5. gr.

#### Gildissvið starfsleyfis

1. Starfsleyfi gildir alls staðar í Bandalaginu. Það heimilar líftryggingafélagi að stunda starfsemi þar, annaðhvort á grundvelli staðfesturéttar eða frelsis til að veita þjónustu.

2. Starfsleyfi er veitt fyrir tiltekinn greinaflokk líftrygginga, eins og þeir eru taldir upp í I. viðauka. Leyfið nær til greinaflokks líftrygginga í heild nema umsækjandi óski eftir að tryggja aðeins hluta þeirrar áhættu sem greinaflokkurinn tekur til.

Lögbærum yfirvöldum er heimilt að takmarka starfsleyfi sem sótt er um fyrir tiltekinn greinaflokk líftrygginga við starfsemi samkvæmt rekstraráætluninni sem um getur í 7. gr.

Aðildarríki er heimilt að veita starfsleyfi í tveimur eða fleiri greinaflokkum líftrygginga þegar landslög þess ríkis heimila að slíkir greinaflokkar séu reknir samtímis.

#### 6. gr.

#### Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis

1. Heimaaðildarríki skulu gera kröfu um að hvert líftryggingafélag sem sótt er um starfsleyfi fyrir:

a) hafi eitt af eftirfarandi félagsformum:

— í Konungsríkinu Belgíu: “société anonyme/naamloze vennootschap”, “société en commandite par actions/commanditaire vennootschap op aandelen”, “association d'assurance mutuelle/onderlinge verzekeringvereniging”, “société cooperative/coöperatieve vennootschap”,

— í Konungsríkinu Danmörku: “aktieselskaber”, “gensidige selskaber”, “pensionskasser omfattet af lov om forsikringsvirksomhed (tværgående pensionskasser)”,

— í Sambandslýðveldinu Þýskalandi: “Aktien-gesellschaft”, “Versicherungsverein auf Gegenseitigkeit”, “öffentlich-rechtliches Wettbewerbsversicherungsunternehmen”,

— Í Lýðveldinu Frakklandi: “société anonyme”, “société d'assurance mutuelle”, “institution de prévoyance régie par le code de la sécurité sociale”, “institution de prévoyance régie par le code rural” and “mutuelles régies par le code de la mutualité”,

— á Írlandi: “incorporated companies limited by shares or by guarantee or unlimited”, “societies registered under the Industrial and Provident Societies Acts” eða “societies registered under the Friendly Societies Acts”,

— í Lýðveldinu Ítalíu: “società per azioni”, “società cooperativa”, “mutua di assicurazione”,

— í Stórhertogadæminu Lúxemborg: “société anonyme”, “société en commandite par actions”, “association d'assurances mutuelles”, “société coopérative”,

- í Konungsríkinu Hollandi: “naamloze vennootschap”, “onderlinge waarborgmaatschappij”,
- á Stóra-Bretlandi: “incorporated companies limited by shares or by guarantee or unlimited”, “societies registered under the Industrial and Provident Societies Acts”, “societies registered or incorporated under the Friendly Societies Acts”, “the association of underwriters known as Lloyd’s”,
- í Lýðveldinu Grikklandi: “ανώνυμη εταιρία”,
- í Konungsríkinu Spáni: “sociedad anónima”, “sociedad mutua”, “sociedad cooperativa”,
- í Lýðveldinu Portúgal: “sociedade anónima”, “mutua de seguros”,
- í Lýðveldinu Austurríki: “Aktiengesellschaft”, “Versicherungsverein auf Gegenseitigkeit”,
- í Lýðveldinu Finnlandi: “keskinäinen vakuutusyhtiö/ömsesidigt försäkringsbolag”, “vakuutusosakeyhtiö/försäkringsaktiebolag”, “vakuutusyhdistys/försäkringsförening”,
- í Konungsríkinu Svíþjóð: “försäkringsaktiebolag”, “ömsesidiga försäkringsbolag”, “understödsföreningar”.

Líftryggingafélagi er einnig heimilt að taka upp félagsform Evrópufélags þegar það hefur verið stofnað.

Enn fremur er aðildarríkjum heimilt, þegar við á, að stofna félög á sviði opinbers réttar enda hafi þessir aðilar að markmiði að starfa að váttryggingastarfsemi á jafnréttisgrundvelli við félög á sviði einkaréttar,

- b) takmarki rekstrartilgang sinn við starfsemi sem kveðið er á um í þessari tilskipun og rekstur sem leiðir beint af henni og stundi enga aðra viðskiptastarfsemi,
- c) leggi fram rekstraráætlun í samræmi við ákvæði 7. gr.,
- d) hafi yfir að ráða lágmarksábyrgðarsjóði skv. 2. mgr. 29. gr.,
- e) sé rekið á hagkvæman hátt af einstaklingum með óflekkað mannorð, víðeigandi starfsmenntun og hæfi eða starfsreynslu.

2. Ef nán tengsl eru fyrir hendi milli líftryggingafélags og annarra einstaklinga eða lögpersóna skulu lögbær yfirvöld einungis veita starfsleyfi ef sýnt er að þessi tengsl komi ekki í veg fyrir að þau geti sinnt eftirlitshlutverki sínu.

Lögbær yfirvöld skulu jafnframt synja um starfsleyfi ef lög og stjórnsluákvæði lands utan Bandalagsins, sem gilda um einn eða fleiri einstaklinga eða lögaðila sem líftryggingafélagið hefur nán tengsl við, eða vandkvæði tengd framkvæmd þeirra koma í veg fyrir að yfirvöldin gegni eftirlitshlutverki sínu með skilvirkum hætti.

Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að líftryggingafélög veiti þeim nauðsynlegar upplýsingar svo að þau geti gengið úr skugga um að jafnan sé farið að skilyrðunum sem um getur í þessari málsgrein.

3. Aðildarríkin skulu krefjast þess að aðalskrifstofur váttryggingafélaga séu staðsettar í sama aðildarríki og skráðar skrifstofur þeirra.

4. Líftryggingafélag, sem sækir um starfsleyfi til að færa starfsemi sína út til annarra greinaflokka líftrygginga eða um útvíkkun á starfsleyfi sem tekur eingöngu til hluta af áhættum sem flokkaðar eru undir einn greinaflokk, skal leggja fram rekstraráætlun samkvæmt ákvæðum 7. gr.

Enn fremur ber því að sýna fram á að það hafi gjaldþol skv. 28. gr. og eigi ábyrgðarsjóð sem um getur í 1. og 2. mgr. 29. gr.

5. Aðildarríkjunum er óheimilt að samþykkja ákvæði þar sem krafist er fyrirframsamþykkis við eða reglubundinna tilkynninga á almennum og sérstökum tryggingaskilmálum, iðgjaldatöxtum, tæknilegum grundvelli sem er einkum notaður við útreikning á iðgjaldatöxtum og líftryggingaskuld eða eyðublöðum og öðrum prentuðum skjölum sem líftryggingafélagið hefur í hyggju að nota í skiptum sínum við váttryggingataka.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein getur heimaaðildarríkið krafist, en eingöngu í þeim tilgangi að sannreyna hvort farið sé að ákvæðum í landslögum varðandi tryggingafræðilegar grundvallarreglur, að tilkynnt sé reglulega um hvaða tæknilegi grundvöllur sé notaður við útreikning á iðgjaldatöxtum og líftryggingaskuld en þessi krafa er þó ekki skilyrði fyrir því að líftryggingafélag geti rekið starfsemi sína.

Ákvæði þessarar tilskipunar koma ekki í veg fyrir að aðildarríki geti haldið gildandi lögum eða sett lög og stjórnslufyrirmæli þar sem krafist er samþykkis á stofnsamþykktum og að tilkynnt sé um önnur nauðsynleg skjöl svo að unnt sé að framfylgja eðlilegu eftirliti.

Eigi síðar en 1. júlí 1999 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir ráðið um framkvæmd þessarar málsgreinar.

6. Í ákvæðunum, sem um getur í 1.-5. mgr., skal ekki gerð krafa um að fjallað sé um umsókn um starfsleyfi í ljósi þess hvort efnahagsleg þörf sé fyrir starfseminna á markaðinum eða ekki.

7. gr.

### Rekstraráætlun

Rekstraráætlun, sem um getur í c-lið 1. mgr. og 4. mgr. 6. gr., skal tilgreina eftirfarandi atriði, eða innihalda staðfestingu á þeim:

- a) eðli þeirra skuldbindinga sem líftryggingafélagið hyggst taka að sér,
- b) meginreglur endurtryggingar,
- c) samsetningu lágmarksábyrgðarsjóðs,
- d) áætlaðan kostnað við að koma upp rekstraraðstöðu og skipulagi til að tryggja starfseminna sem og fjármagn sem ætlað er að standa straum af honum;

og þar að auki, fyrir þrjú fyrstu fjárhagsárin:

- e) áætlun með nákvæmu mati á tekjum og kostnaði vegna frumtryggingastarfsemi, móttækinnu endurtrygginga og endurtryggingaverndar,
- f) áætlaðan efnahagsreikning,
- g) áætlaðar fjármögnunarleiðir til að mæta váttrygginga-skuldbindingum og gjaldþoli.

8. gr.

#### Hluthafar og aðilar með virka eignarhlutdeild

Lögbær yfirvöld heimaáildarríkis skulu ekki veita félagi starfsleyfi til að hefja líftryggingastarfsemi fyrr en þau hafa fengið upplýsingar um hverjir séu hluthafar eða aðilar, beint eða óbeint, hvort þeir eru einstaklingar eða löggjörðunur, hverjir hafi yfir að ráða virkri eignarhlutdeild í félaginu svo og hve stóran hlut þeir eiga.

Lögbæru yfirvöldin skulu synja um starfsleyfi ef þau telja með hliðsjón af nauðsyn þess að tryggja trausta og varfærna stjórnun líftryggingafélags að fyrrnefndir hluthafar eða aðilar séu ekki hæfir.

9. gr.

#### Synjun starfsleyfis

Ákvörðun um synjun starfsleyfis skal fylgja ítarlegur rökstuðningur og ástæður fyrir synjun og skal hlutaðeigandi félagi tilkynnt um hana.

Aðildarríki skulu sjá til þess að hverri synjun megi áfrýja til dómstóla.

Sama skal gilda í því tilviki þegar lögbær yfirvöld hafa ekki tekið umsókn um starfsleyfi til umfjöllunar innan sex mánaða frá móttöku hennar.

### III. BÁLKUR

#### SKILYRÐI FYRIR LÍFTRYGGINGASTARFSEMI

##### 1. KAFLI

#### MEGINREGLUR OG AÐFERÐIR VIÐ FJÁRMÁLAEFTIRLIT

10. gr.

#### Lögbær yfirvöld og viðfang eftirlits

1. Fjármálaeftirlit með líftryggingafélagi, þ.m.t. eftirlit með starfsemi sem það annast fyrir milligöngu útibúa eða samkvæmt frelsi til að veita þjónustu, skal alfarið vera á ábyrgð heimaáildarríkisins. Hafi lögbær yfirvöld aðildarríkisins þar sem gengist er undir skuldbindinguna ástæðu til að ætla að starfsemi líftryggingafélags geti haft áhrif á fjárhagslegan styrkleika þess skulu þau tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaáildarríki félagsins. Hin

síðarnefndu skulu ganga úr skugga um hvort félagið fari að varfærnisreglunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

2. Þetta fjármálaeftirlit skal taka til allrar starfsemi líftryggingafélagsins, gjaldþolsstöðu þess, aðferða við útreikning líftryggingaskuldar, þ.m.t. á líftryggingasjóðum, og eigna til jöfnunar þeim í samræmi við settar reglur eða gildandi starfshætti í heimaáildarríkinu samkvæmt ákvæðum Bandalagsins.

3. Lögbær yfirvöld í heimaáildarríkinu skulu krefjast þess að sérhvert líftryggingafélag hafi traust stjórnunar- og bókhaldsfyrirkomulag og fullnægjandi innra eftirlitskerfi.

11. gr.

#### Eftirlit með útibúum með staðfestu í öðru aðildarríki

Ef líftryggingafélag, sem hefur fengið starfsleyfi í öðru aðildarríki, rekur starfsemi sína fyrir milligöngu útibús skal aðildarríki útibúsins kveða á um að lögbær yfirvöld í heimaáildarríkinu geti, eftir að hafa tilkynnt það lögbærum yfirvöldum í aðildarríki útibúsins, sjálf eða fyrir milligöngu einstaklinga sem þau tilnefna í því skyni, sannprófað á staðnum þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að tryggja fjármálaeftirlit með félaginu. Yfirvöld í aðildarríki útibúsins geta tekið þátt í þessari sannprófun.

12. gr.

#### Bann við kröfu um að félög endurtryggi hluta af starfsemi sinni

Aðildarríkjunum er óheimilt að gera kröfu um að líftryggingafélag endurtryggi hluta af starfsemi sinni, skv. 2. gr., hjá samtökum, einum eða fleiri, sem tilnefnd eru samkvæmt landslögum.

13. gr.

#### Reikningsskil, varfærnisupplýsingar og tölfræðilegar upplýsingar: eftirlitsheimildir

1. Aðildarríki skulu gera kröfur um að öll líftryggingafélög, sem eru með aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þess, taki saman ársreikning sem taki til allra tegunda starfsemi, fjárhagsstöðu þeirra og gjaldþoli.

2. Aðildarríki skulu gera kröfu um að líftryggingafélag, sem hefur aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þeirra, sendi reglulega skýrslur ásamt tölfraðilegum upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með starfsemi. Lögbær yfirvöld skulu senda hvert öðru þau gögn og upplýsingar sem koma að gagni við eftirlit.

3. Hvert aðildarríki skal gera allt það sem nauðsynlegt er til þess að veita lögbærum yfirvöldum þær heimildir og aðstöðu sem þörf er á vegna eftirlits með líftryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þess, þar á meðal með starfsemi þeirra utan svæðisins, í samræmi við tilskipanir ráðsins um þessa starfsemi og til þess að sjá um að þær verði framkvæmdar.

Með heimildum þessum og aðstöðu skal lögbærum yfirvöldum einkum gert kleift að:

a) grennslast nákvæmlega fyrir um stöðu líftryggingafélagsins og alla starfsemi þess, m.a. með því að:

— safna upplýsingum eða krefjast afhendingar á skjölum um líftryggingastarfsemi,

— gera vettvangsskoðun hjá líftryggingafélagi,

b) gera allar viðeigandi ráðstafanir gagnvart líftryggingafélagi, stjórnendum þess eða forstöðumönnum eða þeim sem hafa yfirráð yfir því sem nauðsynlegar eru til að tryggja að í starfsemi félagsins sé áfram farið að þeim lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem félaginu ber að hlíta í starfsemi sinni í hverju aðildarríki, einkum varðandi rekstraráætlun að því marki sem skylt er að gera hana og til að koma í veg fyrir eða ráða bót á vanrækslu sem skaðað getur hagsmuni hinna tryggðu,

c) sjá til þess að þessar ráðstafanir séu gerðar, með fullnustuaðgerðum ef þörf krefur, og fyrir atbeina dómstóla þar sem við á.

Aðildarríki geta einnig veitt lögbærum yfirvöldum heimildir til að afla allra upplýsinga um samninga sem milliliðir hafa séð um.

14. gr.

#### Yfirfærsla váttryggingastofns

1. Með þeim skilyrðum sem sett eru í landslögum skal hvert aðildarríki veita líftryggingafélögum, sem hafa aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þess, leyfi til að yfirfæra samningasafn sitt, hvort heldur um er að ræða samninga samkvæmt staðfesturétti eða frelsi til að veita þjónustu, að einhverju eða öllu leyti til viðtökuskrifstofu með staðfestu innan Bandalagsins, enda staðfesti lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis viðtökuskrifstofunnar að gjaldþol viðtakandans sé fullnægjandi er tekið hefur verið tillit til yfirfærslunnar.

2. Ef útibú hyggst yfirfæra, að einhverju eða öllu leyti, samningasafn sitt, þar sem samningar hafa verið gerðir annaðhvort samkvæmt staðfesturétti eða frelsi til að veita þjónustu, skal hafa samráð við aðildarríki útibúsins.

3. Í þeim tilvikum sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu yfirvöld í heimaaðildarríki líftryggingafélagsins, sem yfirfærir váttryggingarstofn, heimila yfirfærsluna að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda þess aðildarríkis þar sem skuldbindingin er.

4. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum, sem samráð er haft við, skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki líftryggingafélagsins, sem yfirfærir váttryggingarstofn sinn, um álit sitt eða samþykki innan þriggja mánaða frá því að þeim barst beiðnin; ef yfirvöldin sem samráð er haft við hafa ekki svarað innan þess frests telst það jafngilda jákvæðu svari eða þegjandi samþykki.

5. Yfirfærsla, sem heimiluð er samkvæmt þessari grein, skal birt í aðildarríkinu þar sem gengist er undir skuldbindinguna, á þann hátt sem mælt er fyrir í lögum þess. Slík yfirfærsla öðlast sjálfkrafa gildi gagnvart váttryggingatökum, hinum tryggðu og öllum þeim öðrum sem eiga rétt eða bera skyldu vegna þeirra samninga sem yfirfærðir hafa verið.

Ákvæði þetta hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkja til að gefa váttryggingatökum kost á að segja upp samningi innan ákveðins frests frá því er yfirfærsla fer fram.

15. gr.

#### Virk eignarhlutdeild

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að einstaklingur eða löggjafarstjórn, sem hyggst, beint eða óbeint, eiga virka eignarhlutdeild í líftryggingafélagi, tilkynni það fyrst lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu og skýri þeim frá hve stóran hlut hann hyggst eignast. Hlutaðeigandi verður einnig að tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu ef hann hyggst auka virka eignarhlutdeild sína þannig að atkvæðisréttur hans eða hlutfall hlutafjár hans nemi 20%, 33% eða 50% eða meira eða þannig að líftryggingafélagið yrði dótturfélag hans.

Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu hafa þrjá mánuði hið mesta, frá degi þeim er tilkynning berst, eins og kveðið er á um í fyrstu undirgrein, til að andmæla þessari fyrirætlun ef þau telja aðilann, sem um getur í fyrstu undirgrein, ekki hæfan til að tryggja trausta og varfærna stjórnun viðkomandi líftryggingafélags. Ef þau andmæla ekki fyrirætluninni sem um ræðir geta þau ákveðið hvenær henni skuli í síðasta lagi hrundið í framkvæmd.

2. Aðildarríkin skulu krefjast þess að einstaklingur eða löggjafarstjórn sem hyggst ráðstafa, beint eða óbeint, virkri eignarhlutdeild í líftryggingafélagi tilkynni það áður lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu og skýri þeim frá hve stórum hluta í félaginu hann hyggist ráða yfir. Hlutaðeigandi verður einnig að tilkynna lögbærum yfirvöldum ef hann hyggst minnka virka eignarhlutdeild sína þannig að atkvæðisréttur hans eða hlutfall hlutafjár fari niður fyrir 20%, 33%, 50% eða þannig að líftryggingafélagið hætti að vera dótturfélag hans.

3. Þegar líftryggingafélög fá vitneskju um öflun og ráðstöfun á eignarhlutum í eigin fé þeirra sem veldur því að eignarhlutar fara yfir eða undir mörkin sem tilgreind eru í 1. og 2. mgr. skulu þau þegar í stað tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu.

Einnig skulu þau a.m.k. einu sinni á ári tilkynna þeim um nöfn hluthafa og aðila sem eiga virka eignarhlutdeild og upphæð þess hlutfjár samkvæmt því sem gefið er upp, t.d. á aðalfundum hluthafa og félagsaðila eða með hliðsjón af reglum sem settar eru um félög sem skráð eru í kauphöllum.

4. Aðildarríkin skulu krefjast þess að þegar áhrif þeirra aðila sem um getur í 1. mgr. eru líkleg til að ganga gegn traustri og varfærinni stjórnun líftryggingafélagsins skuli lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu grípa til viðeigandi ráðstafana til að binda enda á það ástand. Slíkar ráðstafanir geta t.d. verið lögbann, refsiaðgerðir gagnvart stjórnendum og forstöðumönnum eða svipting atkvæðisréttar sem fylgir hlutabréfum þeirra hluthafa og aðila sem um ræðir.

Svipaðar ráðstafanir skulu gilda gagnvart einstaklingum og lögpersónum sem ekki standa við þá skuldbindingu að veita upplýsingar fyrir fram, eins og kveðið er á um í 1. mgr. Ef eignarhlutar er aflað þrátt fyrir andstöðu lögbærra yfirvalda skulu aðildarríkin, óháð öðrum refsiaðgerðum sem gripið er til, sjá svo um að viðkomandi sé sviptur atkvæðisrétti sínum tímabundið eða að greidd atkvæði séu ógild eða hægt sé að ógilda þau.

#### 16. gr.

#### Þagnarskylda

1. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um að allir þeir sem vinna fyrir eða hafa unnið fyrir lögbær yfirvöld, sem og endurskoðendur eða sérfræðingar sem koma fram fyrir hönd lögbærra yfirvalda, séu bundnir þagnarskyldu. Þetta merkir að þeir mega ekki skýra neinum einstaklingum eða yfirvöldum frá trúnaðarmálum sem þeir öðlast vitneskju um við skyldustörf sín nema um sé að ræða ágríp eða samantekt af því tagi að ekki sé unnt að bera kennsl á einstök líftryggingafélög, þó með fyrirvara um mál sem heyra undir hegningarlög.

Þó má skýra frá trúnaðarupplýsingum í málum sem heyra undir einkamálarétt eða verslunarrétt ef líftryggingafélag hefur verið lýst gjaldþrota eða tekið nauðugt til slitameðferðar snerti þau ekki þriðju aðila sem reyna að bjarga áðurnefndu félagi.

2. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir að lögbær yfirvöld í hinum ýmsu aðildarríkjum skiptist á upplýsingum samkvæmt tilskipunum sem gilda um líftryggingafélög. Slíkar upplýsingar skulu háðar ákvæði um þagnarskyldu svo sem kveðið er á um í 1. mgr.

3. Aðildarríkjunum er því aðeins heimilt að gera samstarfssamninga um upplýsingaskipti við lögbær yfirvöld í þriðju löndum, eða yfirvöld eða stofnanir í þriðju löndum, eins og skilgreint er í 5. og 6. mgr., að tryggt sé að um upplýsingarnar gildi þagnarskylda í a.m.k. sama mæli og um getur í þessari grein. Slík upplýsingaskipti verða að vera ætluð til þess að fyrrgreind yfirvöld eða stofnanir geti sinnt eftirlitshlutverki sínu.

Séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis frá lögbærum yfirvöldum sem hafa afhent þær og þá einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

4. Lögbær yfirvöld sem fá vitneskju um trúnaðarmál í samræmi við 1. eða 2. mgr. mega einungis notfæra sér hana við skyldustörf sín:

— til að fylgjast með því að skilyrði fyrir því að hefja líftryggingastarfsemi séu uppfyllt og til að auðvelda eftirlit með slíkri starfsemi, einkum m.t.t. eftirlits með líftryggingaskuld, gjaldþoli, stjórnunar- og bókhaldsaðferðum og innri eftirlitskerfum, eða

— til að beita refsiaðgerðum eða

— þegar ákvörðun lögbærs yfirvalds er áfrýjað eða

— við dómsmál sem eru höfðuð skv. 67. gr. eða sérákvæðum í þessari tilskipun og öðrum tilskipunum um líftryggingafélög.

5. Ákvæði 1. og 4. mgr. skulu ekki útiloka upplýsingaskipti innan aðildarríkis ef um er að ræða tvenn eða fleiri lögbær yfirvöld í sama aðildarríkinu eða milli lögbærra yfirvalda í mismunandi aðildarríkjum og:

— yfirvalda sem bera ábyrgð á opinberu eftirliti með lánastofnunum og öðrum fjármálastofnunum og yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með fjármálamörkuðum,

— stofnana sem hafa afskipti af félagsslitum og gjaldþroti líftryggingafélaga og annarri sambærilegri málsmeðferð og

— aðila sem bera ábyrgð á framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar á reikningum líftryggingafélaga og annarra fjármálastofnana,

þegar þau gegna eftirlitshlutverki sínu eða veita stofnunum sem stjórna (lögboðinni) slitameðferð eða ábyrgðarsjóðum nauðsynlegar upplýsingar til að gegna starfi sínu. Upplýsingar sem þessi yfirvöld, stofnanir og aðilar fá skulu háðar skilyrðum um þagnarskyldu svo sem kveðið er á um í 1. mgr.

6. Þrátt fyrir 1.-4. mgr. geta aðildarríkin heimilað upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og:

- yfirvalda sem eru ábyrg fyrir eftirliti með stofnunum sem tengjast félagsslitum og gjaldþrotaskiptum líftryggingafélaga og annarri sambærilegri meðferð eða
- yfirvalda sem annast eftirlit með aðilum sem falin er lögboðin endurskoðun reikninga váttryggingafélaga, lánastofnana, fjárfestingarfyrirtækja og annarra fjármagnsfyrirtækja eða
- óháðra tryggingafræðinga váttryggingafélaga sem annast lögboðið eftirlit með þeim félögum, svo og stofnana sem eru ábyrgar fyrir eftirliti með þessum tryggingafræðingum.

Aðildarríki sem nýta sér þann kost sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein skulu krefjast þess að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

- upplýsingarnar skal nota í því skyni að hafa umsjón með og annast lögboðið eftirlit eins og um getur í fyrstu undirgrein,
- um upplýsingar sem eru fengnar í þessu sambandi skulu gilda ákvæði 1. mgr. um þagnarskyldu,
- séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis frá lögbæru yfirvöldunum sem afhentu þær og þá einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum hvaða yfirvöld, aðilar og stofnanir geta þegið upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein.

7. Þrátt fyrir 1.-4. mgr. geta aðildarríkin, með það að markmiði að auka stöðugleika fjármálakerfisins og gera það heilsteypara, heimilað skipti á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda og yfirvalda eða stofnana sem hafa það hlutverk samkvæmt lögum að ljóstra upp um og rannsaka brot á félagarétti.

Aðildarríki, sem nýta sér þann kost sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, skulu krefjast þess að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

- upplýsingarnar skulu notaðar í þeim tilgangi að vinna verkið sem um getur í fyrstu undirgrein,
- um upplýsingar sem eru fengnar í þessu sambandi skulu gilda ákvæði 1. mgr. um þagnarskyldu,
- séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis frá lögbæru yfirvöldunum sem afhentu þær og þá einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa veitt samþykki fyrir.

Ef svo ber undir í aðildarríki að yfirvöld eða stofnanir, sem um getur í fyrstu undirgrein, njóta við upplýsstrarir eða rannsóknir sínar aðstoðar aðila, sem hafa verið tilnefndir í þessu skyni vegna sérþekkingar sinnar en starfa ekki á vegum hins opinbera, er heimilt að láta hugsanleg upplýsingaskipti, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, ná einnig til slíkra aðila með þeim skilyrðum sem sett eru í annarri undirgrein.

Við beitingu þriðja undirliðar annarrar undirgreinar ber yfirvöldum eða stofnunum, sem um getur í fyrstu undirgrein, að gera lögbæru yfirvöldunum, sem afhentu upplýsingarnar, grein fyrir nöfnum og umboði einstaklinganna sem eiga að fá þær.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum hvaða yfirvöldum eða stofnunum er heimilt að þiggja upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein.

Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 31. desember 2000, taka saman skýrslu um beitingu þessarar málsgreinar.

8. Aðildarríkin geta leyft lögbærum yfirvöldum að veita:

- seðlabönkum og öðrum stofnunum sem gegna svipuðu hlutverki sem yfirvöld á sviði peningamála,
- eftir atvikum, öðrum opinberum yfirvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með greiðslukerfum,

upplýsingar sem koma að haldi við störf þeirra, og heimilað þessum yfirvöldum eða stofnunum að koma á framfæri við lögbær yfirvöld upplýsingum sem þau geta þurft á að halda með tilliti til 4. mgr. Um upplýsingar sem eru fengnar í þessu sambandi skulu gilda ákvæði um þagnarskyldu samkvæmt þessari grein.

9. Þar að auki geta aðildarríkin, þrátt fyrir 1. og 4. mgr. og samkvæmt heimild í lögum, heimilað að öðrum deildum stjórnarskrifstofa, sem bera ábyrgð á löggjöf um eftirlit með lánastofnunum, fjármálastofnunum, fjárfestingarfyrirtækjum og líftryggingafélögum, og skoðunarmönnum sem koma fram fyrir hönd þessara deilda, sé skýrt frá vissum upplýsingum.

Slíkar upplýsingar má þó aðeins veita þegar þess er þörf vegna varfærnisefirlits með starfsemi.

Þó skulu aðildarríkin kveða á um að upplýsingar, sem fengnar eru skv. 2. og 5. mgr. eða með sannpröfun á staðnum, svo sem um getur í 11. gr., megi aldrei veita í þeim tilvikum sem um getur í þessari málsgrein nema með ótvíræðu samþykki lögbærra yfirvalda aðildarríkisins sem afhentu upplýsingarnar eða lögbærra yfirvalda aðildarríkisins þar sem sannpröfunin á staðnum fór fram.

## 17. gr.

**Skyldur endurskoðenda**

1. Aðildarríkin skulu að lágmarki kveða á um að:

a) hverjum þeim aðila, sem til þess hefur heimild í skilningi tilskipunar ráðsins 84/253/EBE <sup>(1)</sup> og annast í líftryggingafélagi það verk sem er lýst í 51. gr. tilskipunar ráðsins 78/660/EBE <sup>(2)</sup>, 37. gr. tilskipunar ráðsins 83/349/EBE, eða 31. gr. tilskipunar 85/611/EBE <sup>(3)</sup>, eða annað lögbodid verk, skuli skylt að upplýsa jafnharðan lögbær yfirvöld um málsatvik eða ákvarðanir sem snerta félagið og viðkomandi hefur orðið áskynja um í starfi sínu og líklegt er að:

— í felist að efnislega er gengið á svig við lög eða stjórnsluákvæði þar sem mælt er fyrir um skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis eða fjallað er sérstaklega um starfsemi líftryggingafélaga eða

— hafi áhrif á áframhaldandi rekstur líftryggingafélags eða

— leiði til þess að ekki er skrifað upp á reikningana eða að fyrirvarar eru settir,

b) þessum sama einstaklingi beri skylda til að upplýsa um málsatvik og ákvarðanir, sem hann verður áskynja um í starfi sínu, eins og um getur í a-lið, í félagi sem hefur nán tengsl vegna yfirráðatengsla við líftryggingafélagið þar sem hann sinnir framangreindu starfi.

2. Aðilar sem hafa heimild í skilningi tilskipunar 84/253/EBE til að upplýsa í góðri trú lögbær yfirvöld um málsatvik eða ákvarðanir teljast ekki hafa brotið gegn ákvæðum um takmörkun á birtingu upplýsinga sem mælt er fyrir um í samningi eða laga- eða stjórnsluákvæðum og skal ekki kalla þá til ábyrgðar með neinum hætti.

## 18. gr.

**Rekstur líftrygginga- og skaðatryggingastarfsemi**

1. Með fyrirvara um 3. og 7. mgr. er óheimilt að veita félagi starfsleyfi bæði samkvæmt þessari tilskipun og tilskipun 73/239/EBE.

2. Þó geta aðildarríkin, þrátt fyrir 1. mgr., kveðið á um að:

— félög sem eru með starfsleyfi samkvæmt þessari tilskipun geti einnig fengið starfsleyfi í samræmi við 6. gr. tilskipunar 73/239/EBE fyrir áhættu sem talin er

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 126, 12.5.1984, bls. 20.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB (Stjtið. EB L 283, 27.10.2001, bls. 28).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/108/EB (Stjtið. EB L 41, 13.2.2002, bls. 35).

upp í greinaflokkum 1 og 2 í viðaukanum við þá tilskipun,

— félög sem eru með starfsleyfi skv. 6. gr. tilskipunar 73/239/EBE fyrir þá áhættu eingöngu sem talin er upp í greinaflokkum 1 og 2 í viðaukanum við þá tilskipun geti einnig fengið starfsleyfi samkvæmt þessari tilskipun.

3. Með fyrirvara um 6. mgr. er félögum sem um getur í 2. mgr. og félögum sem:

— 1. janúar 1981, að því er varðar félög með starfsleyfi í Grikklandi,

— 1. janúar 1986, að því er varðar félög með starfsleyfi á Spáni og í Portúgal,

— 1. janúar 1995, að því er varðar félög með starfsleyfi í Austurríki, Finnlandi og Svíþjóð, og

— 15. mars 1979, að því er varðar öll önnur félög,

stunduðu samtímis þá starfsemi sem þessi tilskipun tekur til og þá sem tilskipun 73/239/EBE tekur til, heimilt að halda því áfram að því tilskildu að rekstur starfseminnar sé aðgreindur skv. 19. gr. þessarar tilskipunar.

4. Aðildarríkin geta kveðið á um að félögin, sem um getur í 2. mgr., hlíti gildandi bókhaldsreglum um líftryggingafélög með starfsleyfi samkvæmt þessari tilskipun að því er varðar alla sína starfsemi. Þar til samræming fer fram á þessu sviði er aðildarríkjunum einnig heimilt að kveða á um að, að því er varðar reglur um félagsslit, skuli reglur um líftryggingastarfsemi einnig eiga við um starfsemi í tengslum við áhættu sem talin er upp í greinaflokkum 1 og 2 í viðaukanum við tilskipun 73/239/EBE og félögin sem um getur í 2. mgr. stunda.

5. Þegar félag, sem stundar starfsemi sem um getur í viðauka tilskipunar 73/239/EBE, hefur fjárhagsleg, viðskiptaleg eða stjórnunarleg tengsl við líftryggingafélag, sem stundar starfsemi sem tilskipun þessi nær til, skulu lögbær yfirvöld þeirra aðildarríkja, þegar aðalskrifstofur félaganna eru á yfirráðasvæði þeirra, sjá til þess að ekki séu í gildi samningar eða fyrirkomulag milli þessara félaga sem eru þannig að reikningar félaganna gefi ranga mynd eða sem geti haft áhrif á skiptingu tekna og gjalda milli þeirra.

6. Aðildarríki getur krafist þess af líftryggingafélögum, sem hafa aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þess, að þau hætti samhlíða rekstri þeirrar tvenns konar starfsemi er þau stunduðu á þeim dögum sem um getur í 3. mgr., innan tiltekens frests sem hlutaðeigandi aðildarríki setur.

7. Ákvæði þessarar greinar skulu endurskoðuð á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins í ljósi frekari samræmingar á reglunum um félagsslit og eigi síðar en 31. desember 1999.

## 19. gr.

**Aðskilinn rekstur líftrygginga- og skaðatryggingastarfsemi**

1. Aðgreindum rekstri skv. 3. mgr. 18. gr. skal haga þannig að starfsemi, sem tilskipun þessi nær til, sé haldið aðskilinni frá starfsemi sem um er fjallað í tilskipun 73/239/EBE til að:

- hagsmunir líftryggingartaka og skaðatryggingataka hverra um sig skaðist ekki og einkum sé þess gætt að hagnaður af líftryggingastarfsemi komi líftryggingartökum til góða á sama hátt og ef félagið ræki einungis líftryggingastarfsemi,
- hvorug starfsemin beri fjárhagslegar skuldbindingar hinnar samkvæmt því lágmarki sem krafist er einkum um gjaldþol, þ.e. sú starfsemi sem fellur undir tilskipun þessa og sú sem er samkvæmt tilskipun 73/239/EBE.

Félagi er þó heimilt, að uppfylltum fjárhagslegum lágmarksskilyrðum svo sem skilgreint er nánar í öðrum undirlið fyrstu undirgreinar, að nýta sér í hvorri starfseminni sem er þá sérstaklega tilgreindu liði sem gjaldþol samanstendur af og eru til ráðstöfunar enda sé lögbærum yfirvöldum tilkynnt þar um.

Lögbær yfirvöld skulu greina niðurstöður úr hvorri starfseminni fyrir sig til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar málsgreinar.

2. a) Ársreikningar skulu gerðir þannig að skýrt komi fram hvernig niðurstöður hvorrar starfsemi um sig, á sviði líftrygginga og skaðatrygginga, hafi fengist. Í því skyni skulu allar tekjur (einkum iðgjöld, greiðslur frá endurtryggjendum og fjárfestingatekjur) og útgjöld (einkum váttryggingabætur, aukning líftryggingaskuldar, endurtryggingariðgjöld, rekstrarútgjöld í tengslum við váttryggingastarfsemi) sundurliðuð samkvæmt uppruna sínum. Skipting þess sem sameiginlegt er báðum tegundum starfseminnar skal gerð samkvæmt reglum sem lögbær yfirvöld samþykkja.

b) Líftryggingafélögum er skylt á grundvelli ársreiknings að semja skýrslu þar sem skýrt koma fram þeir liðir sem gjaldþol hvorrar starfsemi fyrir sig samanstendur af í samræmi við 27. gr. tilskipunar þessarar og 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 73/239/EBE.

3. Sé gjaldþol annarrar starfseminnar ekki nægilegt skulu lögbær yfirvöld beita gagnvart þeirri starfsemi þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í viðkomandi tilskipun, án tillits til þess hvaða niðurstöður hafa fengist í hinni starfseminni. Með undanþágu frá öðrum undirlið fyrstu undirgreinar 1. mgr. geta ráðstafanir þessar tekið til heimilda til færslu frá annarri starfseminni til hinnar.

## 2. KAFLI

**REGLUR UM LÍFTRYGGINGASKULD OG HVERNIG HENNI SKAL MÆTT**

## 20. gr.

**Útreikningur á líftryggingaskuld**

1. Heimaaðildarríkin skulu gera kröfu um að sérhvert líftryggingafélag ákvarði fullnægjandi líftryggingaskuld, þ.m.t. líftryggingasjóðir, í tengslum við heildarstarfsemi sína.

Ákvarða skal fjárhæð slíkrar líftryggingaskuldar í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

A. i) Fjárhæð líftryggingaskuldar skal reiknuð út samkvæmt nægilega varfærnislegu tryggingafræðilegu framtíðarmati, að teknu tilliti til allra framtíðarskuldbindinga sem kveðið er á um í skilmálum hvers samnings sem er fyrir hendi, þ.m.t.:

— allar tryggðar bætur, þ.m.t. tryggt endurkaupsverð,

— ágóðahlutdeild sem váttryggingatakar eiga rétt á, sameiginlega eða hver fyrir sig, óháð því hvernig hún er tilgreind, áunnin, yfirlýst eða henni úthlutað,

— kaupréttur sem váttryggingataka stendur til boða samkvæmt samningsskilmálum,

— útgjöld, þ.m.t. umboðslaun,

þannig að tekið er mið af iðgjöldum sem falla til í framtíðinni.

ii) Heimilt er að nota aðferð sem byggist á fortíðarmati ef sýnt er að reiknuð líftryggingaskuld samkvæmt henni er ekki lægri en krafist er þegar stuðst er við nægilega varfærnislegt útreiknað framtíðarmat eða ef ekki er unnt að nota framtíðarmat fyrir þá tegund samnings.

iii) Varfærnislegt mat er ekki það sama og mat sem byggist á líklegustu tilgátum heldur skal það vera nægilega sveigjanlegt til að rúma óæskileg frávik viðkomandi þátta.

iv) Aðferðin við mat á líftryggingaskuld skal ekki eingöngu vera varfærnisleg í sjálfu sér heldur einnig varfærnisleg með hliðsjón af aðferðinni við mat á eignum til jöfnunar skuldinni.

v) Líftryggingaskuld skal reiknuð út sérstaklega fyrir hvern samning. Þó er heimilt að nota viðeigandi aðferðir sem byggjast á nálgun eða almennum reglum ef ástæða er til að ætla að þær sýni nánast sömu niðurstöðu og einstakir útreikningar. Meginreglan um sérstaka útreikninga skal á engan hátt koma í veg fyrir að sett séu viðbótarákvæði vegna almennrar áhættu sem ekki er tilgreind sérstaklega.

vi) Ef endurkaupsverð samnings er tryggt skal fjárhæð líftryggingasjóðs vegna samningsins ætíð vera a.m.k. jafnhá því verðgildi sem tryggt er á þeim tíma.

B. Vaxtaprósentan sem er notuð skal valin á varfærinn hátt. Hún skal ákveðin í samræmi við reglur lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríkinu samkvæmt eftirfarandi meginreglum:

a) Lögbært yfirvald í heimaaðildarríki líftryggingafélagsins skal ákveða eina eða fleiri hámarksvaxtatölur fyrir alla samninga, einkum í samræmi við eftirfarandi reglur:

i) Ef samningur felur í sér vaxtategyggingu skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu ákveða fasta hámarksvexti. Þeir geta verið mismunandi eftir því við hvaða gjaldmiðil samningurinn er bundinn, svo fremi þeir séu ekki yfir 60% af vöxtum ríkisskuldabréfa ef samningurinn er bundinn við gjaldmiðil þess ríkis.

Ef aðildarríki ákveður samkvæmt öðrum málslíð fyrstu undirgreinar að setja hámarksvexti fyrir samninga sem eru bundnir við gjaldmiðil annars aðildarríkis skal það fyrst ráðfæra sig við lögbær yfirvöld í aðildarríkinu sem ræður yfir þeim gjaldmiðli sem samningurinn er bundinn við.

ii) Ef eignir líftryggingafélags eru ekki metnar á kaupverði getur aðildarríki þó kveðið á um að heimilt sé að nota eina eða fleiri hámarksvaxtatölu þar sem tekið er mið af arði af samsvarandi eignum félagsins, að frádregnu hæfilegu varfærnisálagi og, einkum að því er varðar samninga með reglubundnum iðgjöldum, þar sem að auki er tekið mið af áætluðum hagnaði af eignum í framtíðinni. Hæfilegt varfærnisálag og hámarksvextir sem notaðir eru fyrir áætlaðan hagnað af eignum í framtíðinni skal ákveðin af lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu.

b) Ákvörðun á hámarksvöxtum felur ekki í sér að líftryggingafélagið sé skuldbundið til að nota svo háa vexti.

c) Heimaaðildarríkið getur ákveðið að beita ekki a-lið gagnvart eftirfarandi samningsflokkum:

— einingabundnum samningum,

— samningum með eingreiðsluiðgjöldum til allt að átta ára,

— samningum sem eru án hagnaðarkröfu og lífeyristryggingasamningum án endurkaupsverðs.

Í þeim tilvikum sem um getur í öðrum og þriðja undirlið fyrstu undirgreinar er við val á varfærnislegum vöxtum heimilt að taka mið af

gjaldmiðlinum sem samningurinn er bundinn við og samsvarandi eignum félagsins og áætluðum hagnaði af eignum í framtíðinni ef eignir félagsins eru metnar á núvirði.

Vextirnir sem eru notaðir mega ekki undir neinum kringumstæðum vera hærri en hagnaður af eignum eins og hann er reiknaður samkvæmt bókhalds-aðferðum í heimaaðildarríkinu, að frádreginni viðeigandi fjárhæð.

d) Aðildarríki skal gera kröfu um að líftryggingafélag myndi sjóð í reikningum sínum til að mæta vaxtaskuldbindingum gagnvart váttryggingatökum ef hagnaður eða fyrirsjáanlegur hagnaður af eignum félagsins nægir ekki til að mæta þessum skuldbindingum.

e) Framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum skal samkvæmt beiðni tilkynnt um hámarksvexti sem ákveðnir eru skv. a-lið.

C. Tölfræðilegir þættir, sem notaðir eru við mat og þættir til að reikna út útgjöld, skulu valdir á varfærnislegan hátt, að teknu tilliti til ríkisins þar sem gengist er undir skuldbindinguna, tegundar tryggingarinnar, rekstrarkostnaðar og áætlaðra umboðslauna.

D. Ef um er að ræða hlutdeildarsamninga er við útreikning líftryggingaskuldar heimilt að taka mið af, beint eða óbeint, hvers konar ágóðahlutdeild í framtíðinni sem er í samræmi við annað framtíðarmat og gildandi aðferðir við úthlutun á ágóðahlutdeild.

E. Sjóð vegna útgjalda í framtíðinni er heimilt að mynda á óbeinan hátt, t.d. með því að nota iðgjöld sem falla til í framtíðinni, að frádregnum stjórnunarkostnaði. Þó má heildarsjóður, beint eða óbeint, ekki vera lægri en varfærnislegt mat á útgjöldum í framtíðinni.

F. Óheimilt er að breyta um aðferð frá ári til árs við útreikning á líftryggingaskuld vegna handahófskenndra breytinga á aðferðinni eða reikningsgrunni heldur skal þessi aðferð útfærð þannig að hagnaði sé skipt á viðeigandi hátt á samningstíma hværrar váttryggingar.

2. Líftryggingafélög skulu sjá til þess að reikningsgrunnur og aðferðir við útreikning á líftryggingaskuld, þ.m.t. sjóður fyrir ágóðahlutdeild, sé öllum aðgengilegur.

3. Heimaaðildarríkið skal gera kröfu um að öll líftryggingafélög noti eignir til jöfnunar líftryggingaskuld að því er varðar heildarstarfsemi þeirra í samræmi við 26. gr. Að því er varðar starfsemi innan Bandalagsins skulu þessar eignir vera staðsettar innan þess. Aðildarríkin skulu ekki gera kröfu um að líftryggingafélag hafi eignir sínar í tilteknu aðildarríki. Heimaaðildarríkið má þó heimila tilslakanir frá reglum um staðsetningu eigna.

4. Ef heimaaðildarríkið heimilar að líftryggingaskuld sé tryggð með kröfum á hendur endurtryggjendum skal það ákveða hve hátt hlutfallið megi vera. Þegar svo háttar til getur það ekki krafist þess að eignir sem samsvara slíkum kröfum séu staðsettar á tilteknum stöðum.

## 21. gr.

**Iðgjöld fyrir nýja starfsemi**

Iðgjöld fyrir nýja starfsemi skulu nægja, samkvæmt skynsamlegu tryggingafræðilegu mati, til að tryggt sé að líftryggingafélagið geti staðið við allar skuldbindingar sínar, þ.m.t. myndun fullnægjandi líftryggingaskuldar.

Í þessu skyni skal taka til greina fjárhagsstöðu líftryggingafélagsins frá öllum hliðum, þó skal þess gætt að telja ekki kerfisbundið og stöðugt með aðrar greiðslur en iðgjöld og tekjur af þeim þannig að það geti stofnað gjaldþoli félagsins í hættu til lengri tíma lítið.

## 22. gr.

**Eignir til jöfnunar líftryggingaskuld**

Val eigna til jöfnunar líftryggingaskuld skal miðast við þá starfsemi sem líftryggingafélagið stundar þannig að öryggi, ávöxtun og seljanleiki fjárfestinga þess séu tryggð en félagið skal sjá til þess að fjárfestingar séu fjölbreytilegar og hæfilega dreifðar.

## 23. gr.

**Heimilaðir eignaflokkar**

1. Heimaaðildarríki getur ekki heimilað að líftryggingafélag láti annað en eftirfarandi eignaflokka standa á bak við líftryggingaskuld sína:

**A. Fjárfestingar**

- a) skuldabréf og aðrir peninga- og fjármagnsmarkaðargerningar,
- b) útlán,
- c) hlutabréf og önnur hlutdeildarbréf með breytilegri ávöxtun,
- d) hlutir í verðbréfasjóðum og öðrum fjárfestingarsjóðum,
- e) lóðir, húseignir og réttindi sem fylgja fasteignum.

**B. Skuldir og kröfur**

- f) inneign hjá endurtryggjendum, þ.m.t. hluti endurtryggjenda í líftryggingaskuld,
- g) geymslufé og inneign hjá félögum vegna endurtrygginga,
- h) inneign hjá váttryggingatökum og miðlurum vegna frumtrygginga- og endurtryggingastarfsemi,

- i) fyrirframgreiðsla út á líftryggingaskírteini,
- j) kröfur um endurgreiðslu skatta,
- k) kröfur gagnvart ábyrgðarsjóðum.

**C. Annað**

- l) efnislegir fastafjármunir, aðrir en lóðir og húseignir sem metnir eru á grundvelli varfærnislegra afskrifta,
- m) sjóðir og bankainnstæður, innlán hjá lánastofnunum og öðrum aðilum sem hafa leyfi til að taka á móti innlánnum,
- n) yfirfærður sölukostnaður,
- o) áfallnir vextir og leiga, aðrar áfallnar tekjur og fyrirframgreiðslur,
- p) ábót á vexti (reversionary interests).

2. Ef um er að ræða samtök váttryggjenda sem þekkt eru undir nafninu Lloyd's skal eignaflokkurinn einnig taka til ábyrgða og skuldabréfa sem gefin eru út af lánastofnunum í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB<sup>(1)</sup> eða líftryggingafélögum, ásamt fjárhæðum sem unnt er að færa sönnur á og til eru komnar vegna líftryggingaskírteina enda standi þær fyrir sjóði sem tilheyrir félagsaðilum.

3. Þótt eign eða eignaflokkur sé talinn með í skránni í 1. mgr. tákna það ekki að allar þessar eignir séu sjálfkrafa viðurkenndar til jöfnunar líftryggingaskuld. Heimaaðildarríkið skal kveða á um nánari reglur um skilyrði fyrir notkun á viðurkenndum eignum, í þessu sambandi má það gera kröfu um fullgilda tryggingu eða ábyrgðir, einkum þegar um er að ræða inneign hjá endurtryggjendum.

Við ákvörðun og beitingu reglnanna sem heimaaðildarríkið setur skal það einkum tryggja að farið sé að eftirfarandi meginreglum:

- i) Mat eigna til jöfnunar líftryggingaskuld skal miðast við hreint verð þeirra að frádregnum skuldum vegna öflunar þeirra.
- ii) Allar eignir skulu metnar á varfærnisgrundvelli þannig að tekið sé mið af hættu á að ekki sé unnt að selja þær. Einkum er heimilt að viðurkenna efnislega fastafjármuni, aðra en lóðir og húseignir, til jöfnunar líftryggingaskuld þó aðeins ef þeir eru metnir á grundvelli varfærnislegra afskrifta.
- iii) Útlán, hvort sem þau eru til félaga, ríkis, alþjóðastofnana, héraðs- eða sveitarstjórna eða einstaklinga, er aðeins heimilt að viðurkenna til jöfnunar líftryggingaskuld ef þau eru tryggð með nægilegum ábyrgðum, hvort sem það byggist á stöðu lántakanda, veðum, bankaábyrgðum eða ábyrgðum sem líftryggingafélögin veita eða öðrum ábyrgðum.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2000/28/EB (Stjtið. EB L 275, 27.10.2000, bls. 37).

iv) Afleidda gerninga, s.s. kauprétt, framvirka samninga og eigna- eða skuldaskipti í tengslum við eignir til jöfnunar líftryggingaskuld, er heimilt að nota svo fremi þeir stuðli að því að draga úr fjárfestingaráhættu eða koma á árangursríkari stýringu eignasafns. Þá skal meta á varfærnisgrundvelli og heimilt er að telja þá með sem eignir sem liggja til grundvallar.

v) Aðeins er heimilt að viðurkenna til jöfnunar líftryggingaskuld framseljanleg verðbréf sem ekki er verslað með á skipulegum markaði ef unnt er að selja þau með stuttum fyrirvara eða ef þau eru eignarhlutir í lánastofnunum, líftryggingafélögum innan þeirra marka sem kveðið er á um í 6. gr. eða fjárfestingarfélögum með staðfestu í aðildarríki.

vi) Inneign hjá þriðja aðila og kröfur á hendur honum er aðeins heimilt að viðurkenna til jöfnunar líftryggingaskuld eftir að allar skuldir við sama aðila hafa verið dregnar frá.

vii) Verðgildi inneigna og krafna sem eru viðurkenndar til jöfnunar líftryggingaskuld skal reikna út á varfærnisgrundvelli að teknu tilhlýðilegu tilliti til þeirrar áhættu að ekki sé unnt að koma þeim í verð. Einkum er aðeins heimilt að viðurkenna inneignir hjá váttryggingatökum og miðlurum vegna líftrygginga- og endurtryggingastarfsemi hafi ekki liðið meira en þrjú mánuðir frá gjalddaga.

viii) Ef um er að ræða eignir í formi fjárfestinga í dótturfélagi, sem stjórnar öllum fjárfestingum líftryggingafélags eða hluta þeirra fyrir þess hönd, skal heimaaðildarríkið við beitingu á reglum og meginreglum, sem settar eru í þessari grein, taka mið af eignum dótturfélagsins sem liggja til grundvallar; heimaaðildarríkið getur meðhöndlað eignir annarra dótturfélaga á sama hátt.

ix) Yfirferðan sölukostnað er aðeins heimilt að viðurkenna til jöfnunar líftryggingaskuld sé hann í samræmi við útreikning á líftryggingasjóði.

4. Þrátt fyrir 1., 2. og 3. mgr. getur heimaaðildarríkið, í undantekningartilvikum og að beiðni líftryggingafélags, viðurkennt, tímabundið og að vandlega ígrunduðu máli, aðra eignaflokka sem tryggingu fyrir líftryggingaskuld, sbr. þó 22. gr.

24. gr.

### Reglur um fjölbreytni fjárfestinga

1. Að því er varðar eignir til jöfnunar líftryggingaskuld skal heimaaðildarríki gera kröfu um að hvert líftryggingafélag fjárfesti ekki meira en:

a) 10% af heildarlíftryggingaskuld í einni lóð eða húseign, eða nokkrum lóðum eða húseignum sem eru svo nálægt hver annarri að þær geta talist ein fjárfesting,

b) 5% af heildarlíftryggingaskuld í hlutabréfum og öðrum framseljanlegum verðbréfum, sem eru meðhöndluð sem hlutabréf, skuldabréf og aðrir peninga- eða fjármagnsmarkaðargerningar frá sama félagi, eða í lánnum, sem veitt eru sama lántakanda og sameinuð eru í eitt, í öðrum lánnum en þeim sem eru veitt ríki, héraðs- eða sveitarstjórnnum eða alþjóðastofnum sem eitt eða fleiri aðildarríki eiga aðild að. Þetta hámark má færa upp í 10% ef félagið fjárfestir ekki meira en 40% af heildarlíftryggingaskuld sinni í lánnum eða verðbréfum útgáfuaðila og lántakanda sem það fjárfestir meira en 5% af eignum sínum hjá,

c) 5% af heildarlíftryggingaskuld í ótryggðum útlánnum, þ.m.t. 1% vegna eins ótryggðs láns, burtséð frá lánnum til lánastofnana, líftryggingafélaga — svo fremi 6. gr. leyfi það — og fjárfestingarfyrirtækja með staðfestu í aðildarríki. Þessi mörk má hækka í 8% annars vegar og 2% hins vegar samkvæmt ákvörðun sem lögbært yfirvald heimaaðildarríkis tekur í einstökum tilvikum,

d) 3% af heildarlíftryggingaskuld í formi lausafjár,

e) 10% af heildarlíftryggingaskuld í hlutabréfum, öðrum verðbréfum sem eru meðhöndluð sem hlutabréf og í skuldabréfum sem ekki er verslað með á skipulegum markaði.

2. Þrátt fyrir að í 1. mgr. sé ekki kveðið á um hámark vegna fjárfestingar í tilteknum flokki þýðir það ekki að eign í þeim flokki sé viðurkennd til jöfnunar líftryggingaskuld án neinnar takmörkunar. Heimaaðildarríkið skal setja nánari reglur um skilyrði fyrir notkun á viðurkenndum eignum. Einkum skal það tryggja við ákvörðun og beitingu þessara reglna að farið sé að eftirfarandi meginreglum:

i) Eignir til jöfnunar líftryggingaskuld skulu vera fjölbreytilegar og dreifðar á þann hátt að öruggt sé að ekki sé óhóflega treyst á einn tiltekinn eignaflokk, fjármálamarkað eða fjárfestingu.

- ii) Fjárfestingar í sérstökum tegundum eigna sem mikil áhætta fylgir, hvort sem það er vegna eðlis eignarinnar eða styrks útgefanda, skal takmarka við skynsamleg mörk.
- iii) Takmarkanir á sérstökum flokkum eigna skulu miðast við hvernig endurtryggjandi er meðhöndlaður við útreikning á líftryggingaskuld.
- iv) Ef um er að ræða eignir í formi fjárfestinga í dótturfélagi, sem stjórnar öllum fjárfestingum líftryggingafélags eða hluta þeirra fyrir þess hönd, skal heimaaðildarríkið við beitingu á reglum og meginreglum sem settar eru í þessari grein taka mið af eignum dótturfélagsins sem liggja til grundvallar; heimaaðildarríkið getur meðhöndlað eignir annarra dótturfélaga á sama hátt.
- v) Sá hundradshluti eigna til jöfnunar líftryggingaskuld, sem telst til bundinna fjárfestinga, skal takmarkaður við skynsamlegt mark.
- vi) Ef eignirnar taka einnig til útlána til tiltekinna lánastofnana eða skuldabréfa, sem gefin eru út af slíkum stofnunum, getur heimaaðildarríkið, við beitingu reglna og meginreglna sem settar eru í þessari tilskipun, tekið mið af eignum sem liggja til grundvallar og slíkar lánastofnanir eiga. Eingöngu er heimilt að hafa þennan hátt á ef lánastofnunin hefur aðalskrifstofu í aðildarríki, er að öllu leyti í eigu þessa aðildarríkis og/eða sveitarstjórna þessa ríkis og starfsemi hennar, í samræmi við stofnsamþykktir, felst í því að miðla lánunum til ríkis eða sveitarstjórna eða lánunum sem ríki og sveitarstjórnir ábyrgjast eða lánunum til stofnana sem eru nátengdar ríki eða sveitarstjórnunum.
3. Að því er varðar nánari reglur um skilyrði fyrir notkun á viðurkenndum eignum skal aðildarríkið beita meiri takmörkunum gagnvart:
- lánunum sem eru ekki með bankaábyrgð, ábyrgð líftryggingafélagsins, veði eða annarri tryggingu en gagnvart lánunum með slíkum ábyrgðum,
  - verðbréfasjóðum sem eru ekki samræmdir í skilningi tilskipunar 85/611/EBE og öðrum fjárfestingarsjóðum en gagnvart verðbréfasjóðum í skilningi þeirrar tilskipunar,
  - verðbréfum sem er ekki verslað með á skipulegum markaði en gagnvart þeim sem verslað er með á skipulegum markaði,
  - skuldabréfum og öðrum peninga- og fjármagnsmarkaðargemingum, sem eru ekki gefin út af ríki, héraðs- eða sveitarstjórnunum eða fyrirtækjum sem tilheyra svæði A, samanber skilgreiningu í tilskipun 2000/12/EB, eða sem eru gefin út af alþjóðastofnunum sem ekkert aðildarríkjanna á aðild að en gagnvart fjármálaskjölum sem eru gefin út af slíkum stofnunum.

4. Aðildarríkin geta hækkað mörkin, sem sett eru í b-lið 1. mgr., í 40% ef um er að ræða tiltekin skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnun með aðalskrifstofu í aðildarríki og lög um sérstakt opinbert eftirlit, sem ætlað er til að vernda handhafa þessara skuldabréfa, gilda um. Einkum verður að fjárfesta ágóða af útgáfu slíkra skuldabréfa samkvæmt lögum í eignum sem geta staðið undir kröfum sem fylgja skuldabréfunum allan þann tíma sem þau eru í gildi og standi útgefandi bréfanna ekki í skilum skal endurgreiðsla höfuðstóls og áfallinna vaxta af þeim hafa forgang af andvirði eignanna.

5. Aðildarríkin geta ekki gert kröfu um að líftryggingafélag fjárfesti í tilteknum eignaflokkum.

6. Þrátt fyrir 1. mgr. getur heimaaðildarríkið, í undantekningartilvikum og að beiðni líftryggingafélagsins, tímabundið og samkvæmt vandlega rökstuddri ákvörðun, heimilað undanþágur frá reglunum í a- til e-lið í 1. mgr., sbr. þó 22. gr.

25. gr.

#### Samningar tengdir verðbréfasjóðum eða hlutabréfavisitölu

1. Þegar bætur samkvæmt samningi eru með beinum hætti tengdar verðgildi eininga í verðbréfasjóði eða verðgildi eigna á sjóðum, sem eru í vörslu líftryggingafélagsins og er yfirleitt skipt í einingar, skal líftryggingaskuld vegna bótanna mætt, eins og hægt er, með þessum einingum eða, þegar slíkar einingar eru ekki fyrir hendi, með þessum eignum.

2. Ef bætur samkvæmt samningi eru með beinum hætti tengdar hlutabréfavisitölu eða einhverju öðru viðmiðunargildi en því sem um getur í 1. mgr. skal líftryggingaskuld vegna bótanna mætt, eins og hægt er, annaðhvort með einingum sem taldar eru sýna viðmiðunargildið eða, ef þessar einingar eru ekki fyrir hendi, með hæfilega öruggum og söluhæfum eignum sem samsvara eins og hægt er þeim eignum sem hið tiltekna viðmiðunargildi byggist á.

3. Ákvæði 22. og 24. gr. gilda ekki um eignir sem standa á bak við skuldbindingar sem tengjast beint þeim bótum sem um getur í 1. og 2. mgr. Tilvísanir til líftryggingaskuldarrinnar í 24. gr. teljast vera tilvísun í líftryggingaskuld að undanskilinni þeirri sem er til komin vegna slíkra skuldbindinga.

4. Ef bæturnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., fela í sér tryggingar vegna fjárfestingarhagnaðar eða annars tryggðs ávinnings gilda 22., 23. og 24. gr. um samsvarandi viðbótarlíftryggingaskuld.

26. gr.

### Reglur um jöfnun

1. Að því er varðar 3. mgr. 20. gr. og 54. gr. skulu aðildarríkin fara að II. viðauka við þessa tilskipun að því er varðar reglur um jöfnun.
2. Þessi grein gildir ekki um skuldbindingarnar í 25. gr.

### 3. KAFLI

### REGLUR UM GJALDPÓL OG ÁBYRGDARSJÓÐ

27. gr.

### Handbært gjaldþol

1. Aðildarríki skal gera kröfu um að þau líftryggingafélög, sem eru með aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þess, hafi ætíð handbært gjaldþol vegna starfseminnar í heild sem sé fullnægjandi og a.m.k. í samræmi við kröfur í þessari tilskipun.

2. Handbært gjaldþol skal samanstanda af hreinum eignum líftryggingafélagsins sem ekki tengjast neinum fyrirsjáanlegum skuldbindingum, að frádregnum öllum óefnislegum liðum, þ.m.t.:

a) innborgað hlutfé eða, ef um er að ræða gagnkvæmt líftryggingafélag, upphaflegt stofnfé að viðbættum reikningum félagsaðila, sem uppfylla öll eftirtalin skilyrði:

- i) í stofnsamþykktum skal kveðið á um að ekki sé heimilt að greiða félagsaðilum af þessum reikningum hafi það í för með sér að handbært gjaldþol fari niður fyrir tilskilið lágmark eða, ef um er að ræða félagsslit, skuli fyrst gera upp allar aðrar skuldir félagsins,
- ii) í stofnsamþykktum skal kveðið á um að, að því er varðar greiðslur sem um getur í i-lið af öðrum ástæðum en við útgöngu einstakra félagsaðila, skuli lögbærum yfirvöldum tilkynnt um það með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara og geta þau, þar til sá tími rennur út, bannað greiðslu,

iii) eingöngu er heimilt að breyta viðkomandi ákvæðum í stofnsamþykktum eftir að lögbær yfirvöld hafa lýst því yfir að þau hreyfi engum andmælum við breytingunni, sbr. þó skilyrðin sem kveðið er á um í i- og ii-lið,

b) varasjóðir (bundnir og frjálsir) sem ekki tengjast váttryggingaskuldbindingum,

c) óráðstafaður hagnaður að frádregnu ójöfnuðu tapi og arðgreiðslum,

d) enn fremur, að því marki sem landslög heimila, ágóðasjóðir sem koma fram í efnahagsreikningi og nota má til að mæta tapi af hvaða orsökum sem það stafar, hafi ekki þegar verið tekin ákvörðun um ráðstöfun þeirra til váttryggingataka.

Handbært gjaldþol skal lækkað um fjárhæð sem nemur eign líftryggingafélagsins í eigin hlutabréfum.

3. Til handbærs gjaldþols má einnig telja:

a) samanlagða fjárhæð forgangshlutfjár og víkjandi lána sem ekki mega fara yfir 50% af handbæru gjaldþoli eða tilskildu gjaldþoli, hvort sem lægra reynist, og þar af mega víkjandi lán með fastan gjalddaga eða heildarfjárhæð forgangshlutfjár með fastan lánstíma ekki fara yfir 25%, að því tilskildu að, ef um er að ræða gjaldþrot eða slit líftryggingafélags, til sé bindandi samkomulag um að víkjandi lánnum eða forgangshlutabréfum sé skipað aftar kröfum allra annarra kröfuhafa og verði ekki endurgreidd fyrir en allar aðrar útstandandi skuldir hafa verið greiddar.

Víkjandi lán verður einnig að uppfylla eftirtalin skilyrði:

i) aðeins er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir,

ii) upphaflegur lánstími lána með föstum gjalddaga skal ekki vera skemmri en fimm ár. Eigi síðar en einu ári áður en kemur að endurgreiðslu skal líftryggingafélagið leggja fyrir lögbær yfirvöld áætlun um hvernig handbæru gjaldþoli skuli haldið eða það aukið þannig að það nái tilskildu marki á gjalddaga, nema um sé að ræða lán sem unnt er að telja sem hluta af handbæru gjaldþoli og sem unnt er að lækka í áföngum, a.m.k. á síðustu fimm árunum fyrir endurgreiðslu. Lögbær yfirvöld geta veitt heimild til að flýta endurgreiðslu slíkra lána svo fremi líftryggingafélagið sæki um það og að því tilskildu að handbært gjaldþol fari ekki niður fyrir tilskilið lágmark,

iii) lán sem eru ekki með föstum gjalddaga skulu vera með fimm ára uppsagnarfresti nema lánið teljist ekki lengur hluti af handbæru gjaldþoli eða að samþykki lögbærra yfirvalda þurfi til að það fái greitt fyrir. Í síðara tilvikinu verður líftryggingafélagið að senda lögbærum yfirvöldum tilkynningu a.m.k. sex mánuðum fyrir áætlaðan greiðsludag þar sem það tilgreinir handbært gjaldþol og tilskilið gjaldþol bæði fyrir og eftir endurgreiðsluna. Lögbær yfirvöld skulu eingöngu heimila endurgreiðslu fari tiltækt gjaldþol líftryggingafélagsins ekki niður fyrir tilskilið lágmark,

iv) lánasamningurinn má ekki fela í sér nein ákvæði þar sem gert er ráð fyrir að lán verði við sérstakar aðstæður endurgreitt fyrir en á gjalddaga nema um sé að ræða slit líftryggingafélagsins,

v) eingöngu er heimilt að breyta lánasamningnum eftir að lögbær yfirvöld hafa lýst því yfir að þau hreyfi ekki andmælum við breytingunni,

b) verðbréf án tiltekins lánstíma og aðrir gerningar, þ.m.t. forgangshlutabréf, önnur en þau sem um getur í a-lið, og vijkandi lánin, sem um getur í a-lið, mega vera allt að 50% af því sem lægra er af handbæru gjaldþoli og tilskildu gjaldþoli, að því tilskildu að þau uppfylli eftirtalin skilyrði:

- i) óheimilt sé að endurgreiða þau að frumkvæði handhafa eða án þess að lögbært yfirvald hafi áður veitt samþykki sitt,
- ii) útgáfusamningurinn verður að gera líftryggingafélaginu kleift að fresta greiðslu vaxta af láninu,
- iii) skipa skal kröfum lánveitanda á hendur líftryggingafélaginu aftar öllum öðrum kröfum kröfuhafa sem ekki eru vijkandi,
- iv) í skjölunum, sem gilda um útgáfu verðbréfanna, skal kveðið á um að nota meg skuldir og ógreidda vexti til að mæta tapi á meðan líftryggingafélaginu er gert kleift að halda áfram starfsemi sinni,

v) aðeins er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir.

4. Samkvæmt rökstuddri umsókn félags til lögbærs yfirvalds heimaðildarríkis og að fengnu samþykki viðkomandi lögbærs yfirvalds má einnig telja til handbærs gjaldþols:

a) til 31. desember 2009, fjárhæð sem nemur 50% af framtíðarhagnaði félagsins en þó aldrei meira en 25% af handbæru gjaldþoli og tilskildu gjaldþoli, hvort sem lægra reynist. Fjárhæð framtíðarhagnaðar fæst með því að margfalda áætlaðan árshagnað með stuðli sem sýnir meðalárafrjölda sem líftryggingaskírteini eiga eftir að vera í gildi. Stuðullinn má þó aldrei vera hærri en sex. Áætlaður árshagnaður skal ekki fara yfir meðalhagnað næstliðinna fimm fjárhagsára fyrir þá starfsemi sem skráð er í 1. mgr. 2. gr.

Lögbær yfirvöld geta einungis samþykkt að slík fjárhæð sé hluti af handbæru gjaldþoli:

- i) þegar lögð hefur verið fyrir lögbær yfirvöld tryggingafræðileg skýrsla sem rennir stoðum undir líkur á því að slíkur hagnaður verði í framtíðinni og
- ii) að svo miklu leyti sem sá hluti framtíðarhagnaðar, sem verður fyrir tilstilli dulinna nettóvarasjóða sem um getur í c- lið, hefur ekki enn verið tekinn til greina,

b) ef Zillmer-aðferð er ekki beitt eða ef henni er beitt en miðað er við álag vegna sölukostnaðar sem er lægra en samsvarandi álag fólgið í iðgjöldum, mismuninn á annars vegar líftryggingasjóði sem ekki er reiknaður samkvæmt Zillmer-aðferðinni eða reiknaður er að hluta samkvæmt Zillmer-aðferð og hins vegar líftryggingasjóði sem er reiknaður samkvæmt Zillmer-aðferð þar sem gengið er út frá álagi á iðgjöld sem samsvarar sölukostnaðinum. Upphæðin má þó ekki fara yfir 3,5% af samanlögðum mismun á

líftryggingafjárhæðum og líftryggingasjóðum vegna allra skírteina þar sem unnt er að nota Zillmer-aðferð. Frá þeim mismun skal draga allan óafskrifaðan eignfærðan sölukostnað,

- c) dulda nettóvarasjóði sem stafa af mati á eignum, að svo miklu leyti sem slíkir duldir nettóvarasjóðir eru ekki óvenjulegs eðlis,
- d) helming óinnborgaðs hlutfjár eða stofnfjár, enda nemi hlutinn, sem greiddur hefur verið, a.m.k. 25% hlutfjár eða stofnfjár, og þessi liður verði í mesta lagi 50% af handbæru gjaldþoli eða tilskildu gjaldþoli hvort sem lægra reynist.

5. Breytingar á 2., 3., og 4. mgr. til að taka tillit til þróunar sem réttlætir tæknilega aðlögun þeirra liða sem mynda mega handbært gjaldþol skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 65. gr.

28. gr.

### Tilskilið gjaldþol

1. Með fyrirvara um 29. gr. skal tilskilið gjaldþol ákvarðað eins og mælt er fyrir um í 2.-7. gr. í samræmi við þá greinaflokka líftrygginga sem félagið tekur að sér.

2. Þegar um er að ræða váttryggingar sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr., aðrar en váttryggingar tengdar fjárfestingarsjóðum og þá starfsemi sem um getur í 3. mgr. 2. gr. skal tilskilið gjaldþol nema samtölu eftirfarandi tveggja liða:

a) fyrri niðurstaða:

margfalda skal hluta sem nemur 4% af líftryggingasjóðum, í frumtryggingarstarfsemi, án frádráttar á hlut endurtryggjenda, og vegna móttækinnu endurtrygginga, með hlutfallinu milli samanlagðra líftryggingafjárhæða, að frádregnum hlut endurtryggjenda, og heildarlíftryggingafjárhæða eins og hlutfallið var á næstliðnu fjárhagsári. Þetta hlutfall má þó aldrei vera lægra en 85%,

b) seinni niðurstaða:

margfalda skal hluta, sem nemur 0,3% af áhættufjárhæð líftrygginga sem líftryggingafélag hefur tekið að sér, þar sem áhættufjárhæðin er ekki neikvæð tala, með hlutfallinu milli samanlagðrar áhættufjárhæðar í eigin áhættu félagsins eftir endurtryggingu og endurtryggingu endurtryggjenda og samanlagðrar áhættufjárhæðar án frádráttar endurtrygginga eins og það var á næstliðnu fjárhagsári; hlutfallið má þó aldrei vera lægra en 50%.

Þegar um er að ræða tímabundnar dánaráhættu-líftryggingar, að hámarki til þriggja ára, skal reikna 0,1% af fjárhæðinni. Séu líftryggingarnar til lengri tíma en þriggja ára en skemmri en fimm ára skal reikna 0,15% af fjárhæðinni.

3. Þegar um er að ræða viðbótartryggingar þær sem um getur í c-lið 1. mgr. 2. gr. skal tilskilið gjaldþol vera jafnt tilskildu gjaldþoli váttryggingafélaga sem mælt er fyrir um í 16. gr. a í tilskipun 73/239/EBE, án tillits til ákvæða 17. gr. þeirrar tilskipunar.

4. Þegar um er að ræða varanlegar heilsutryggingar án uppsagnarréttar sem getið er í d-lið 1. mgr. 2. gr. skal tilskilið gjaldþol vera jafnt og:

a) 4% af líftryggingasjóðum, reiknað í samræmi við a-lið 2. mgr. þessarar greinar, að viðbættu

b) tilskildu gjaldþoli fyrir váttryggingafélög sem mælt er fyrir um í 16. gr. a í tilskipun 73/239/EBE án tillits til ákvæða 17. gr. þeirrar tilskipunar. Þó getur krafa um að líftryggingaskírteini séu gefin út á grundvelli hóprýggingar komið í stað kröfunnar í b-lið 6. mgr. 16. gr. a um að komið sé upp sjóði vegna hækkandi aldurs.

5. Þegar um er að ræða fjármögnunarstarfsemi, sem um getur í b-lið 2. mgr. 2. gr., skal tilskilið gjaldþol vera jafnt 4% af líftryggingasjóðum, reiknað í samræmi við a-lið 2. mgr. þessarar greinar.

6. Þegar um er að ræða erfðalífrentusjóði, sem um getur í a-lið 2. mgr. 2. gr., skal tilskilið gjaldþol vera jafnt 1% af eignum þeirra.

7. Þegar um er að ræða váttryggingar skv. a- og b-lið 1. mgr. 2. gr., sem tengjast fjárfestingarsjóðum og starfsemi sem um getur í c-, d- og e-lið 2. mgr. 2. gr., skal tilskilið gjaldþol vera jafnt og summa eftirfarandi liða:

a) 4% af líftryggingaskuld, reiknað í samræmi við a-lið 2. mgr. þessarar greinar, beri líftryggingafélagið áhættu af fjárfestingu,

b) 1% af líftryggingaskuld, reiknað í samræmi við a-lið 2. mgr. þessarar greinar, ef félagið ber enga áhættu af fjárfestingu og þeirri fjárhæð, sem á að mæta rekstrarkostnaði, er dreift á lengri tíma en fimm ár,

c) 25% af nettó stjórnunarkostnaði næstliðins fjárhagsárs er lýtur að slíkri starfsemi ef félagið ber enga áhættu af fjárfestingu og rekstrarkostnaði er ekki dreift á lengri tíma en fimm ár,

d) 0,3% af áhættufjárhæð sem reiknuð er í samræmi við skilyrði, sem kveðið er á um í b-lið 2. mgr. þessarar greinar, að ef starfsemi líftryggingafélagsins nær til dánaráhættulíftrygginga.

29. gr.

### Ábyrgðarsjóður

1. Ábyrgðarsjóður skal nema þriðjungi tilskilins gjaldþols eins og það er tilgreint í 28. gr. Þessi sjóður skal myndaður af gjaldþolsliðum sem tilgreindir eru í 2. og 3. mgr. 27. gr. og, að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds heimaáildarríkis, í c-lið 4. mgr.

2. Ábyrgðarsjóður má þó ekki vera lægri en 3 milljónir evra.

Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um lækkan um einn fjórða á lágmarki ábyrgðarsjóðs þegar um er að ræða gagnkvæm félög og hliðstæð félagsform og erfðalífrentusjóði.

30. gr.

### Endurskoðun á fjárhæð ábyrgðarsjóðs

1. Fjárhæðin í evrum, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 29. gr., skal endurskoðuð árlega frá og með 20. september 2003 með hliðsjón af breytingum á evrópskri vísitölu neysluverðs sem öll aðildarríkin falla undir eins og hún er gefin út af Hagstofu Evrópubandalaganna (Eurostat).

Fjárhæðin skal aðlöguð sjálfkrafa með því að hækka grunnfjárhæðina í evrum í hlutfalli við breytingu á vísitölunni frá 20. mars 2002 til dagsetningar endurskoðunarinnar og námundað að margfeldi af 100 000 evrum.

Ef breytingin frá síðustu aðlögun er undir 5% fer engin aðlögun fram.

2. Framkvæmdastjórnin skal ár hvert tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um endurskoðunina og aðlöguðu fjárhæðina sem um getur í 1. mgr.

31. gr.

### Eignir sem ekki eru notaðar til að standa að baki líftryggingaskuld

1. Aðildarríkin skulu ekki setja neinar reglur um val eigna sem ekki er þörf á til að standa að baki líftryggingaskuldum sem um getur í 20. gr.

2. Með fyrirvara um ákvæði 20. gr. (3. mgr.), 37. gr. (1., 2., 3. og 5. mgr.) og 39. gr. (önnur undirgrein 1. mgr.) skulu aðildarríkin ekki hindra að ráðstöfun þessara eigna sé frjáls, hvort sem um er að ræða veltu- eða fastafjármuni sem eru hluti af eignum líftryggingafélags sem hefur fengið starfsleyfi.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. koma ekki í veg fyrir að aðildarríkin geti gert allar þær ráðstafanir sem þau eiga rétt á sem eigendur eða félagsaðilar eða meðeigendur viðkomandi líftryggingafélaga, jafnframt því sem þau standa vörð um hagsmuni líftryggðra.

## 4. KAFLI

**LÖG UM LÍFTRYGGINGASAMNINGA OG SKILMÁLAR SLÍKRA SAMNINGA**

## 32. gr.

**Gildandi lög**

1. Lög aðildarríkisins þar sem gengist er undir skuldbindinguna skulu gilda um samninga tengda þeirri starfsemi sem um getur í þessari tilskipun. Ef lög þess ríkis heimila það mega aðilar þó velja til þess löggjöf annars lands.

2. Nú er váttryggingartaki einstaklingur sem hefur að jafnaði aðsetur í öðru aðildarríki en þar sem hann á ríkisfang og geta þá aðilar valið löggjöf þess aðildarríkis þar sem hann á ríkisfang.

3. Nú skiptist ríki í fleiri en eina landfræðilega einingu og hver þeirra hefur eigin reglur um skuldbindingar að samningsrétti og skal þá til þess að finna hvaða löggjöf skuli gilda samkvæmt þessari tilskipun fara að eins og hver þeirra sé sérstakt land.

Aðildarríkjum, þar sem landfræðilegar einingar hafa eigin reglur um skuldbindingar að samningsrétti, er ekki skylt að beita ákvæðum tilskipunar þessarar um skil milli þeirra réttarreglna sem þar gilda.

4. Ákvæði þessarar greinar takmarka ekki að neinu leyti að beita megi lögum dómstólsins þegar svo stendur á að þeim beri að beita, án tillits til þess að önnur löggjöf myndi ella gilda um samninginn.

Ef lög aðildarríkis mæla svo fyrir má beita ófrávíkjanlegum réttarreglum aðildarríkisins þar sem gengist er undir skuldbindinguna ef, og að því marki sem skylt er samkvæmt lögum aðildarríkisins að beita þeim, þeim skal beitt óháð því hvaða lög eiga við um samninginn.

5. Með fyrirvara um 1.-4. mgr. skulu aðildarríki beita, að því er varðar líftryggingarsamninga sem um getur í þessari tilskipun, almennum reglum sínum um alþjóðlegan einkamálarétt um skuldbindingar að samningsrétti.

## 33. gr.

**Almennir hagsmunir**

Aðildarríkið þar sem gengist er undir skuldbindinguna skal ekki koma í veg fyrir að váttryggingataki geri samning við líftryggingafélag sem er með starfsleyfi samkvæmt skilyrðum 4. gr., að því tilskildu að slíkt brjóti ekki gegn lagaákvæðum sem sett eru í þágu almennra hagsmuna í aðildarríkinu þar sem gengist er undir skuldbindinguna.

## 34. gr.

**Reglur um líftryggingaskilmála og iðgjaldtaxta**

Aðildarríkjunum er ekki heimilt að setja reglur þar sem krafist er fyrirframsamþykkis við almennum og sérstökum líftryggingaskilmálum, iðgjaldatöxtum, tæknilegum grunni fyrir útreikningi á iðgjöldum og líftryggingaskuld eða eyðublöðum og öðrum prentuðum skjölum sem líftrygginga-

félagið hyggst nota í skiptum sínum við váttryggingataka, né að um slíkt sé tilkynnt kerfisbundið.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein getur heimaaðildarríkið krafist, en eingöngu í þeim tilgangi að sannreyna hvort farið sé að ákvæðum í landslögum varðandi tryggingafræðilegar grundvallarreglur, að tilkynnt sé reglulega um hvaða tæknilegi grundvöllur sé notaður við útreikning á iðgjaldatöxtum og líftryggingaskuld en þessi krafa er þó ekki skilyrði fyrir því að líftryggingafélag geti rekið starfsemi sína.

Eigi síðar en 1. júlí 1999 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir ráðið um framkvæmd þessara ákvæða.

## 35. gr.

**Uppsagnarfrestur**

1. Hvert aðildarríki skal mæla svo fyrir að váttryggingartaki, sem gerir samning um einstaklingslíftryggingu, hafi 14-30 daga frest til að falla frá samningnum frá því er honum er tilkynnt um gerð hans.

Uppsagnartilkynning váttryggingartaka leysir hann undan hvers kyns skuldbindingum sem leitt geta síðar af samningnum.

Réttaráhrif og skilyrði uppsagnar fara að öðru leyti eftir þeim lögum sem um samninginn gilda eins og kveðið er á um í 32. gr., þar á meðal um á hvern hátt váttryggingartaka verði tilkynnt að samningur hafi verið gerður.

2. Aðildarríkjunum er ekki skylt að beita 1. mgr. um samninga sem gerðir eru til 6 mánaða eða skemmri tíma, né þegar váttryggingataki þarfnast ekki þessarar sérstöku verndar vegna stöðu sinnar eða þeirra aðstæðna sem ríktu þegar samningurinn var gerður. Aðildarríkin skulu tiltaka í reglum sínum hvenær 1. mgr. skuli ekki beitt.

## 36. gr.

**Upplýsingar sem veittar skulu váttryggingataka**

1. Áður en váttryggingasamningur er gerður skal líftryggingafélagið upplýsa váttryggingataka a.m.k. um þau atriði sem talin eru upp í A-lið III. viðauka.

2. Líftryggingataki skal látinn vita um allar breytingar sem verða á samningstímanum á upplýsingunum sem gefnar eru í B-lið III. viðauka.

3. Aðildarríkið þar sem gengist er undir skuldbindinguna getur krafist þess að líftryggingafélög leggi fram meiri upplýsingar en þær sem taldar eru upp í III. viðauka, en eingöngu ef það er nauðsynlegt til að váttryggingataka geti skilið fullkomlega helstu þætti skuldbindingarinnar.

4. Aðildarríkið þar sem gengist er undir skuldbindinguna skal ákveða reglurnar til að hrinda þessari grein og III. viðauka í framkvæmd.

## 5. KAFLI

### LÍFTRYGGINGAFÉLÖG SEM EIGA Í ERFIÐLEIKUM EÐA BÚA VIÐ ÓVENJULEGAR AÐSTÆÐUR

37. gr.

#### Líftryggingafélög sem eiga í erfiðleikum

1. Fari líftryggingafélag ekki að ákvæðum 20. gr. getur lögbært yfirvald í heimaaðildarríki þess bannað frjálsa ráðstöfun eigna þess eftir að hafa áður tilkynnt lögbærum yfirvöldum, þar sem gengist er undir skuldbindinguna, um fyrirætlun sína.

2. Í því skyni að rétta við fjárhagsstöðu líftryggingafélags, þegar gjaldþol þess nær ekki lágmarksgjaldþoli skv. 28. gr., skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu gera kröfu um að félagið leggi fram til samþykkis áætlun um að rétta við fjárhagsstöðu sína og koma henni á traustan grundvöll.

Í undantekningartilvikum getur lögbært yfirvald, telji það að fjárhagsstaða líftryggingafélags eigi eftir að versna enn frekar, takmarkað eða bannað frjálsa ráðstöfun eigna félagsins. Það skal tilkynna yfirvöldum annarra aðildarríkja þar sem líftryggingafélagið rekur starfsemi sína um allar ráðstafanir sem gerðar hafa verið og skulu þau að beiðni þess fyrrnefnda gera sömu ráðstafanir.

3. Reynist gjaldþol líftryggingafélagsins lægra en sem nemur ábyrgðarsjóði, eins og hann er skilgreindur í 29. gr., skal lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins gera kröfu um að félagið leggi fram skammtímafjárhagsáætlun til staðfestingar hjá eftirlitinu.

Það getur einnig takmarkað eða bannað frjálsa ráðstöfun á eignum líftryggingafélagsins. Það skal tilkynna yfirvöldum annarra aðildarríkja þar sem líftryggingafélagið rekur starfsemi sína um það og skulu þau að beiðni þess fyrrnefnda gera sömu ráðstafanir.

4. Lögbær yfirvöld geta enn fremur gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að gæta hagsmuna tryggðra í þeim tilvikum sem fjallað er um í 1., 2. og 3. mgr.

5. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir svo að það geti, í samræmi við landslög, bannað frjálsa ráðstöfun eigna sem eru á yfirráðasvæði þess, að beiðni heimaaðildarríkis líftryggingafélagsins, í þeim tilvikum sem um getur í 1. 2. og 3. mgr., sem skal tilgreina um hvaða eignir þessar ráðstafanir gilda.

38. gr.

#### Áætlun um fjárhagslega endurreisn

1. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til þess að krefjast áætlunar um fjárhagslega endurreisn fyrir þau váttryggingafélög þar sem lögbær yfirvöld telja að réttindum váttryggingataka sé ógnað. Áætlunin um fjárhagslega endurreisn skal að lágmarki innihalda, fyrir næstu þrjú fjárhagsár, upplýsingar eða sannanir varðandi:

- áætlaðan rekstrarkostnað, einkum almennan kostnað vegna daglegs reksturs og umboðslauna,
- áætlun með nákvæmri spá um tekjur og kostnað vegna frumtryggingastarfsemi, móttöku endurtrygginga og vegna endurtryggingaverndar,
- áætlaðan efnahagsreikning,
- áætlaðar fjármögnunarleiðir til að mæta váttryggingaskuldbindingum og tilskildu gjaldþoli,
- heildarstefnu varðandi endurtryggingar.

2. Þegar réttindum váttryggingataka er ógnað vegna versnandi fjárhagslegrar stöðu váttryggingafélags skulu aðildarríkin tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til þess að skylda váttryggingafélög til þess að hafa hærra tilskilið gjaldþol í því skyni að tryggja að váttryggingafélagið sé í stakk búið til þess að uppfylla kröfur varðandi gjaldþol í nánustu framtíð. Það skal byggt á áætluninni um fjárhagslega endurreisn, sem um getur í 1. mgr., hversu hátt þetta tilskilda gjaldþol skal vera.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til þess að endurmeta til lækkunar alla þætti sem falla undir handbært gjaldþol, einkum í þeim tilvikum þegar veruleg breyting hefur orðið á markaðsvirði þessara þátta frá lokum síðasta fjárhagsárs.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til þess að draga úr lækkun, á grundvelli endurtryggingar, á gjaldþoli eins og það er skilgreint í samræmi við 28. gr. þegar:

- veruleg breyting hefur orðið á eðli eða gæðum endurtryggingasamninga frá síðasta fjárhagsári,
- engin eða lítil yfirfærsla váttryggingaáhættu felst í endurtryggingasamningunum.

5. Hafi lögbær yfirvöld krafist áætlunar um fjárhagslega endurreisn fyrir váttryggingafélag í samræmi við 1. mgr. skulu þau ekki gefa út vottorð skv. 14. gr. (1. mgr.), 20. gr. (önnur undirgrein 3. mgr.) og 42. gr. (a-lið 1. mgr.) svo lengi sem þau telja að réttindum váttryggingataka sé ógnað í skilningi 1. mgr.

39. gr.

#### Afturköllun starfsleyfis

1. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis, sem veitt hefur líftryggingafélagi starfsleyfi, getur afturkallað það ef félagið:

- nýtir ekki starfsleyfið innan tólf mánaða, afsalar sér því afdráttarlaust eða hættir rekstri starfseminnar í meira en sex mánuði, nema hlutaðeigandi aðildarríki hafi kveðið á um að starfsleyfið renni út í slíkum tilvikum,
- uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir staðfestu,
- hefur ekki getað hrint í framkvæmd innan tilskilins frests þeirri áætlun um að rétta við fjárhagsstöðu sína eða fjárhagsáætlun sem um getur í 37. gr.,
- bregst alvarlega skyldum sem á því hvíla samkvæmt gildandi reglugerðum.

Sé starfsleyfi líftryggingafélags afturkallað eða ef það rennur út tilkynnir lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu það til lögbærra yfirvalda í öðrum aðildarríkjum sem skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að félagið hefji á ný starfsemi á yfirráðasvæði þeirra samkvæmt staðfesturétti eða frelsi til að veita þjónustu. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis skal, í samvinnu við hlutaðeigandi yfirvöld, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að gæta hagsmuna tryggðra og sérstaklega skal það takmarka frjálsa ráðstöfun líftryggingafélagsins á eignum sínum í samræmi við 1. mgr., aðra undirgrein 2. mgr. eða aðra undirgrein 3. mgr. í 37. gr.

2. Ákvörðun um að afturkalla starfsleyfi skal ítarlega rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi líftryggingafélagi.

#### IV. BÁLKUR

##### ÁKVÆÐI UM STAÐFESTURÉTT OG FRELSI TIL AÐ VEITA ÞJÓNUSTU

40. gr.

#### Skilyrði fyrir stofnun útibús

1. Líftryggingafélag sem óskar eftir að stofna útibú á yfirráðasvæði annars aðildarríkis skal tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki sínu.

2. Aðildarríki skal gera kröfu um að líftryggingafélag sem óskar eftir að stofna útibú á yfirráðasvæði annars aðildarríkis láti eftirfarandi fylgja tilkynningunni sem um getur í 1. mgr.:

- upplýsingar um í hvaða aðildarríki það óskar eftir að stofna útibú,
- rekstraráætlun þar sem m.a. er tilgreint hvaða starfsemi það hyggst stunda og uppbygging útibúsins,
- heimilisfang í aðildarríki útibúsins þar sem hægt er að fá skjöl og sem senda má skjöl til, enda sé það heimilisfangið sem allar tilkynningar til umboðsmannsins eru sendar til,
- heiti viðurkennds umboðsmanns útibúsins sem verður að hafa fullnægjandi heimildir til að skuldbinda líftryggingafélagið gagnvart þriðja aðila og koma fram fyrir þess hönd í viðskiptum þess við yfirvöld og gagnvart dómstólum í aðildarríki útibúsins. Hvað Lloyd's-váttryggjendur varðar skulu tryggðir, komi til málaferla í aðildarríki útibúsins vegna váttrygginga-skuldbindinga, hljóta sambærilega meðferð og ef mál hefði verið höfðað gegn starfsemi af hefðbundinni gerð. Viðurkenndur umboðsmaður verður því að hafa fullnægjandi umboð til að koma fram fyrir hönd útibúsins í kærumálum og hafa heimild til að skuldbinda hlutaðeigandi Lloyd's-váttryggjendur.

3. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu, að teknu tilliti til fyrirhugaðs rekstrar, og innan þriggja mánaða frá móttöku upplýsinganna sem um getur í 2. mgr., senda þær lögbærum yfirvöldum í aðildarríki útibúsins og láta hlutaðeigandi félag vita nema þau hafi ástæðu til að efast um fullnægjandi stjórnskipulag, fjárhagsstöðu líftryggingafélagsins, óflekkað mannorð, starfsmenntun og hæfi eða reynslu stjórnenda eða forstöðumanna eða umboðsmanns.

Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu einnig votta að líftryggingafélagið hafi það lágmarksgjaldþol sem er reiknað út skv. 28. og 29. gr.

Neiti lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins að veita lögbærum yfirvöldum í aðildarríki útibúsins upplýsingarnar sem um getur 2. mgr. ber þeim að greina hlutaðeigandi líftryggingafélagi frá ástæðum fyrir synjuninni innan þriggja mánaða frá því að allar upplýsingar bárust. Heimilt er að áfrýja til dómstóla í heimaaðildarríkinu ef um er að ræða synjun eða ef ekkert svar berst.

4. Áður en útibú líftryggingafélags hefur starfsemi skulu lögbær yfirvöld í aðildarríki útibúsins, eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að upplýsingarnar sem um ræðir í 3. mgr. hafa borist, tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu, ef við á, um hvaða skilyrðum starfsemin skuli hlíta í aðildarríki útibúsins svo almennra hagsmuna sé gætt.

5. Þegar tilkynning hefur borist frá lögbærum yfirvöldum í aðildarríki útibúsins, eða hafi frestur sá sem kveðið er á um í 4. mgr. runnið út án þess að tilkynning hafi borist, má stofna útibúið og hefja starfsemi.

43. gr.

### Frelsi til að veita þjónustu: breytingar á eðli skuldbindinga

6. Ef breytingar verða á einstökum atriðum, sem tilkynnt eru skv. b-, c- eða d-lið 2. mgr., skal líftryggingafélag tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins og aðildarríki útibúsins skriflega um viðkomandi breytingu a.m.k. mánuði áður en breytingin er gerð til að gera lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins fært að taka ákvörðun skv. 3. mgr. og lögbærum yfirvöldum aðildarríkis útibúsins að taka ákvörðun um breytinguna skv. 3. og 4. mgr.

Málsmeðferðin í 41. og 42. gr. gildir um allar breytingar sem líftryggingafélagið hyggist gera á upplýsingunum sem um getur í 41. gr.

44. gr.

### Tungumál

41. gr.

### Frelsi til að veita þjónustu: fyrirframtilkynning til heimaaðildarríkis

Líftryggingafélag, sem hyggst reka starfsemi í fyrsta sinn í einu eða fleiri aðildarríkjum samkvæmt frelsi til að veita þjónustu, skal fyrst tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu og tilgreina hvers konar skuldbindingu það hyggst gangast undir.

Lögbær yfirvöld aðildarríkis útibúsins eða aðildarríkis þar sem þjónusta er veitt geta krafist þess að upplýsingarnar, sem þau geta farið fram á samkvæmt þessari tilskipun varðandi starfsemi líftryggingafélags á yfirráðasvæði þess, séu veittar á opinberu tungumáli eða tungumálum þess ríkis.

45. gr.

### Reglur um líftryggingaskilmála og iðgjaldtaxta

42. gr.

### Frelsi til að veita þjónustu: tilkynning heimaaðildarríkis

1. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu, innan eins mánaðar frá tilkynningunni sem kveðið er á um í 41. gr., senda aðildarríkinu eða -ríkjunum þar sem líftryggingafélagið hyggst reka starfsemi samkvæmt frelsi til að veita þjónustu:

Aðildarríki útibúsins eða þar sem þjónustan er veitt mega ekki setja reglur þar sem krafist er fyrirframsamþykkis við almennum og sérstökum líftryggingaskilmálum, iðgjaldatöxtum, tæknilegum grunni sem m.a. er notaður við útreikning á iðgjaldatöxtum og líftryggingaskuld, eða eyðublöðum og öðrum prentuðum skjölum sem líftryggingafélagið hyggst nota í skiptum sínum við váttryggingataka, né að um slíkt sé tilkynnt kerfisbundið. Því er heimilt að krefjast þess að líftryggingafélag, sem óskar eftir að reka líftryggingastarfsemi á yfirráðasvæði þess, samkvæmt staðfesturétti eða frelsi til að veita þjónustu, tilkynni með ókerfisbundnum hætti um skilmála þessa og önnur prentuð skjöl til að ganga úr skugga um að farið sé að ákvæðum landslaga að því er líftryggingasamninga varðar, en þessi krafa er þó ekki skilyrði fyrir því að líftryggingafélag geti rekið starfsemi sína.

- a) vottorð um að líftryggingafélagið hafi það lágmarksgjaldþol sem reiknað er út skv. 28. og 29. gr.,
- b) upplýsingar um í hvaða greinaflokkum líftrygginga líftryggingafélagið hefur starfsleyfi,
- c) upplýsingar um eðli þeirra skuldbindinga sem líftryggingafélagið hyggst gangast undir í því aðildarríki þar sem þjónustan er veitt.

46. gr.

### Líftryggingafélög sem ekki fara að lagaákvæðum

Þau skulu samtímis tilkynna þetta hlutaðeigandi líftryggingafélagi.

1. Líftryggingafélag, sem veitir þjónustu samkvæmt staðfesturétti eða frelsi til að veita þjónustu, skal leggja öll skjöl, sem krafist er vegna þessarar greinar, fyrir lögbær yfirvöld aðildarríkis útibúsins og/eða aðildarríkis þar sem þjónustan er veitt, enda sé hins sama krafist af líftryggingafélögum sem þar hafa aðalstöðvar.

2. Sendi lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. ekki innan tilskilins frests ber þeim að greina líftryggingafélaginu frá ástæðum fyrir synjuninni innan sama frests. Heimilt er að áfrýja synjun til dómstóla í heimaaðildarríkinu.

2. Nú komast lögbær yfirvöld aðildarríkis að því að líftryggingafélag, sem hefur útibú eða rekur starfsemi samkvæmt frelsi til að veita þjónustu á yfirráðasvæði þess, fer ekki að þeim lagaákvæðum sem um það gilda í því ríki og skulu þau þá krefjast þess af líftryggingafélaginu að það bindi enda á hinar óvenjulegu aðstæður.

3. Líftryggingafélaginu er heimilt að hefja starfsemi á þeim degi sem staðfest er að það hafi verið látið vita um í tilkynningunni sem um getur í fyrstu undirgrein í 1. mgr.

3. Nú gerir umrætt líftryggingafélag ekki nauðsynlegar ráðstafanir og skulu þá lögbær yfirvöld viðkomandi aðildarríkis tilkynna það lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins. Yfirvöld þess ríkis skulu sem fyrst gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að líftryggingafélagið bindi enda á hinar óvenjulegu aðstæður. Tilkynna ber lögbærum yfirvöldum í gistaðildarríkinu hvers eðlis þær ráðstafanir eru.

4. Nú heldur líftryggingafélagið áfram að brjóta gegn lagaákvæðum sem í gildi eru í viðkomandi aðildarríki þrátt fyrir áður nefndar ráðstafanir af hálfu þessa heimaaðildarríkis eða vegna þess að ráðstafanirnar eru ónógar eða hafa ekki verið gerðar og geta þá yfirvöld hins síðarnefnda, er þau hafa skýrt lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins frá því, gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða refsa fyrir frekari brot og þar á meðal, að því marki sem það er nauðsynlegt, komið í veg fyrir að félagið geri fleiri líftryggingasamninga á yfirráðasvæði þess. Aðildarríkin skulu sjá til þess að á þeirra yfirráðasvæði sé unnt að birta líftryggingafélögum nauðsynleg lagaskjöl vegna slíkra ráðstafana.

5. Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. hafa ekki áhrif á rétt viðkomandi aðildarríkis til að gera nauðsynlegar ráðstafanir í neyðartilvikum til að koma í veg fyrir eða refsa fyrir lagabrot á yfirráðasvæði þess. Þetta felur einnig í sér þann möguleika að koma í veg fyrir að líftryggingafélög geri fleiri líftryggingasamninga á yfirráðasvæði þess.

6. Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. hafa ekki áhrif á rétt aðildarríkis til að refsa fyrir brot sem eru framin á yfirráðasvæði þess.

7. Hafí líftryggingafélag, sem hefur gerst brotlegt, starfsstöð eða eigi eignir í viðkomandi aðildarríki geta lögbær yfirvöld hins síðarnefnda beitt þeim stjórnsýsluviðurlögum sem landslög þeirra leggja við broti, með refsiaðgerðum gagnvart þeirri starfsstöð eða þeirri eign sem um ræðir.

8. Allar ráðstafanir, sem gripið er til skv. 3. til 7. mgr. og fela í sér viðurlög eða takmörkun líftryggingastarfsemi, skulu rökstuddar og tilkynntar því líftryggingafélagi sem í hlut á.

9. Framkvæmdastjórnin skal á tveggja ára fresti leggja fyrir váttrygginganefndina skýrslu sem sýnir hve oft og í hvers konar tilvikum synjað hefur verið um starfsleyfi í hverju aðildarríki skv. 40. eða 42. gr. eða ráðstafanir gerðar skv. 4. mgr. þessarar greinar. Aðildarríkin skulu aðstoða framkvæmdastjórnina með því að láta henni í té þær upplýsingar sem þörf er á til skýrslugerðarinnar.

47. gr.

### Auglýsingar

Ekkert í þessari tilskipun kemur í veg fyrir að líftryggingafélög, sem hafa aðalskrifstofur í öðrum aðildarríkjum, auglýsi þjónustu sína í öllum tiltækum miðlum í aðildarríki útibúsins eða í aðildarríkinu þar sem þjónustan er veitt, svo

fremi farið sé eftir reglum um framsetningu og efni slíkra auglýsinga sem settar hafa verið í þágu almennra hagsmuna.

48. gr.

### Félagsslit

Nú er líftryggingafélagi slitið og skal þá gera upp skuldbindingar vegna samninga, sem gerðir hafa verið fyrir milligöngu útibús eða samkvæmt frelsi til að veita þjónustu, á sama hátt og þær sem eiga rætur að rekja til annarra líftryggingasamninga félagsins og burtséð frá þjóðerni líftryggðra eða réthafa.

49. gr.

### Tölfræðilegar upplýsingar um starfsemi yfir landamæri

Líftryggingafélög skulu, sundurliðað eftir því hvort um er að ræða viðskipti sem eru stunduð samkvæmt staðfesturétti eða viðskipti sem stunduð eru samkvæmt frelsi til að veita þjónustu, skýra lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu frá fjárhæð iðgjalda, áður en endurtryggingariðgjöld eru dregin frá, fyrir hvert aðildarríki og hvern af greinaflokkum líftrygginga I til IX, sbr. I. viðauka.

Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis skal senda upplýsingar þessar innan hæfilegs frests og í samanteknu formi lögbærum yfirvöldum þeirra aðildarríkja sem fara fram á það.

50. gr.

### Skattlagning iðgjalda

1. Með fyrirvara um þá samræmingu sem síðar kann að fara fram má einungis leggja á váttryggingasamninga þá óbeinu skatta og skattatengdu gjöld sem lögð eru á í aðildarríkinu þar sem gengist er undir skuldbindinguna en á Spáni er þó einnig heimilt að leggja á lögmælt viðbótargjöld í þágu hins spænska „Consorcio de Compensación de Seguros“ vegna þess hlutverks sem því er ætlað við bótagreiðslur í tengslum við tjón af völdum óvenjulegra atburða í því aðildarríki.

2. Löggjöf, sem við á um samninginn skv. 32. gr., skal óháð hinna skattalegu tilhögun sem í gildi er.

3. Þar til frekari samræming fer fram skal hvert aðildarríki beita gagnvart líftryggingafélögum, sem gangast undir skuldbindingu á yfirráðasvæði þess, eigin lagareglum til að tryggja innheimtu óbeinna skatta og skattatengdra gjalda sem því ber skv. 1. mgr.

## V. BÁLKUR

**REGLUR UM UMBOÐ EÐA ÚTIBÚ SEM STOFNUÐ ERU INNAN BANDALAGSINS EN TILHEYRA FÉLÖGUM SEM Hafa aðalskrifstofu utan Bandalagsins**

## 51. gr.

**Meginreglur um og skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis**

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að félag, sem hefur aðalskrifstofu sína utan Bandalagsins, afli sér starfsleyfis til að stunda í ríkinu þá starfsemi sem í 2. gr. segir.

2. Aðildarríki er heimilt að veita félagi starfsleyfi að uppfylltum eftirfarandi lágmarksskilyrðum:

- a) það hafi rétt til að reka þá váttryggingastarfsemi sem um getur í 2. gr. samkvæmt innlendum lögum,
- b) það stofni umboð eða útibú á yfiráðasvæði aðildarríkisins,
- c) það skuldbindi sig til að halda reikninga fyrir atvinnureksturinn, á þeim stað þar sem umboðið eða útibúið hefur aðsetur og geyma þar öll gögn viðvíkjandi starfseminni,
- d) það tilnefni aðalumboðsmann sem lögbær yfirvöld viðurkenna,
- e) það hafi yfir að ráða, í því aðildarríki þar sem það rekur starfsemi sína, eignum sem jafngildi a.m.k. helmingi lágmarksfjárhæðar, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 2. mgr. 29. gr. að því er varðar ábyrgðarsjóðinn, og leggi fram sem geymslufé einn fjórða af lágmarksfjárhæðinni,
- f) það skuldbindi sig til að fara að ákvæðum um gjaldþol skv. 55. gr.,
- g) það leggi fram rekstraráætlun samkvæmt ákvæðum 3. mgr.

3. Í rekstraráætlun umboðs eða útibús skv. c-lið 2. mgr. komi eftirfarandi fram:

- a) eðli þeirra skuldbindinga sem félagið hyggst taka að sér,
- b) meginreglur endurtryggingar,
- c) yfirlit yfir gjaldþol félagsins og ábyrgðarsjóð sbr. 55. gr.,
- d) áætlaður kostnaður við að koma upp rekstraraðstöðu og til að tryggja áframhaldandi starfsemi sem og fjármagn sem ætlað er að standa straum af honum,

og þar að auki, fyrir þrjú fyrstu fjárhagsárin,

- e) áætlun með nákvæmri spá um tekjur og kostnað vegna frumtryggingastarfsemi, móttöku endurtrygginga og vegna endurtryggingaverndar,
  - f) áætlaður efnahagsreikningur,
  - g) áætlaðar fjármögnunarleiðir til að tryggja að staðið verði við váttryggingaskuldbindingar og gjaldþolskröfur.
4. Aðildarríki getur krafist þess að því sé tilkynnt reglulega um hvaða tæknilegi grundvöllur er notaður við útreikning á iðgjaldatöxtum og líftryggingaskuld, en þessi krafa er þó ekki skilyrði fyrir því að líftryggingafélag geti rekið starfsemi sína.

## 52. gr.

**Reglur sem gilda um útibú félaga þriðju landa**

1. a) Að öðru leyti en því sem í b-lið segir er útibúum og umboðum, sem þessi bálkur á við um, óheimilt að reka samtímis í aðildarríki starfsemi sem fjallað er um í viðaukanum við tilskipun 73/239/EBE og þá starfsemi sem tilskipun þessi nær til.
  - b) Að öðru leyti en því sem í c-lið segir, er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um að þau umboð og útibú, sem þessi bálkur á við um og reka samtímis báðar tegundir starfsemi í aðildarríki á þeim dögum sem um getur í 3. mgr. 18. gr., geti haldið því áfram enda sé rekstur hvorrar starfsemi fyrir sig aðgreindur skv. 19. gr.
  - c) Aðildarríki sem krefst þess skv. 6. mgr. 18. gr. að félög, sem stofnuð eru á yfiráðasvæði þess, hætti að reka samtímis báðar tegundir starfsemi, sem stundaðar eru á viðkomandi dögum sem um getur í 3. mgr. 18. gr., skal enn fremur gera sömu kröfur varðandi umboð og útibú, sem þessi bálkur á við um, og eru á yfiráðasvæði þess og stunda þar samtímis báðar tegundir starfseminnar.
  - d) Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa umboðum og útibúum, sem þessi bálkur á við um, að halda áfram starfsemi sinni þar þótt aðalskrifstofa þeirra reki samtímis, á þeim dögum sem um getur í 3. mgr. 18. gr., báðar tegundir starfsemi en innan aðildarríkisins einungis þá starfsemi, sem tilskipun þessi á við um. Óski félagið eftir því að reka starfsemi sem getið er í tilskipun 73/239/EBE á því yfiráðasvæði er aðeins heimilt að starfsemin, sem tilskipun þessi á við um, fari fram í dótturfélagi.
2. Ákvæði 13. og 37. gr. skulu, að breyttu breytanda, eiga við um umboð og útibú sem þessi bálkur á við um.

Við beitingu 37. gr. skal litið á lögbært yfirvald, sem hefur eftirlit með heildargjaldþoli umboða eða útibúa, á sama hátt og lögbært yfirvald aðildarríkis þar sem aðalskrifstofan er.

3. Afturkalli yfirvaldið, sem um getur í 2. mgr. 56. gr., starfsleyfi skal það tilkynna slíkt lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna þar sem félagið er með starfsemi og skulu síðarnefndu yfirvöldin gera viðeigandi ráðstafanir. Reynist ástæðan fyrir afturköllun starfsleyfisins sú að gjaldþolið er ófullnægjandi, reiknað skv. a-lið 1. mgr. 56. gr., skulu hlutaðeigandi lögbær yfirvöld annarra aðildarríkja einnig afturkalla starfsleyfi sín.

53. gr.

### Yfirfærsla váttryggingastofns

1. Með þeim skilyrðum sem sett eru í landslögum skal hvert aðildarríki veita umboðum og útibúum, sem stofnsett eru á yfirráðasvæði þess og þessi bálfur tekur til, leyfi til að yfirfæra samningasafn þeirra að einhverju eða öllu leyti til viðtökuskristofstu sem stofnsett er í sama aðildarríki, enda staðfesti lögbær yfirvöld þess aðildarríkis eða, ef við á, aðildarríkið sem um getur í 56. gr. að gjaldþol viðtökuskristofunnar sé fullnægjandi er tekið hefur verið tillit til yfirfærslunnar.

2. Með þeim skilyrðum, sem sett eru í landslögum, skal hvert aðildarríki veita umboðum og útibúum, sem stofnsett eru á yfirráðasvæði þess og þessi bálfur tekur til, leyfi til að yfirfæra samningasafn sitt að einhverju eða öllu leyti til líftryggingafélags sem hefur aðalskrifstofu í öðru aðildarríki, enda staðfesti lögbær yfirvöld þess ríkis að gjaldþol viðtökuskristofunnar sé fullnægjandi er tekið hefur verið tillit til yfirfærslunnar.

3. Ef aðildarríki heimilar, með þeim skilyrðum sem sett eru í landslögum, umboðum og útibúum, sem stofnsett eru á yfirráðasvæði þess og þessi bálfur tekur til, að yfirfæra samningasafn sitt að einhverju eða öllu leyti til umboðs eða útibús, sem þessi bálfur tekur til og stofnsett er á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, skal það tryggja að lögbær yfirvöld aðildarríkis viðtökuskristofunnar eða, ef við á, aðildarríkisins, sem um getur í 56. gr., staðfesti að gjaldþol viðtökuskristofunnar sé fullnægjandi er tekið hefur verið tillit til yfirfærslunnar, að lög aðildarríkis viðtökuskristofunnar heimili slíka yfirfærslu og að það ríki samþykki hana.

4. Í þeim tilvikum sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. skal aðildarríkið, þar sem umboðið eða útibúið sem yfirfærir líftryggingarstofn sinn er staðsett, heimila yfirfærsluna, að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda þess aðildarríkis þar sem gengist er undir skuldbindinguna, ef það er ekki aðildarríkið þar sem umboðið eða útibúið er sem yfirfærir líftryggingarstofn sinn.

5. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum sem samráð er haft við skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki líftryggingafélagsins sem yfirfærir líftryggingarstofn sinn um álit sitt eða samþykki innan þriggja mánaða frá því að þeim barst beiðnin; ef yfirvöldin sem samráð er haft við hafa ekki svarað innan þess frests telst það jafngilda jákvæðu svari eða þegjandi samþykki.

6. Yfirfærsla, sem heimiluð er samkvæmt grein þessari, skal kunngerð í aðildarríkinu þar sem gengist er undir skuldbindinguna, á þann hátt sem mælt er fyrir í lögum þess. Slík yfirfærsla öðlast sjálfkrafa gildi gagnvart váttryggingatökum, hinum tryggðu og öllum þeim öðrum sem eiga rétt eða bera skyldu vegna þeirra samninga sem yfirfærðir hafa verið.

Ákvæði þetta hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkja til að gefa váttryggingatökum kost á að segja upp samningi innan ákveðins frests frá því er yfirfærsla fer fram.

54. gr.

### Líftryggingaskuld

Aðildarríki skulu gera þá kröfu að félag ákvarði líftryggingaskuld sem um getur í 20. gr. til jöfnunar þeim váttryggingarskuldbindingum sem það tekur á sig á yfirráðasvæði þeirra. Aðildarríki skulu sjá til þess að umboðið eða útibúið láti koma á móti slíkri líftryggingaskuld eignir sem samsvari henni þannig að jafnað sé eignum í samræmi við II. viðauka.

Lög aðildarríkja gilda um útreikning slíkrar líftryggingaskuldar, um það í hvaða tegundum eigna skuli fjárfesta, um mat á eignum, og þegar við á, að hvaða marki sé heimilt að nota þessar eignir til þess að mæta slíkri líftryggingaskuld.

Aðildarríki, sem hér um ræðir, skal gera kröfur um að eignir til jöfnunar þessari líftryggingaskuld séu innan yfirráðasvæðis þess. Þó gildir 4. mgr. 20. gr.

55. gr.

### Gjaldþol og ábyrgðarsjóður

1. Aðildarríki skal gera kröfu um að umboð eða útibú, sem stofnsett eru innan yfirráðasvæðis þess, hafi gjaldþol sem samanstendur af liðum sem skráðir eru í 27. gr. Lágmarksgjaldþol reiknast samkvæmt ákvæðum 28. gr. Þó skal við útreikning þess aðeins tekið tillit til þeirrar starfsemi sem umboðið eða útibúið stundar.

2. Ábyrgðarsjóður skal nema þriðjungi lágmarksgjaldþols.

Sjóðurinn má þó ekki nema lægri fjárhæð en helmingi þess lágmarks sem krafist er samkvæmt fyrstu undirgrein 2. mgr. 29. gr. Geymslufé, sem lagt var fram í upphafi skv. e-lið 2. mgr. 51. gr., reiknast á móti framangreindri fjárhæð ábyrgðarsjóðs.

Ábyrgðarsjóðurinn og lágmark slíks sjóðs skal vera í samræmi við það sem í 29. gr. segir.

3. Eignir, sem tryggja lágmarksgjaldþol, skulu varðveittar í því aðildarríki þar sem starfsemin er rekin að því marki sem samsvarar ábyrgðarsjóði og það sem umfram er skal varðveitt innan Bandalagsins.

## 56. gr.

**Ávinningur fyrir félög sem hafa starfsleyfi í fleiri en einu aðildarríki**

1. Félögum, sem óskað hafa eftir eða fengið hafa starfsleyfi í fleiri en einu aðildarríki, er heimilt að sækja um ávinning af eftirtöldum tegundum sem einungis má veita leyfi fyrir öllum í einu:

- a) að gjaldþol, sem um getur í 55. gr., verði reiknað á grundvelli allrar starfsemi þess innan Bandalagsins. Þegar þannig háttar til skal aðeins taka til greina starfsemi umboða eða útibúa sem stofnsett hafa verið innan Bandalagsins þegar þessi útreikningur er gerður,
- b) að geymslufé það, sem krafist er skv. e-lið 2. mgr. 51. gr., skuli aðeins lagt fram í einu aðildarríkjanna,
- c) að eignir, sem mynda ábyrgðarsjóð, megi vera í einhverju aðildarríkjanna þar sem félagið starfar og þá í hverju þeirra sem er.

2. Umsókn um að nýta þær tegundir ávinnings, sem um getur í 1. mgr., skal senda lögbærum yfirvöldum þeirra aðildarríkja sem í hlut eiga. Í umsókninni skal koma fram það yfirvald aðildarríkis sem framvegis skuli annast eftirlit með gjaldþoli fyrir samanlagða starfsemi umboða og útibúa sem stofnsett hafa verið innan Bandalagsins. Félagið skal skýra frá ástæðu þess að viðkomandi yfirvald varð fyrir valinu. Geymsluféð skal geymt í því aðildarríki.

3. Því aðeins má veita leyfi fyrir þeim tegundum ávinnings sem mælt er fyrir um í 1. mgr. að lögbær yfirvöld í öllum aðildarríkjum, þar sem sótt hefur verið um, veiti samþykki sitt. Leyfið tekur gildi frá þeim tíma þegar lögbæra yfirvaldið, sem varð fyrir valinu, tilkynnir öðrum lögbærum yfirvöldum að það muni hafa eftirlit með gjaldþolsstöðu samanlagðrar starfsemi umboða og útibúa innan Bandalagsins.

Lögbæra yfirvaldið, sem valið er, aflar allra nauðsynlegra upplýsinga frá öðrum aðildarríkjum til þess að hafa eftirlit með heildargjaldþoli umboða og útibúa sem stofnuð eru á yfirráðasvæðum þeirra.

4. Krefjist eitt eða fleiri hlutaðeigandi aðildarríki þess skulu þær tegundir ávinnings, sem umboðum eða útíbúum hefur verið veitt leyfi fyrir samkvæmt þessari grein, felldar úr gildi samtímis af öllum aðildarríkjum sem hlut eiga að máli.

## 57. gr.

**Samningur við þriðju lönd**

Bandalaginu er heimilt að víkja frá ákvæðum sem kveðið er á um í þessum bálki með samningum sem gerðir eru í samræmi við stofnsáttmálann við eitt eða fleiri þriðju lönd á grundvelli gagnkvæmni, í því skyni að tryggja váttryggingatökum í aðildarríkjunum fullnægjandi vernd.

## VI. BÁLKUR

**REGLUR UM DÓTTURFÉLÖG MÓÐURFÉLAGA SEM HEYRA UNDIR LÖGGJÖF ÞRIÐJA LANDS OG UM ÖFLUN SLÍKRA MÓÐURFÉLAGA Á EIGNARHLUTUM**

## 58. gr.

**Upplýsingar frá aðildarríkjum til framkvæmdastjórnarinnar**

Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu tilkynna framkvæmdastjórninni:

- a) þegar starfsleyfi er veitt félögum sem beint eða óbeint eru dótturfélög, ef löggjöf þriðja lands gildir um móðurfélög þeirra, eitt eða fleiri. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna þetta nefnd þeirri sem um getur í 1. mgr. 65. gr.,
- b) þegar slíkt móðurfélag aflar sér eignarhlutar í líftryggingafélagi Bandalagsins sem gerir það síðarnefnda að dótturfélagi þess. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna þetta nefnd þeirri sem um getur í 1. mgr. 65. gr.

Þegar starfsleyfi er veitt félagi, sem beint eða óbeint er dótturfélag eins eða fleiri móðurfélaga er löggjöf þriðju landa gildir um, skal tilgreina hvernig skipulagi hópsins er háttað í tilkynningu sem lögbær yfirvöld senda framkvæmdastjórninni.

## 59. gr.

**Meðferð sem þriðju lönd veita líftryggingafélögum Bandalagsins**

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um alla erfiðleika almenns eðlis sem líftryggingafélög þeirra rekast á í tengslum við það að öðlast staðfestu eða þegar þau stunda starfsemi sína í þriðja landi.

2. Framkvæmdastjórnin skal reglulega semja skýrslur um þau kjör sem líftryggingafélög Bandalagsins njóta í þriðju löndum, í skilningi 3. og 4. mgr., að því er varðar stofnun og rekstur váttryggingastarfsemi og öflun eignarhluta í váttryggingafélögum í þriðju löndum. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslurnar fyrir ráðið, ásamt tillögum, eftir því sem við á.

3. Telji framkvæmdastjórnin, annaðhvort á grundvelli skýrslna sem um getur í 2. mgr. eða annarra upplýsinga, að þriðja land veiti ekki líftryggingafélögum Bandalagsins raunverulegan aðgang að markaðinum sem er sambærilegur við þann aðgang sem Bandalagið veitir váttryggingafélögum þess þriðja lands, getur hún lagt fyrir ráðið tillögur um að það veiti viðeigandi umboð til samningaumleitana til að ná fram sambærilegri samkeppnisaðstöðu fyrir líftryggingafélög Bandalagsins. Aukinn meirihluti ræður ákvörðunum ráðsins.

4. Telji framkvæmdastjórnin, annaðhvort á grundvelli skýrslna sem um getur í 2. mgr. eða annarra upplýsinga, að líftryggingafélög Bandalagsins sem starfa í þriðja landi njóti þar ekki slíkrar meðferðar að þau hafi sömu samkeppnistækifæri og innlend líftryggingafélög og skilyrði um raunverulegan aðgang að markaðinum séu þar ekki uppfyllt getur framkvæmdastjórnin hafið samningaumleit-anir í þeim tilgangi að bæta stöðuna.

Þegar svo stendur á sem í fyrstu undirgrein segir má, til viðbótar við það að hefja samningaumleit-anir, hvenær sem er ákveða, í samræmi við þá málsméðferð sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 65. gr., að lögbær yfirvöld einstakra aðildarríkja skuli takmarka eða fresta ákvörðunum sínum:

— um starfsleyfisumsóknir sem fyrir liggja á þeim tíma er ákvörðun um slíkt er tekin, svo og um síðari starfsleyfisumsóknir, og

— um öflun eignarhluta af hálfu félaga sem beint eða óbeint eru móðurfélög og lúta löggjöf viðkomandi þriðja ríkis.

Þessar ráðstafanir mega ekki standa lengur en í þrjá mánuði.

Áður en þriggja mánaða fresturinn er liðinn getur ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og í ljósi niðurstaðna úr samningaumleitunum, ákveðið með auknum meirihluta hvort haldið skuli áfram að beita ráðstöfununum.

Slíkar takmarkanir eða frestanir skulu ekki taka til stofnunar dótturfélaga líftryggingafélaga eða dótturfélaga þeirra sem hafa gilt starfsleyfi innan Bandalagsins, né til öflunar eignarhluta í líftryggingafélögum Bandalagsins.

5. Ef framkvæmdastjórnin telur að komið hafi upp aðstæður eins og lýst er í 3. og 4. mgr. skulu aðildarríkin tilkynna henni, að hennar ósk:

a) um allar starfsleyfisumsóknir beinna eða óbeinna dótturfélaga eins eða fleiri móðurfélaga er lúta lögum hlutaðeigandi þriðja lands,

b) um öll áform slíks félags til að öðlast eignarhluta í líftryggingarfélagi Bandalagsins, sem þannig yrði dótturfélag hins fyrrgreinda.

Upplýsingarskylda þessi fellur niður þegar samningur kemst á við það þriðja land, svo sem um getur í 3. eða 4. mgr., eða þegar ráðstafanirnar, sem um getur í annarri og þriðju undirgrein 4. mgr., falla úr gildi.

6. Ráðstafanir, sem gerðar eru samkvæmt þessari grein, skulu vera í samræmi við skuldbindingar Bandalagsins samkvæmt alþjóðasamningum, tvíhliða eða marghliða, um stofnun eða rekstur váttryggingafélaga.

## VII. BÁLKUR

### BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI OG ÖNNUR ÁKVÆÐI

60. gr.

#### Undanþágur og afnám takmarkandi ráðstafana

1. Félögum sem komið er á fót í Breska konungsríkinu með „Royal Charter“ eða „private Act“ eða „special public Act“ er heimilt að halda áfram að reka starfsemi sína með því rekstrarformi að lögum sem þau voru stofnuð samkvæmt þann 5. mars 1979 um ótakmarkaðan tíma.

Breska konungsríkið skal gera skrá yfir þessi félög og senda hana öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni.

2. Félögum skráðum í Breska Konungsríkinu samkvæmt „Friendly Societies Acts“ er heimilt að halda áfram þeirri líftryggingastarfsemi og innlánsstarfsemi sem þau stunduðu, í samræmi við tilgang sinn, 15. mars 1979.

61. gr.

#### Sönnun um óflekkað mannorð

1. Þegar aðildarríki fer fram á að ríkisborgarar þess sanni að þeir hafi óflekkað mannorð og að þeir hafi ekki verið lýstir gjaldþrota eða leggi fram sönnun um annaðhvort þessara atriða, skal ríkið, þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra aðildarríkja, samþykkja sem fullnægjandi sönnun að lagt sé fram sakavottorð, eða ef það er ekki unnt, jafngilt skjal gefið út af lögbæru yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu í heimaaðildarríkinu eða því aðildarríki sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá, er sýnir að þessar kröfur hafi verið uppfylltar.

2. Ef heimaaðildarríkið eða aðildarríkið sem erlendi ríkisborgarinn kemur frá gefur ekki út skjalið sem um getur í 1. mgr. getur eiðsvarin yfirlýsing komið í stað þess eða, í þeim aðildarríkjum þar sem engin ákvæði eru um slíka eiðsvarna yfirlýsingu, drengskaparheit sem viðkomandi gefur í viðurvist lögbærs yfirvalds á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu eða þar sem það á við, lögbókanda, í heimaaðildarríkinu eða aðildarríkinu sem viðkomandi kemur frá.; Viðkomandi yfirvald eða lögbókandi skal gefa út líftryggingaskírteini þar sem vottaður er áreiðanleiki eiðsvörnu yfirlýsingarinnar eða drengskaparheitisins. Yfirlýsingu um að viðkomandi hafi ekki áður verið lýstur gjaldþrota má einnig gefa hjá þar til bætti sérfræði- eða atvinnugreinastofnun í viðkomandi landi.

3. Skjöl, sem gefin eru út skv. 1. eða 2. mgr., mega ekki vera eldri en þriggja mánaða frá útgáfudegi að telja þegar þau eru lögð fram.

4. Aðildarríki skulu tilnefna aðila og stofnanir sem bær eru til að gefa út þau skjöl sem getið er í 1. og 2. mgr. og skulu tilkynna það tafarlaust öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni.

Aðildarríki skulu enn fremur tilkynna hvert öðru og framkvæmdastjórninni um yfirvöld eða stofnanir sem senda skal gögn til samkvæmt þessari grein til stuðnings umsókn um leyfi til að reka á yfirráðasvæði aðildarríkisins þá starfsemi sem um getur í 2. gr.

## VIII. BÁLKUR

### LOKAÁKVÆÐI

62. gr.

#### Samvinna milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar

Framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu hafa nána samvinnu sín á milli til að auðvelda eftirlit með þeim tegundum váttrygginga og starfsemi innan Bandalagsins sem um getur í þessari tilskipun.

Hvert aðildarríki skal skýra framkvæmdastjórninni frá öllum meiri háttar vandkvæðum sem upp kunna að koma við framkvæmd þessarar tilskipunar, þar á meðal þeim sem kunna að koma upp er aðildarríki verður vart við að starfsemi samkvæmt þessari tilskipun er yfirfærð í óvenjulegum mæli á kostnað félaga sem eiga staðfestu á yfirráðasvæði þess, til útibúa eða umboða sem staðsett eru rétt handan landamæra þess.

Framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld þeirra aðildarríkja sem hlut eiga að máli skulu athuga slík vandkvæði svo fljótt sem unnt er til þess að finna viðeigandi lausn.

Framkvæmdastjórnin skal leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið þegar þess er þörf.

63. gr.

#### Skýrslur um þróun markaðar þar sem frelsi til að veita þjónustu ríkir

Framkvæmdastjórnin skal láta Evrópuþinginu og ráðinu í té reglulegar skýrslur, í fyrsta sinn 20. nóvember 1995, um þróun markaðar fyrir líftryggingastarfsemi sem rekin er í samræmi við reglurnar um frelsi til að stunda þjónustu.

64. gr.

#### Tæknilegar breytingar

Samþykkinga skal eftirfarandi tæknilegar breytingar á þessari tilskipun í samræmi við málsmeðferðina í 2. mgr. 65. gr.:

— rýmkun rekstrarforms að lögum sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 6. gr.,

— breytingar á skránni í I. viðauka eða breytingar á hugtökum sem eru notuð í þeirri skrá með hliðsjón af þróuninni á líftryggingamörkuðum,

— nánari útlistun á liðum, sem mynda gjaldþol og er að finna í 27. gr., með hliðsjón af gerð nýrra fjármálagerninga,

— breytingu á lágmarksábyrgðarsjóði, sem kveðið er á um í 2. mgr. 29. gr., með hliðsjón af efnahags- og fjármálaþróun.

— breytingar, með hliðsjón af gerð nýrra fjármálagerninga, á skránni yfir eignir sem viðurkenndar eru sem trygging fyrir líftryggingaskuld skv. 23. gr. og reglum um áhættudreifingu sem kveðið er á um í 24. gr.,

— breytingar á tilslökun jöfnunarreglna, sem eru settar í II. viðauka, með hliðsjón af þróun nýrra skjala til að tryggja gegn áhættu vegna gengisbreytinga eða framförum í átt til einingar í efnahags- og peningamálum,

— nánari útlistun á skilgreiningum til að tryggja sams konar beitingu þessarar tilskipunar í öllu Bandalaginu,

— nauðsynlegar tæknilegar breytingar vegna ákvörðunar á hámarksvöxtum, skv. 20. gr., eins og henni er breytt með þessari tilskipun, einkum með hliðsjón af framförum í átt til einingar í efnahags- og peningamálum.

65. gr.

#### Nefndarmedferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar váttrygginganefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun 91/675/EBE.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

66. gr.

#### Áunnin réttindi útibúa og líftryggingafélaga sem fyrir eru

1. Útibú sem hófu starfsemi í samræmi við gildandi ákvæði í aðildarríki útibúsins fyrir 1. júlí 1994 teljast falla undir málsmeðferðina í 1.-5. mgr. 40. gr.

Frá þeim degi gilda ákvæði 13., 20., 37., 39. og 46. gr. um þau.

2. Ákvæði 41. og 42. gr. hafa ekki áhrif á áunnin réttindi líftryggingafélaga sem reka starfsemi á grundvelli frelsis til að veita þjónustu fyrir 1. júlí 1994.

67. gr.

### Réttur til að áfrýja til dómstóla

Aðildarríkjunum ber að tryggja að hægt sé að áfrýja til dómstóla öllum ákvörðunum sem teknar eru um líftryggingafélög samkvæmt lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem sett eru samkvæmt tilskipun þessari.

68. gr.

### Endurskoðun fjárhæða sem tilgreindar eru í evrum

1. Framkvæmdastjórn skal fyrir 15. mars 1985 leggja fyrir ráðið skýrslu um hvaða áhrif fjárhagskröfurnar, sem settar hafa verið, hafa haft á stöðuna á váttryggingarmörkuðum aðildarríkjanna.

2. Ráðið skal, að fenginni tillögu frá framkvæmdastjórninni, athuga og, þegar við á, endurskoða á tveggja ára fresti þær fjárhæðir sem eru tilgreindar í evrum í þessari tilskipun í ljósi þróunar í efnahags- og peningamálum í Bandalaginu.

69. gr.

### Framkvæmd nýrra ákvæða

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 1. gr. (m-lið 1. mgr.), 18. gr. (3. mgr.), 51. gr. (g-lið 2. mgr., 3. og 4. mgr.), 60. gr. (2. mgr.) og 66. gr. (1. mgr.) eigi síðar en 19. júní 2004. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 3. mgr. 16. gr. eigi síðar en 17. nóvember 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Fram að þeim degi skulu aðildarríkin beita ákvæðunum sem um getur í 1. lið IV. viðauka.

3. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 3. gr. (6. mgr.), 27., 28., 29., 30. og 38. gr. fyrir 20. september 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að ákvæðin, sem um getur í fyrstu undirgrein, skuli fyrst gilda um eftirlit með reikningum fyrir fjárhagsárið sem hefst 1. janúar 2004 eða á því almanaksári. Fram að þeim degi skulu aðildarríkin beita ákvæðunum sem um getur í 2. og 3. lið IV. viðauka.

4. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

5. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. janúar 2007, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu 3. gr. (6. mgr.), 27., 28., 29., 30. og 38. gr. og, ef nauðsyn krefur, um þörfina fyrir frekari samræmingu. Skýrslan skal sýna á hvern hátt aðildarríkin hafa nýtt sér möguleika þessara greina og sérstaklega það hvort sá ákvörðunarréttur, sem innlendum eftirlitsyfirvöldum er veittur, hafi stuðlað að meiri háttar mismun milli aðildarríkja á eftirliti á innri markaðnum.

70. gr.

### Upplýsingar til framkvæmdastjórnarinnar

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

71. gr.

### Aðlögunartímabil vegna 3. gr. (6. mgr.), 27., 28., 29., 30. og 38. gr.

1. Aðildarríkjum er heimilt að veita líftryggingafélögum, sem 20. mars 2002 annast tryggingar á yfirráðasvæðum þeirra í einum eða fleiri greinaflokkum líftrygginga sem um getur í I. viðauka, fimm ára frest, sem hefst sama dag, til að fullnægja kröfunum sem settar eru fram í 3. gr. (6. mgr.), 27., 28., 29., 30. og 38. gr.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að veita félögum, sem um getur í 1. mgr. og hafa ekki að fullu uppfyllt kröfur um tilskilið gjaldþol innan fimm ára, frekari frest, þó ekki lengri en til tveggja ára, til að gera svo, að því tilskildu að félögin hafi skv. 37. gr. lagt fyrir lögbær yfirvöld til staðfestingar tillögur um þær ráðstafanir sem þau hyggjast gera í því skyni.

72. gr.

### Niðurfelldar tilskipanir og samsvörum þeirra við þessa tilskipun

1. Tilskipanirnar, sem taldar eru upp í A-hluta V. viðauka, eru hér með felldar úr gildi, með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til lögleiðingar og beitingar fyrrgreindra tilskipana sem taldar eru upp í B-hluta V. viðauka.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvöruntöflunni í VI. viðauka.

73. gr.

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

74. gr.

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. nóvember 2002.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

T. PEDERSEN

*forseti.*

—

---

*I. VIÐAUKI***Greinaflokkar líftrygginga**

- I. Líftryggingin sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 2. gr., að undanskildum þeim sem í II. og III. lið segir.
- II. Hjónalíftrygging, líftrygging við fæðingu
- III. Líftryggingin sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr. og tengist fjárfestingarsjóðum
- IV. Varanleg heilsutrygging sem um getur í d-lið 1. mgr. 2. gr.
- V. Erfðalífrentusjóðurinn sem um getur í a-lið 2. mgr. 2. gr.
- VI. Fjármögnunarstarfsemin sem um getur í b-lið 2. mgr. 2. gr.
- VII. Rekstur lífeyrissjóða sem um getur í c- og d-lið 2. mgr. 2. gr.
- VIII. Rekstur sem um getur í e-lið 2. mgr. 2. gr.
- IX. Rekstur sem um getur í 3. mgr. 2. gr.

---

**II. VIÐAUKI****Reglur um jöfnun**

Ákvarða skal samkvæmt eftirfarandi reglum í hvaða gjaldmiðli líftryggjandi skuli greiða skuldbindingar sínar

1. Sé tilgreint í samningi að líftryggingarvernd sé veitt í ákveðnum gjaldmiðli skal litið svo á að líftryggjanda beri að greiða skuldbindingar sínar í þeim gjaldmiðli.
  2. Aðildarríki geta leyft að ekki sé beitt reglum um jöfnun eigna á móti líftryggingaskuld líftryggingafélaga, þ.m.t. líftryggingasjóðir, ef framangreindar reglur myndu leiða til þess að félag verði, til að fylgja gjaldmiðilsjöfnunarreglunni, að eiga eignir í gjaldmiðli sem nema ekki meira en 7% af eignum þess í öðrum gjaldmiðlum.
  3. Aðildarríki geta ákveðið að krefjast þess ekki af líftryggingafélögum að beitt sé jöfnunarreglunni þegar greiða skal skuldbindingar í öðrum gjaldmiðli en gjaldmiðli einhvers aðildarríkis Bandalagsins og fjárfestingar í þeim gjaldmiðli eru háðar takmörkunareglum, takmarkanir eru á yfirfærslu gjaldmiðilsins eða hann hentar af öðrum ástæðum ekki til að standa að baki líftryggingaskuld.
  4. Heimilt er að 20% af skuldbindingum líftryggingafélags í einstökum gjaldmiðlum verði ekki mætt með jöfnun eigna.  
Heildareign í öllum gjaldmiðlum samanlagt verður þó a.m.k. að samsvara heildarskuldbindingum í öllum gjaldmiðlum samanlagt.
  5. Hvert aðildarríki getur mælt svo fyrir að þegar eignir sem tilgreindar eru í gjaldmiðli aðildarríkis eiga samkvæmt framangreindum reglum að standa að baki skuldbindingu skuli þeirri kröfu einnig talið fullnægt þegar eignirnar eru tilgreindar í evrum.
-

## III. VIÐAUKI

## Upplýsingar sem veittar skulu váttryggingatökum

Eftirfarandi upplýsingar skulu veittar váttryggingataka skriflega áður en samningurinn er gerður (A) eða á samningstímanum (B), á skýran og nákvæman hátt, á opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem gengist er undir skuldbindinguna.

Þó er heimilt að veita slíkar upplýsingar á öðru tungumáli að beiðni váttryggingataka og ef lög aðildarríkisins heimila það eða ef váttryggingataka getur valið um löggjöf.

## A. Áður en samningurinn er gerður

Upplýsingar um líftryggingafélagið	Upplýsingar um skuldbindinguna
a.1 Heiti félagsins og rekstrarform að lögum	a.4 Skilgreining á einstökum tryggingum og öllum valmöguleikum
a.2 Heiti aðildarríkisins þar sem aðalskrifstofan er staðsett og, ef við á, heiti umboðsins eða útibúsins þar sem samningurinn er gerður	a.5 Samningskilmálar
a.3 Heimilisfang aðalskrifstofu og, ef við á, heiti umboðsins eða útibúsins þar sem samningurinn er gerður	a.6 Uppsagnarskilmálar
	a.7 Greiðslumáti iðgjalda og greiðslutími
	a.8 Aðferðir við útreikning og skiptingu ágóða-hlutdeildar
	a.9 Upplýsingar um endurkaupsverð og verðmæti gjaldfrjálsar tryggingar og að hvaða marki þær eru tryggðar
	a.10 Upplýsingar um iðgjöld fyrir einstakar tryggingar, bæði aðaltryggingar og viðbótartryggingar, ef við á
	a.11 Að því er varðar líftryggingu með fjárfestingaráhættu líftryggingataka, skilgreining á hlutdeildarbréfum sem þessar tryggingar eru tengdar
	a.12 Upplýsingar um eðli þeirra eigna sem liggja til grundvallar líftryggingum með fjárfestingaráhættu líftryggingataka
	a.13 Skilyrði fyrir beitingu uppsagnarréttar
	a.14 Almennar upplýsingar um skattafyrirkomulagið sem gildir um tiltekna gerð líftryggingar
	a.15 Ráðstafanir vegna meðferðar á kvörtunum varðandi samninga af hálfu váttryggingataka, líftryggðra eða réthafa samkvæmt samningum, þ.m.t. ef við á, hvort til séu stofnanir sem leita má til með kvartanir með fyrirvara um rétt til að hefja málarekstur
	a.16 Gildandi lög um samninga ef aðilar geta ekki valið eða ef aðilar geta valið um viðeigandi löggjöf, löginn sem líftryggjandi leggur til að verði valin

## B. Á samningstímanum

Auk upplýsinga um bæði almenna og sérstaka líftryggingaskilmála skulu eftirfarandi upplýsingar veittar váttryggingataka á samningstímanum.

Upplýsingar um líftryggingafélagið	Upplýsingar um skuldbindinguna
b.1 Allar breytingar á heiti félagsins, rekstrarformi þess að lögum eða heimilisfangi aðalskrifstofu þess og, ef við á, á umboði eða útibúi þar sem samningurinn er gerður	b.2 Allar upplýsingar sem taldar eru upp í 4. lið a-liðar til 12. lið a-liðar í A-hluta ef breytingar verða á líftryggingaskilmálum eða breytingar á lögum um samninginn
	b.3 Árlega skal veita upplýsingar um stöðu ágóðahlutdeildar

## IV. VIÐAUKI

## 1. Þagnarskylda

Fram til 17. nóvember 2002 er aðildarríkjunum því aðeins heimilt að gera samstarfssamninga um upplýsingaskipti við lögbær yfirvöld í þriðju löndum að tryggt sé að um upplýsingarnar gildi þagnarskylda í a.m.k. sama mæli og um getur í 16. gr. þessarar tilskipunar.

## 2. Starfsemi og aðilar sem undanskilin eru þessari tilskipun

Fram til 1. janúar 2004 skal þessi tilskipun ekki eiga við um gagnkvæm félög í eftirfarandi tilvikum:

- samþykktir mæla fyrir um að fara megi fram á viðbótarframlög, lækka bætur eða óska aðstoðar frá öðrum sem samþykkt hafa að láta hana í té og
- þegar árlegar tekjur af framlögum vegna starfsemi, sem tilskipun þessi nær til, fara ekki yfir 500 000 evrur þrjú ár í röð. Hafi verið farið fram úr fjárhæðinni þrjú ár í röð skal tilskipun þessi eiga við frá fjórða ári.

## 3. Fram til 1. janúar 2004 skulu aðildarríkin beita eftirtöldum ákvæðum:

## A. Gjaldþol

Aðildarríki skal gera kröfu um að þau líftryggingafélög, sem eru með aðalskrifstofu innan yfirráðasvæðis þess, hafi fullnægjandi gjaldþol vegna starfseminnar í heild.

Eftirfarandi telst til gjaldþols:

1. hreinar eignir líftryggingafélagsins sem ekki tengjast neinum fyrirsjáanlegum skuldbindingum að frádregnum öllum óefnislegum liðum. Nánar tiltekið skal eftirfarandi falla undir gjaldþol:

- innborgað hlutfé eða, ef um er að ræða gagnkvæmt líftryggingafélag, upphaflegt stofnfé að viðbættum reikningum félagsaðila, sem uppfylla öll eftirtalin skilyrði:
  - a) í stofnsamþykktum skal kveðið á um að ekki sé heimilt að greiða félagsaðilum af þessum reikningum hafi það í för með sér að gjaldþol fari niður fyrir tilskilið lágmark eða, ef um er að ræða félagsslit, þá skuli fyrst gera upp allar aðrar skuldir félagsins,
  - b) í stofnsamþykktum skal kveðið á um að, að því er varðar hvers kyns slíkar greiðslur af öðrum ástæðum en við útgöngu einstakra félagsaðila, skuli lögbærum yfirvöldum tilkynnt um það með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara og geta þau, þar til sá tími rennur út, bannað greiðslu,
  - c) eingöngu er heimilt að breyta viðkomandi ákvæðum í stofnsamþykktum eftir að lögbær yfirvöld hafa lýst því yfir að þau hreyfi engum andmælum við breytingunni, sbr. þó skilyrðin sem kveðið er á um í a- og b-lið,
- helmingur óinnborgaðs hlutfjár eða stofnfjár, þó að því tilskildu að minnst 25% fjárins hafi verið innborgað,
- varasjóðir (bundnir og frjálsir) sem ekki tengjast váttryggingaskuldbindingum,
- yfirfærður hagnaður,
- heimilt er að telja með heildarfjárhæð forgangshlutfjár og víkjandi lán en ef það er gert mega þau ekki fara yfir 50% af gjaldþoli og þar af mega víkjandi lán með fastan gjalddaga eða heildarfjárhæð forgangshlutfjár með fastan lánstíma ekki fara yfir 25%, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
  - a) ef um er að ræða gjaldþrot eða slit líftryggingafélags verður að vera til bindandi samkomulag um að víkjandi lánum eða forgangshlutabréfum sé skipað aftar kröfum allra annarra kröfuhafa og verði ekki endurgreidd fyrr en allar aðrar útistandandi skuldir hafa verið greiddar.

Víkjandi lán verður einnig að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- b) aðeins er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir,
- c) upphaflegur lánstími lána með föstum gjalddaga skal ekki vera skemmri en fimm ár. Eigi síðar en einu ári áður en kemur að endurgreiðslu skal líftryggingafélagið leggja fyrir lögbær yfirvöld áætlun um hvernig gjaldþoli skuli haldið eða það aukið þannig að það nái tilskildu marki á gjalddaga, nema um sé að ræða lán sem unnt er að telja sem hluta af gjaldþoli og sem unnt er að lækka í áföngum eigi síðar en á síðustu fimm árunum fyrir endurgreiðslu. Lögbær yfirvöld geta veitt heimild til að flýta endurgreiðslu slíkra lána svo fremi líftryggingafélagið sæki um það og að því tilskildu að gjaldþol fari ekki niður fyrir tilskilið lágmark,

- d) lán, sem eru ekki með föstum gjalddaga, skulu vera með fimm ára uppsagnarfresti nema lánið teljist ekki lengur hluti af gjaldþoli eða að samþykki lögbærra yfirvalda þurfi til að það fái greitt fyrir. Í síðara tilvikinu verður líftryggingafélagið að senda lögbærum yfirvöldum tilkynningu a.m.k. sex mánuðum fyrir áætlaðan greiðsludag þar sem það tilgreinir raunverulegt gjaldþol og tilskilið gjaldþol bæði fyrir og eftir endurgreiðsluna. Lögbær yfirvöld skulu eingöngu heimila endurgreiðslu fari gjaldþol líftryggingafélagsins ekki niður fyrir tilskilið lágmark,
  - e) lánasamningurinn má ekki fela í sér nein ákvæði, þar sem gert er ráð fyrir að lán verði við sérstakar aðstæður endurgreitt fyrir en á gjalddaga nema um sé að ræða slit líftryggingafélagsins,
  - f) eingöngu er heimilt að breyta lánsamningnum eftir að lögbær yfirvöld hafa lýst því yfir að þau hreyfi ekki andmælum við breytingunni,
- verðbréf án tiltekins lánstíma og aðrir gerningar sem uppfylla eftirtalin skilyrði, þ.m.t. forgangshlutabréf önnur en sem um getur í fimmta undirlíð, allt að 50% af gjaldþoli sem öll slík verðbréf og víkjandi lán, sem um getur í fimmta undirlíð, mynda:
- a) óheimilt er að endurgreiða þau að frumkvæði handhafa eða án samþykkis lögbærs yfirvalds,
  - b) útgáfusamningurinn verður að gera líftryggingafélaginu kleift að fresta greiðslu á vöxtum af láninu,
  - c) skipa skal kröfum lánveitanda á hendur líftryggingafélaginu aftar öllum öðrum kröfum kröfuhafa sem ekki eru víkjandi,
  - d) í skjölunum, sem gilda um útgáfu verðbréfanna, skal kveðið á um að nota megi skuldir og ógreidda vexti til að mæta tapi á meðan líftryggingafélaginu er gert kleift að halda áfram starfsemi sinni,
  - e) aðeins er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir,
2. enn fremur, að því marki sem landslög heimila, ágóðasjóðir sem koma fram í efnahagsreikningi og nota má til að mæta tapi af hvaða orsökum sem er, hafi ekki þegar verið tekin ákvörðun um ráðstöfun þeirra til váttryggingataka,
3. samkvæmt rökstuddri umsókn félags til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem það hefur aðalskrifstofur sínar og að fengnu samþykki viðkomandi yfirvalds:
- a) upphæð sem nemur 50% af framtíðarhagnaði félagsins. Fjárhæð framtíðarhagnaðar fæst með því að margfalda áætlaðan árshagnað með þeim meðalárafrjöldi sem líftryggingaskírteini eiga eftir að vera í gildi; meðalárafrjöldinn má þó aldrei vera meiri en tíu. Áætlaður árshagnaður skal vera meðalhagnaður næstliðinna fimm fjárhagsára í þeirri starfsemi sem skráð er í 2. gr. þessarar tilskipunar.
- Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu, í samvinnu við framkvæmdastjórnina, gera með sér samkomulag sem skilgreinir grundvöll til að reikna þann margföldunarstuðul áætlaðs árlegs hagnaðar með og þá liði sem hagnaður skal taka til. Þar til slíkt samkomulag hefur verið gert skulu þessir liðir ákveðnir í samræmi við lög heimaaðildarríkisins.
- Þegar lögbær yfirvöld hafa skilgreint hugtakið „hagnaður“ skal framkvæmdastjórnin leggja fram tillögu um að samræma hugtakið innan ramma tilskipunar um samræmingu reglna um ársreikninga váttryggingafélaga og koma á þeirri samræmingu sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 78/660/EBE,
- b) ef Zillmer-aðferð er ekki beitt eða ef henni er beitt en miðað er við álag vegna sölukostnaðar sem er lægra en samsvarandi álag fólgið í iðgjöldum, mismunurinn á annars vegar líftryggingasjóði sem ekki er reiknaður samkvæmt Zillmer-aðferðinni eða reiknaður er að hluta samkvæmt Zillmer-aðferð og hins vegar líftryggingasjóði sem er reiknaður samkvæmt Zillmer-aðferð þar sem gengið er út frá álagi á iðgjöld sem samsvarar sölukostnaðinum; upphæðin má þó ekki fara yfir 3,5% af samanlögðum mismun á líftryggingafjárhæðum og líftryggingasjóðum vegna allra skírteina þar sem unnt er að nota Zillmer-aðferð; frá þeim mismun skal draga allan óafskrifaðan eignfærðan sölukostnað,
  - c) duldir sjóðir sem verða til vegna þess að eignir eru of lágt metnar eða skuldbindingar, aðrar en líftryggingasjóðir, eru of hátt metnar, séu slíkir duldir varasjóðir ekki óvenjulegs eðlis, og samþykki lögbær yfirvöld í hlutaðeigandi aðildarríkjum, þar sem líftryggingafélagið stundar starfsemi, að þeir séu teknir með við útreikning gjaldþols.

## B. Lágmarksgjaldþol

Með fyrirvara um C-lið skal lágmarksgjaldþol ákvarðað eins og hér greinir í samræmi við þá greinaflokka líftrygginga sem félagið tekur að sér.

- a) Þegar um er að ræða váttryggingar, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar, aðrar en váttryggingar tengdar fjárfestingarsjóðum og starfsemi, sem um getur í 3. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar, skal lágmarksgjaldþol nema samtölu eftirfarandi tveggja liða:

— fyrri niðurstaða:

margfalda skal hluta sem nemur 4% af líftryggingasjóðum, í frumtryggingarstarfsemi, án frádráttar á hlut endurtryggingjenda, og vegna móttækinnu endurtrygginga, með hlutfallinu milli samanlagðra líftryggingafjárhæða, að frádrögnum hlut endurtryggingjenda, og heildarlíftryggingafjárhæða eins og hlutfallið var á næstliðnu fjárhagsári eins og tilgreint er hér að framan. Þetta hlutfall má þó aldrei vera lægra en 85%,

— seinni niðurstaða:

margfalda skal hluta, sem nemur 0,3% af áhættufjárhæð líftrygginga sem líftryggingafélag hefur tekið að sér, þar sem áhættufjárhæðin er ekki neikvæð tala, með hlutfallinu milli samanlagðrar áhættufjárhæðar í eigin áhættu félagsins eftir endurtryggingu og endurtryggingu endurtryggingjenda og samanlagðrar áhættufjárhæðar án frádráttar endurtrygginga eins og það var á næstliðnu fjárhagsári; hlutfallið má þó aldrei vera lægra en 50%.

Þegar um er að ræða tímabundnar dánaráhættulíftryggingar, að hámarki til þriggja ára, skal reikna hluta sem nemur 0,1% af fjárhæðinni; séu líftryggingarnar til lengri tíma en þriggja ára en skemmri en fimm ára skal reikna hluta sem nemur 0,15% af fjárhæðinni.

- b) Þegar um er að ræða viðbótartryggingar þær sem um getur í c-lið 1. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar skal lágmarksgjaldþol vera jafnt niðurstöðu eftirfarandi útreiknings:

— leggja skal saman iðgjöld eða framlög allra fjárhagsára (þ.m.t. gjöld til viðbótar iðgjöldum eða framlögum) sem gjaldkræf voru á næstliðnu fjárhagsári vegna frumtryggingastarfsemi,

— þar við bætast iðgjöld fyrir allar móttæknar endurtryggingar á næstliðnu fjárhagsári,

— frá þessari samtölu skal draga heildarfjárhæð niðurfelldra iðgjalda eða framlaga á næstliðnu fjárhagsári sem og heildarfjárhæð skatta og álagðra gjalda sem innifalin eru í iðgjöldum eða framlögum sem fara í samtöluna.

Fjárhæðinni, sem þannig fæst, er skipt í tvo hluta, annar nemur allt að 10 milljón evrum og hinn því sem umfram er. Reiknuð eru út 18% af fyrri fjárhæðinni og 16% af þeirri síðari og fjárhæðirnar lagðar saman.

Niðurstöðuna skal fá með því að margfalda þá samtölu sem þannig er reiknuð út með hlutfalli næstliðins fjárhagsárs milli fjárhæðar tjóna líftryggingafélagsins, eftir að hlutur endurtryggingjenda hefur verið dreginn frá, og fjárhæðar heildartjóna. Þetta hlutfall má þó aldrei vera lægra en 50%.

Hvað varðar samtök váttryggingjenda sem þekktir eru undir nafninu Lloyd's skal gjaldþolið reiknað út á grundvelli hreinnu iðgjalda sem margfölduð eru með föstu hlutfalli sem lögbær yfirvöld í aðildarríki því sem aðalskrifstofa félagsins er ákveður árlega. Hlutfallið reiknast á grundvelli nýjustu tölfræðilegu upplýsinga um greidd umboðslaun. Öll gögn ásamt útreikningum sendist lögbærum yfirvöldum þeirra ríkja þar sem Lloyd's hefur starfsemi.

- c) Þegar um er að ræða varanlegar heilsutryggingar án uppsagnarréttar, sem getið er í d-lið 1. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar, og fjármögnunarstarfsemi, sem getið er í b-lið 2. mgr. 2. gr., skal gjaldþolið nema 4% af líftryggingasjóðum reiknað í samræmi við skilyrði sem kveðið er á um í fyrstu niðurstöðu í a-lið þessa liðar.
- d) Þegar um er að ræða erfðalífrentusjóði, sem um getur í a-lið 2. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar, skal lágmarksgjaldþol nema 1% af eignum þeirra.
- e) Þegar um er að ræða líftryggingar, skv. a- og b-lið 1. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar sem tengjast fjárfestingarsjóðum, og starfsemi, sem um getur í c-, d- og e-lið 2. mgr. 2. gr., skal lágmarksgjaldþol vera jafnt og:

— hluti sem nemur 4% af líftryggingasjóði sem reiknaður er út í samræmi við skilyrði sem kveðið er á um í fyrri niðurstöðu a-liðar þessa liðar beri líftryggingafélagið áhættu af fjárfestingu og hluti sem nemur 1% af sjóðnum, þannig reiknuðum, beri félagið enga áhættu af fjárfestingu enda gildi samningurinn lengur en fimm ár, og rekstrarkostnaði sem kveðið er á um í samningnum, sé dreift til lengri tíma en fimm ára, að viðbættum

— hluta sem nemur 0,3% af áhættufjárhæð sem reiknuð út er í samræmi við skilyrði sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein seinni niðurstöðu í a-lið þessa liðar að því marki sem starfsemi líftryggingafélagsins nær til dánaráhættulíftrygginga.

### C. Ábyrgðarsjóður

1. Ábyrgðarsjóður skal nema þriðjungi tilskilins gjaldþols eins og það er tilgreint í B-lið. Að öðru leyti en því sem í 2. mgr. þessa liðar segir skal a.m.k. 50% þessa sjóðs felast í liðum sem taldir eru upp í 1. og 2. mgr. A-liðar.
2. a) Ábyrgðarsjóður má þó ekki vera lægri en 800 000 evrur.
  - b) Aðildarríkjnum er heimilt að kveða á um lækkun á lágmarksábyrgðarsjóði niður í 600 000 evrur þegar um er að ræða gagnkvæm félög, hliðstæð félagsform eða erfðalífrentusjóði.
  - c) Aðildarríki er heimilt, þegar um er að ræða gagnkvæm félög sem getið er í öðrum málslið annars undirliðar 6. mgr. 3. gr. þessarar tilskipunar, um leið og þau falla undir tilskipun þessa sem og um erfðalífrentusjóði, að veita leyfi til þess að ábyrgðarsjóður nemi í upphafi 100 000 evrum en verði smám saman aukinn í það mark sem b-liður þessa liðar kveður á um, með 100 000 evrum fyrir hverjar 500 000 evrum sem framlög aukast um.
  - d) Lágmarksábyrgðarsjóðurinn, sem getið er í a-, b- og c-lið þessa liðar, skal samanstanda af þeim liðum sem taldir eru upp í 1. og 2. mgr. A-liðar.
3. Gagnkvæmum félögum, sem óska eftir að færa út starfsemi sína í skilningi 4. mgr. 6. gr. eða 40. gr. þessarar tilskipunar, er óheimilt að gera slíkt nema þau fari þegar í stað að þeim kröfum sem a- og b-liður 2. mgr. þessa liðar mæla fyrir um.

## V. VIÐAUKI

## A-HLUTI

**Niðurfelldar tilskipanir ásamt breytingum á þeim (sem um getur í 72. gr.)***Tilskipun ráðsins 79/267/EBE**Tilskipun ráðsins 90/619/EBE**Tilskipun ráðsins 92/96/EBE**Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EBE (eingöngu 1. gr. (annar undirliður), 2. gr. (fjórði undirliður 2. mgr.) og 3. gr. (1. mgr.) að því er varðar tilvísanir til tilskipunar 79/267/EBE)**Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/12/EB**Önnur tilskipun ráðsins 90/619/EBE**Þriðja tilskipun ráðsins 92/96/EBE**Þriðja tilskipun ráðsins 92/96/EBE**Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EBE (eingöngu 1. gr. (annar undirliður), 2. gr. (þriðji undirliður 1. mgr.), 4. gr. (1., 3. og 5. mgr.) og 5. gr. (þriðji undirliður) að því er varðar tilvísanir til tilskipunar 92/96/EBE)**Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB (2. gr. að því er varðar tilvísanir til tilskipunar 92/96/EBE)**Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/12/EB (2. gr.)*

## B-HLUTI

**Framkvæmdarfrestur****(sem um getur í 72. gr.)**

<i>Tilskipun</i>	<i>Frestur til lögleiðingar</i>	<i>Frestur til beitingar</i>
79/267/EBE (Stjttíð. EB L 63, 13. 3.1979, bls. 1)	15. september 1980	15. september 1981
90/619/EBE (Stjttíð. EB L 330, 29.11.1990, bls. 50)	20. nóvember 1992	20. maí 1993
92/96/EBE (Stjttíð. EB L 360, 9.12.1992, bls. 1)	31. desember 1993	1. júlí 1994
95/26/EB (Stjttíð. EB L 168, 18.7.1995, bls. 7)	18. júlí 1996	18. júlí 1996
2000/64/EB (Stjttíð. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27)	17. nóvember 2002	17. nóvember 2002
2002/12/EB (Stjttíð. EB L 77, 20.3.2002, bls. 11)	20. september 2003	1. janúar 2004

## VI. VIÐAUKI

## Samsvörunartafla

Pessi tilskipun	Tilskipun 79/267/EBE	Tilskipun 90/619/EBE	Tilskipun 92/96/EBE	Tilskipun 95/26/EB	Aðrar gerðir	
a-liður 1. mgr. 1. gr.			a-liður 1. gr.			
b-liður 1. mgr. 1. gr.		3. gr.	b-liður 1. gr.			
c-liður 1. mgr. 1. gr.		c-liður 2. gr.				
d-liður 1. mgr. 1. gr.			c-liður 1. gr.			
e-liður 1. mgr. 1. gr.			d-liður 1. gr.			
f-liður 1. mgr. 1. gr.			e-liður 1. gr.			
g-liður 1. mgr. 1. gr.		e-liður 2. gr.				
h- til l-liður 1. mgr. 1. gr.			f- til j-liður 1. gr.			
m-liður 1. mgr. 1. gr.						Nýtt
n-liður 1. mgr. 1. gr.			l-liður 1. gr.			
o-, p- og q-liður 1. mgr. 1. gr.	b-, c- og d-liður 5. gr.					
r-liður 1. mgr. 1. gr.				1. mgr. 2. gr.		
2. mgr. 1. gr.	Annar málsliður a-liðar 5. gr.					
2. gr.	1. gr.					
1.-4. mgr. 3. gr.	2. gr.					
5. og 6. mgr. 3. gr.	3. gr.					
7. mgr. 3. gr.	4. gr.					
8. mgr. 3. gr.					Lögin um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, aðlöguð með ákvörðun 95/1/EB, KBE, KSE	
4. gr.	6. gr.					

Þessi tilskipun	Tilskipun 79/267/EBE	Tilskipun 90/619/EBE	Tilskipun 92/96/EBE	Tilskipun 95/26/EB	Aðrar gerðir	
5. gr.	7. gr.					
1. mgr. 6. gr.	1. mgr. 8. gr.					
2. mgr. 6. gr.	Síðustu þrjár undirgreinar 1. mgr. 8. gr.					
3. mgr. 6. gr.	a-liður 1. mgr. 8. gr.					
4. mgr. 6. gr.	2. mgr. 8. gr.					
5. mgr. 6. gr.	3. mgr. 8. gr.					
6. mgr. 6. gr.	4. mgr. 8. gr.					
7. gr.	9. gr.					
8. gr.			7. gr.			
9. gr.	12. gr.					
10. gr.	15. gr.					
11. gr.	16. gr.					
12. gr.	1. mgr. 22. gr.					
13. gr.	23. gr.					
1.-5. mgr. 14. gr.			2.-6. mgr. 11. gr.			
15. gr.			14. gr.			
1.-5. mgr. 16. gr.			1.-5. mgr. 15. gr.			
6. mgr. 16. gr.			a-liður 5. mgr. 15. gr.			
7. mgr. 16. gr.			b-liður 5. mgr. 15. gr.			
8. mgr. 16. gr.			c-liður 5. mgr. 15. gr.			
9. mgr. 16. gr.			6. mgr. 15. gr.			
17. gr.			a-liður 15. gr.			
1. og 2. mgr. 18. gr.	1. og 2. mgr. 13. gr.					
3. mgr. 18. gr.						Nýtt

Þessi tilskipun	Tilskipun 79/267/EBE	Tilskipun 90/619/EBE	Tilskipun 92/96/EBE	Tilskipun 95/26/EB	Aðrar gerðir	
4.-7. mgr. 18. gr.	3.-7. mgr. 13. gr.					
19. gr.	14. gr.					
20. gr.	17. gr.					
21. gr.			19. gr.			
22. gr.			20. gr.			
1. mgr. 23. gr.			Fyrsta undirgrein 1. mgr. 21. gr.			
2. mgr. 23. gr.			Önnur undirgrein 1. mgr. 21. gr.			
Fyrsta undirgrein 3. mgr. 23. gr.			Þriðja undirgrein 1. mgr. 21. gr.			
Önnur undirgrein 3. mgr. 23. gr.			Fjórdá undirgrein 1. mgr. 21. gr.			
4. mgr. 23. gr.			2. mgr. 21. gr.			
24. gr.			22. gr.			
25. gr.			23. gr.			
26. gr.			24. gr.			
27. gr.	18. gr.					
28. gr.	19. gr.					
29. gr.	20. gr.					
30. gr.	20. gr. a					
31. gr.	21. gr.					
32. gr.		4. gr.				
33. gr.			28. gr.			
34. gr.			29. gr.			
35. gr.		15. gr.				
36. gr.			31. gr.			
37. gr.	24. gr.					
38. gr.	24. gr. a					
39. gr.	26. gr.					
40. gr.	10. gr.					

Þessi tilskipun	Tilskipun 79/267/EBE	Tilskipun 90/619/EBE	Tilskipun 92/96/EBE	Tilskipun 95/26/EB	Aðrar gerðir	
41. gr.		11. gr.				
42. gr.		14. gr.				
43. gr.		17. gr.				
44. gr.			38. gr.			
45. gr.			2. mgr. 39. gr.			
1.-9. mgr. 46. gr.			2.-10. mgr. 40. gr.			
47. gr.			41. gr.			
48. gr.			2. mgr. 42. gr.			
49. gr.			2. mgr. 43. gr.			
1. mgr. 50. gr.			Fyrsta undirgrein 2. mgr. 44. gr.			
2. mgr. 50. gr.			Önnur undirgrein 2. mgr. 44. gr.			
3. mgr. 50. gr.			Þriðja undirgrein 2. mgr. 44. gr.			
1. mgr. til f-liðar 2. mgr. 51. gr.	1. mgr. til f-liðar 2. mgr. 27. gr.					
g-liður 2. mgr. 51. gr.						Nýtt
3. og 4. mgr. 51. gr.						Nýtt
52. gr.	31. gr.					
53. gr.	31. gr. a					
54. gr.	28. gr.					
55. gr.	29. gr.					
56. gr.	30. gr.					
57. gr.	32. gr.					
58. gr.	32. gr. a					
1. mgr. 59. gr.	1. mgr. 32. gr. b					
2. mgr. 59. gr.	2. mgr. 32. gr. b					

Þessi tilskipun	Tilskipun 79/267/EBE	Tilskipun 90/619/EBE	Tilskipun 92/96/EBE	Tilskipun 95/26/EB	Aðrar gerðir	
3. mgr. 59. gr.	3. mgr. 32. gr. b					
4. mgr. 59. gr.	4. mgr. 32. gr. b					
5. mgr. 59. gr.	5. mgr. 32. gr. b					
6. mgr. 59. gr.	7. mgr. 32. gr. b					
1. mgr. 60. gr.	4. mgr. 33. gr.					
2. mgr. 60. gr.						Nýtt
61. gr.	37. gr.					
Fyrsta undirgrein 62. gr.	38. gr.	Fyrsta undirgrein 28. gr.				
Önnur til fjórða undirgrein 62. gr.		Önnur til fjórða undirgrein 28. gr.				
63. gr.		29. gr.				
64. gr.			47. gr.			
65. gr.			47. gr.			
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 66. gr.						Nýtt
Önnur undirgrein 1. mgr. 66. gr.			1. mgr. 48. gr.			
2. mgr. 66. gr.			2. mgr. 48. gr.			
67. gr.			50. gr.			
1. mgr. 68. gr.	1. mgr. 39. gr.					
2. mgr. 68. gr.	3. mgr. 39. gr.					
1. mgr. 69. gr.						Nýtt
2. mgr. 69. gr.					Fyrsta undirgrein 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2000/64/EB.	

Þessi tilskipun	Tilskipun 79/267/EBE	Tilskipun 90/619/EBE	Tilskipun 92/96/EBE	Tilskipun 95/26/EB	Aðrar gerðir	
3. mgr. 69. gr.					Fyrsta undirgrein 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/12/EB og 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2000/64/EB	
4. mgr. 69. gr.					Önnur undirgrein 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2000/64/EB og önnur undirgrein 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/12/EB	
5. mgr. 69. gr.					4. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/12/EB	
70. gr.	41. gr.	31. gr.	2. mgr. 51. gr.	2. mgr. 6. gr.	2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2000/64/EB og 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/12/EB	
71. gr.					2. gr. tilskipunar 2002/12/EB	
72. gr.						
73. gr.						
74. gr.						
I. viðauki	Viðauki					
II. viðauki			I. viðauki			
III. viðauki			II. viðauki			
IV. viðauki						
V. viðauki						
VI. viðauki						